

Að vera frjáls manneskja, hver vill það ekki?

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

„ Guð sagði: Vér viljum gjöra manninn eftir vorri mynd, líkan oss, og hann skal drottna yfir fiskum sjávarins og yfir fuglum loftans og yfir fénaðinum og yfir villidýrunum og yfir öllum skriðkvikindum, sem skríða á jörðinni. Og Guð skapaði manninn eftir sinni mynd, hann skapaði hann eftir Guðs mynd, hann skapaði þau karl og konu. Og Guð blessaði þau, og Guð sagði við þau: Verið frjósöm, margfaldist og uppfyllið jörðina og gjörið ykkur hana undirgefna og drottnið yfir fiskum sjávarins og yfir fuglum loftans og yfir öllum dýrum, sem hrærast á jörðinni. „ (1Mós 1:26-28)

Fram kemur í ritningarversinu að Drottinn hafi skapaði manninn í sinni mynd. Á öðrum stað segir að Guð hafi litið yfir verk sitt og séð og líka viðurkennt að það væri harla gott. Guð skapari var ánægður með endanlega útkomu. Maðurinn sjálfur sé því ánægður með eigið útlit. Það er vilji lifandi Guðs. Og hver vill deila við Guð?

Guð vill að maðurinn sé frjáls til að gera hvað sem hann sjálfur velur. Einnig er skýlaus vilji Guðs að maðurinn sé sáttur og sæll þar sem hann er niðurkominn hverju sinni sem þó einvörðungu er gerlegt sé hann að fullu frjáls og haldandi á sannleikanum. Guð leggur engar byrðar á fólk en áskilur sér rétt til að kenna fólk sína lexíu sem hver einstaklingur fyrir sig velur hvort hann taki við eða afgreiði sem ónýta sem gildi ekki fyrir sig. Guð fylgist með fólk og veit hvað hver aðhefst og hvað bærast í hjartanu. Ekki af stjórnsemi heldur til að grípa inn í atburðarrás áður en allt fer í klessu.

Frelsið sem Guð vill að maðurinn tileinki sér er ekki sömu viðmið og gilda í heiminum þar sem hver olnbogar sig framfyrir hinn. Oft með frekju og yfirgangi. Frelsið er vandmeðfarið og bíður fólk ekki að stunda hvaða afbrigðilega lífsmáta sem maðurinn sjálfur kys sér. Slíkt er ekkert frelsi heldur bindingar og helsi með sinni óhamingju sem hvolfist yfir menn og konur þegar upp er staðið og ballið búið. Menn uppskera eins og þeir sá og er óumbreytanlegt lögmál sem gengur með og í lífinu.

Frelsið sem hér er kallað til sögunar og það frelsi sem Guð útbýr og líka vill að maðurinn lifi í og búi við gerir mönnum kleyft að vera þeir sjálfir og sáttir við til að mynda útlit sitt og getu til að vinna verkin án þess að lifa í minnimáttarkennd, eins og algengt er að fólk geri að einhverju marki á tímum fullkomunar þar sem helst engin mistök eru leyfð og allt svoleiðis litið alvarlegum augum og málið í versta falli útkljáð með starfslokasamningi og uppsagnafresturinn greiddur til að losna sem fyrst við manninn út. Svo mikið liggur á. Þetta kallar á stress sem öndvert fæðir ýmislegt fram hjá manneskjunn sem eykur hættuna á frekari handvömm og óvönduðum vinnubrögðum. Svo kemur þögnin og yfirhlymingin og sannleikurinn byrjar að hoga og vera afgangsstærð.

Jafnvel vel launaður forstjóri í eftirsótttri stöðu virts fyrirtækis upplifir sig ekki alltaf frjálsan með kröfur á sér sem erfitt getur reynst fyrir hann að standa undir í starfinu. Og þegar illa gengur beinast öll spjót að honum. Slíkur maður er vansæll og fráleitt frjáls. Vel rekið fyrirtæki er það sem bíður fólkinn að hafa eitthvað um málin að segja til að það finni og upplifi að það sé einhvers metið á sínum vinnustað. Margt annað kemur í kjölfarið á svoleiðis stefnu fyrirtækis sem það hagnast á og fyrirtækinu helst betur á mannskap. Sem útaf fyrir sig eru mikil verðmæti.

Frelsið er mannum sem sagt eðlislægt. Hann vill að bæði verk hans og hann sjálfur sé metinn að verðleikum. Kæruleysi er annað og er bara í sjálfu sér synd.

Engin er fullkominn og enginn ætti heldur að biðja um fullkominn mann. Maður með slíkar kröfur mun alltaf verða fyrir vonbrigðum. Starfsauglýsingar og annað benda oft til slíkrar leitar atvinnurekanda. Aðeins einn fullkominn maður hefur gengið um á þessari jörð Jesús Kristur. Betra

væri að fara fram á að starfsmaður geri ávallt sitt besta og sitt til að framleiðni firmans sé ávallt eins góð og mögulegt er á hverjum tíma. Fram á slíkt er hægt að fara við fólk. Á þó ekkert sammerkt með fullkomleika.

Allt fólk vill lifa við frelsi þar sem það er. Í frelsinu eru menn glaðir og allt verður miklu auðveldara og léttara þar sem andrúmsloftið og umhverfi mannsins er frjálst. Í frelsinu margfaldast afköstin. Að ekki sé talað um þegar manneskjan fær hjarta fyrir því sem hún starfar við og hjartað slær með vinnustaðnum. Með rétttri og góðri framkomu má vænta slíks.

En er þessi krafa mannsins um frelsi sér til handa réttmæt og er það yfirleitt gerlegt fyrir eina manneskju að vera eins og hún er og þar sem hún er með alla sína kosti og alla sína galla og allt þar á milli rekandi upp sína hrossahlátra hvenær sem henni finnst eitthvað vera fyndið án þess að vera dæmd af þeim sem heyrðu? - svo eitthvað sé nefnt inn í þetta umræðuefni.

Málið er sem sjá má snúið sem margt er um að segja.

Erfitt getur verið að vera bara maður sjálfur í þessari grímuveröld sem við lifum og hrærumst í. Og hvað er grímuveröld? Hún verður til er menn og konur ganga ekki lengur á Guðs vegi og gera hégómann og hégómlega hluti að sérstöku tákni fyrir sig. Og þar er sko farið í manngreinaralit og menn og konur vegið og metið samkvæmt stuðlum sem menn hafa sjálfir búið til og vilja starfa eftir. Hæfileikar? Kannski. Frelsi? Ekki til að ræða um. Allt skal steypast í sama mótinu. Nú á tímum er þetta viðkvæðið í of mörgum tilvikum. Búin er til heildarmynd á hópinn sem samanstendur af einstaklingum, sköpun Guðs, án þess að þeir raunverulega hafi neitt um málið að segja. Og með límt bros á andlitinu og tilbúið göngulag og vaggandi mjöðmum er stormað fram sem þó gefur engar vísbendingar um raunverulega líðan manneskjunnar eða hvort hún sé glöð eða hrygg. Uppsett gríman er málið og það sem forsvarsmennirnir gera kröfu um að sjáist. Allt partur af prógramminu. Heildarsvipurinn býr til ákveðna stemmningu í sætaröðunum og birtist áhorfendum í svo og svo mörgum einstaklingum sem ganga vaggandi fram sviðið sínum æfðu og fyrirfram búnu skrefum. Hér er frelsi einstaklingsins fótum troðin og „ glæsileikinn „ alsráðandi. Hann er málið á svona stað.

Maðurinn er ekki frjálst í sínum synduga heimi en verður það undireins og Jesús kemst að og getur byrjað að vinna með manninn. Jesús virðir einstaklinginn fullkomlega og veit vel hvað í hverjum manni býr. Þetta er mikilvægt en fæst bara í Drottni. Jesús er einstakur:

„ En felmtur kom á hann og alla þá, sem með honum voru, vegna fiskaflans, er þeir höfðu fengið. Eins var um Jakob og Jóhannes Sebedeussyni, féлага Símonar. Jesús sagði þá við Símon: Óttast þú ekki, héðan í frá skalt þú menn veiða. Og þeir lögðu bátunum að landi, yfirgáfu allt og fylgdu honum. „ (Lúk 5:9-11)

Jesús veit í hvað hann getur notað einstaklinginn og kallar hvern og einn til sinna sérstöku starfa sem maðurinn mun verða ánægður með að gegna. Fiskimennirnir sem ritningarverskið greinir frá voru ekki lengur venjulegir fiskimenn. Köllun þeirra var eftirleidis sú að veiða menn í net Jesús. En Jesús er umfram allt góður sem og sést á því að hann bíður þessum reyndu og duglegu fiskimönnunum að leggja net sín aftur eftir að þeir höfðu stritað alla nóttina án þess að fá ugga. Og þeir hlýddu boði mannsins og fengu að launum mikinn fjölda fiska sem ekki bara nægði til að fylla þeirra bát heldur einnig annan bát sem nálægur var og þeir gátu hóað í.

Allir sitja við sama borð hjá Jesús og upplifa sig fullkomlega frjálsta til að vera eins og Guð skapaði þá. Í Jesús er engrar grímu þörf. Í Jesús mega menn gráta. Þeir mega hlæja. Sýna tilfinningar. Tala um sín vandamál. Uppljósta eigin getuleysi til að leysa úr jafnvel einföldustu viðfangsefnum án þess að eiga á hættu að ill tunga grípi ummælin á lofti og flytji áfram og Gróa á Leiti komist í feitt og hlaupi af stað.

Frelsið fæst í Jesús einum. Hann einn hefur nógan kærleika til að halda utan um manninn og sjá fólkið eins og það er með öllum sínum brestum og göllum:

„ Orðið sem kom til Jeremía frá Drottni, eftir að Sedekía konungur hafði gjört sáttmála við allan lýðinn í Jerúsalem um að boðað skyldi frelsi: Hver maður skyldi gefa frjálstan þræl sinn og ambátt sína, ef þau væru hebreskur maður og hebresk kona, svo að enginn Júdamaður hefði ættbræður sína að þrælum. Og allir höfðingjarnir hlýddu því og allur lýðurinn, þeir er gengist höfðu undir sáttmálann, að hver skyldi gefa frjálstan þræl sinn og ambátt sína, svo að hann hefði þau eigi framar að þrælum. Þeir hlýddu og gáfu þau frjáls. En seinna sóttu þeir aftur þrælana og ambáttirnar, er þeir höfðu gefið frjáls, og gjörðu þau að ánauðugum þrælum og ambáttum. „ (Jer 34:8-11)

Ef við horfum til tískuheimsins og uppstillinganna þar sjáum við að þessi heimur rænir mörgum manninum og konunni frelsinu í þá líkamlegu tilliti. Einkum þeim sem standa utan við sviðið. Tískuheimurinn kallar eftir leggjalöngu og grönnu fólki sem fer vel á vigt. Fólkinu er kennt ákveðið göngulag og framkoma sem æfð er og hentar sýningum og því sem fram fer á sviðinu innanum alla heildsalana og hugsanlega framleiðendum varanna sem verið er að sýna. Þessu marki ná ekki allir og aðrir hafa enga möguleika á að komast þarna að, hvorki nú eða síðar. Líkamsbyggingin er ekki rétt. Gildvaxnar litlar og kannski í ofanálag hjólbeinóttar ungar stúlkur, nú eða ungir menn, ná ekki settu marki þarna nema hugsanlega að ganga fyrst í sjálfa sig og megrast og púla í líkamsræktinni og breyta útliti sínu sem næst því sem þessir tískufrömuðir heimsins fara fram á við sitt fólk og umhverfi fólksins sumpart kallar eftir. Manneskjan fær ekki að vera það sem hún er heldur hafa aðrir ákveðið í hvaða farvegi útlit hennar og líf skal vera. Líkami manna og kvenna er mældur út og hann veinn og metinn af fólki sem þar ræður ferðinni. Málning hér. Örlítill augnskuggi þar. Naglalakk í réttum litum sem aðrir hafa jafnvel valið og gefið ráð um. Þið vitið - litgreining. Hárgreiðsla og klipping í takt við hitt sem komið er. Allt er metið út frá gefnum stöðlum sem ákveðið fólk hefur búið sér til og vill að gildi. Vel þekkt í tískuheiminum.

Hér er kominn upp staða sem gerir fjölmörgum krökkum og ungu fólki gríðarlega erfitt um vik. Fyrirmyndirnar liggja oft til að mynda í þessum stúlkum, með allri virðingu, sem stíga fram og nefnast sýningardömur. Að ekki sé talað um þær sem skara framúr og ná miklum árangri á þessu sviði fyrir þokka, sem er bara Guðs gjöf og ber að fara með og meðhöndla sem gjöf Guðs. Ekkert meira og heldur ekkert minna.

Stúlkur sem fjallað er um í pressunni í annað hvort sjónvarpi eða í tímaritum og blöðum verða átrúnaðargoð unglunga sem þrá að verða eins og sitt goð er. Vel þekkt í mannheimum. Nú er komið upp vandamál hjá holdugu ungu stúlkunni sem raðar daglega í sig gotterí - oft stjórnaust – sem fylgist spennt með sínu goði og veit jafnvel allt um það. En spegillinn segir henni sannleikann umbúðalaust og er líka miskunnarlaus. Á þessum stað leggjast sumar ungar stúlkur, og einnig piltar, í þunglyndi og sjálfsmeðaumkun sem getur í framhaldinu leitt til þess að þetta fólk hverfi alveg yfir á hinn vænginn og byrji að megra sig meira en góðu hófi gegnir og bíða jafnvel varanlegt tjón á heilsu sinni. Allt vegna hégóma og eftirsóknar eftir vindi. Við erum hér að tala um átröskun sem er tíðari en menn halda í dag. Átröskunarsjúklingur er blindur á eigið útlit og finnst hann sífellt vera að fitna þótt skinn og bein mæti honum fyrir framan spegilinn. Skelfilegt.

Er þetta að lifa frjálsum, heilbrigðu lífi?

Menn hljóta að svara spurningunni neitandi.

Allir hafa sinn sérstaka þokka og sitt sérstaka aðdráttarafl. Maður er manns gaman. Allir eru í þessum flokki. Hann tilheyrir enda manneskjum. Allir eiga einhvern að. Allir geta fylgt einhverjum og glatt einhvern. Líka sá feiti eða sú feita, hjólbeinótti/a og freknótti/a sem liðlangan daginn minnir

sjálfa/n sig á hversu óánægð/ur hún er með þetta eða hitt í útliti sínu. Og svo er málað og örlitlu meira bætt við.

En hvað sagði skaparinn?

„Sjá, það er harla gott. „

Og

„**Vér viljum gjöra manninn eftir vorri mynd, líkan oss.** „ Frábært. Guð er góður.

Engu er við sköpun Guðs að bæta. Maðurinn sé því harla glaður og láti engan ræna henni frá sér. Getur hann enda gert margt og allir vegir eru færir í Jesús. Jesús er betri heldur en gyðjan sem gengur sínu vaggandi göngulagi eftir sviðinu íklædd sýningarfatnaði eða poppgoðið sem þenur raddbönd og brjóstkassa undir svellandi og framsæknum orgelleik og öðrum hljóðfærum.

Vandamálið, ef vandamál skyldi kalla, er að líkamsbygging sumra er með þeim hætti að tískan sækist ekki eftir henni til að mynda og klæða og sýna á sýningum fyrir nýjustu vetrar- eða sumartískuna og er bara eitthvað sem þetta fólk sem þannig er vaxið verður að læra að setta sig við og sjá sína möguleika á öðrum sviðum. Allir fá sinn séns. Allir finni sína eigin hillu í lífinu

Ungir menn og ungar konur, já fólk á öllum aldri reyndar, fara í spegilinn og komast að þeirri oft röngu niðurstöðu að líkami þeirra sé allt of holdugur. Maginn stendur út í skyrtuna og orsakar að tala er við að slitna af. Svo strekkt er tauið utan um mikla ístruna. Og minnimáttarkenndin fær sitt eldsneyti og mótörinn fer í gang. Á svoleiðis augnblikum grípur margt veiklundað ungt fólk til óyndisúrræðna. Og nú erum við aftur kominn að átröskuninni sem er ein af þessum veikum sem lækna og sálfræðingar glíma við í dag bæði meðal drengja og stúlkna og er eins og versta fíkn sem grípur alkahól- fíkniefnaneytandann og spilafíkillinn og aðra sem glíma á vígstöðvum fíknarinnar. Margir látast af völdum átröskunar og er þetta fólk þá orðið að gangandi beinagrindum. Hvorki vigtin né spegilmyndin fá sannfært þetta fólk um að eitthvað alvarlegt sé á ferðinni. Slík er blekkingin.

Þetta er hræðilegt ástand. Allt fyrir þær sakir að búið er að búa til ímynd sem unga fólkið horfir til og eðli málsins samkvæmt þráir að líkjast. Þetta segir okkur að fólk vill eiga sína eigin ímynd til að fylgja. Allir vilja vera fallegir og líta út eins og þessi eða hin en sjá þá ekki fegurðina í sér sjálfum sem þó blasir við í speglinum. Myndin sem sést er ekki nógu góð og þessar feitu kinnar eru eitthvað sem manneskjunnú list ekki nógu vel á. Og til verður vandlætning á eigin stöðu sem í versta falli fær manneskjuna til að dragast með veggjum og ganga um niðurlúta og beygða. Sjálf sannfærð um að útlitið vekir hlátur fólks sem hún mætir og sem allir hljóti að horfa á.

„ Sjá þetta stóra nef. Þessa framstæðu höku, skúffukjaft. Þessi útstæðu eyru. Þennan holduga rass. Stóru eyru. Hræðilegu augabrýr. Og svo eru augun í mér ljót. „ - Svona er haldið áfram út í hið óendanlega og niðurbrotinu haldið áfram uns eitthvað í sálartetrinu brestur. Og stundum bæta aðrir gráu ofan í svart hjá niðurbrotsfólkinu með meinlegum athugasemdum um útlitið og að viðkomandi geti aldrei gert neitt rétt sem keyrir viðkomandi manneskju enn meira niður sem að lokum verður sjálf sannfærð um að ekkert gott búi í sér og að hún/hann sé ljót/ur og ljótari en fólk almennt er og óhæf til sérhvers góðs verks. Og alveg sérstakur klaufi til verka. Sem vitaskuld er rangt. Allir gera margt vel. Engin getur gert allt. Nema sá sem trúir og þá í Jesús nafni. En það er annað mál.

Lifir slíkur einstaklingur sínu eigin lífi? Allir sjá að svo er ekki. Hann er rígbundinn af álitum annarra og býr sér sjálfur til fullt af skoðunum sem hann eignar svo öðrum varðandi sig sjálfa/n.

„ Allt er mér falið af föður mínum, og enginn þekkir soninn nema faðirinn, né þekkir nokkur föðurinn nema sonurinn og sá er sonurinn vill opinbera hann. Komið til mín, allir þér sem erfiði hafið og þungar byrðar, og ég mun veita yður hvíld. Takið á yður mitt ok og lærið af mér, því að ég er hógvær og af hjarta lítillátur, og þá munuð þér finna hvíld sálum yðar. Því að mitt ok er ljúft og byrði mín létt. „ (Matt 11:27-30)

Maður eða kona sem vill eignast frelsi og fá djörfung til að stíga fram án grímunnar sem hún kannski hefur borið meginhluta ævi sinnar heyrir Guðs Orð og taki mark á því. Eina fyrirmyndin sem mannum er gefin er Jesús Kristur og þjónar hans sem starfa að útbreiðslu Orðsins af heilu og hreinu hjarta í dag. Jesús tekur þér eins og þú ert og kennir þér að sættast við þig sjálfa/n. Þú ert ekki það sem menn segja þig vera heldur það sem Jesús segir um þig.

Og hvað sér Jesús? Undursamlega skapaða manneskju sem hann vill nota til sérstakra verkefna sem engin annar/önnur getur unnið betur heldur en þú. Og í skjóli slíks sannleika er ófært að brjóta sig lengur niður og vera óánægð/ur með eigið útlit. Slíkt tal er komið beint úr gini óvinnarins. Og Biblían kennir að hann sé lygari og fari að eðli sínu er hann lygur.

Drottinn er nærri. Hann veit um sársaukann. Veit um hugarvílið. Veit um öll orðin sem menn og konur hafa talað til þín sem særðu þig svo mjög. Hann vill lækna meinið. Bera smyrsl á sárin og vera þér þessi kærleiksríki Faðir sem elskar og sér ekki eftir neinu. Hann bendir þér á möguleikana og sér bara hjarta framtíð fylltri með von og gleði. Heimurinn hefur ekkert að gefa. Hann er ein allsherjar talsýn og neónljós sem einn daginn slokknar á. Þitt er valið. Um þitt líf er að tefla. Mundu! Jesús elskar þig. Guð blessi þig og allt þitt fólk.

Að vera undirgefin yfirvöldum.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Kristinn maður sem tekur trú sína alvarlega lítur vilja Guðs í einu og öllu. Hann afneitar sjálfum sér, tekur kross sinn og fylgir Kristi þangað sem hann er að fara. Hann hlýðir Orðinu. Þetta er skýlaus vilji Jesús Krists með sitt fólk. Jesús veit hvað hann syngur og hvert hann stefnir með sitt fólk. Hann tekur ekki við gagnrýni og aðfinnslum manna. Jesús virðir þá og elskar þá en skoðanir þeirra getur hann ekki notað í sinni vinnu. Annaðhvort fylgja þeir honum eða ekki. Einfalt og endanlegt. Þessu verður ekki breytt. Öll eftirgjöf og útþynning á Orði Guðs leiðir inn ógæfu og Guð forði okkur frá slíkum ólukku vinnubrögðum.

Vitað er að maðurinn sér ekki lengra en nef hans nær og heldur ekki hvað morgunndagurinn ber með sér né það sem við tekur á næstu mínútum. Þótt leiða megi líkum að ýmsu er alls ekki víst að svo verði. Óvæntu atvikin í lífinu eru þar besta vitnisburðurinn. Er maðurinn enda takmörkunum háður og sér raunverulega ekki annað en það sem við honum blasir hér og nú og það sem hann heyrir í núinu. Allt annað er mannum í raun ráðgáta, þótt yndislegur sé og fegursta sköpun Guðs:

„ Sérhver maður hlýði þeim yfirvöldum, sem hann er undirgefinn. Því ekki er neitt yfirvald til nema frá Guði, og þau sem til eru, þau eru skipuð af Guði. Sá sem veitir yfirvöldunum mótstöðu, hann veitir Guðs tilskipun mótstöðu, og þeir sem veita mótstöðu munu fá dóm sinn. Sá sem vinnur góð verk þarf ekki að óttast valdsmennina, heldur sá sem vinnur vond verk. En viljir þú eigi þurfa að óttast yfirvöldin, þá gjör það sem gott er, og muntu fá lofstír af þeim. Því að þau eru þjónn Guðs þér til góðs. En ef þú gjörir það sem illt er, þá skaltu óttast. Yfirvöldin bera ekki sverðið ófyrirsynju, þau eru Guðs þjónn, hegnari til refsingar þeim er aðhefst hið illa. Þess vegna er nauðsynlegt að hlýðnast, ekki einungis vegna hegningarinnar, heldur og vegna samviskunnar. Einmitt þess vegna gjaldið þér og skatta, því að valdsmennirnir eru Guðs þjónar, sem annast þetta. " (Róm 13:1-6)

Hér kemur fram skír vilji Guðs hvað stuðning manna við ríkjandi valdhafa áhrærir. Guð sjálfur hefur sett þau hvert fyrir sig til valda „manninum til góðs. „ Stuðningur mannsins og góð samvinna hans við stjórnvöld er Guðs vilji. Munum það. Guðs vilji. Stjórnvöldum landa er gefið vald frá Guði sem þau bæði geta beitt til refsingar þeim sem breyta illa og lofs þeim sem vel gera. Stjórnvöldum er ætlað sérstakt hlutverk á jörðinni og ber að leiða hjörðina um réttan veg og annast hana. Að þau fái gert skildu sína í friði og í visku er bænarefni. Sannleikurinn er að margir menn vilja og reyna að þvælast fyrir stjórnvöldum.

En gengur þessi vilji og stuðningur manna við valdhafa í gegnum allt og eiga þeir þá bara að setta sig hvað lög og yfirlýsingar sem þaðan berast?

Svarið við þeirri spurningu er bæði já og nei. Já við atriðum sem þaðan koma nema einu. Og þar verða menn að draga sína markalínu sem kristnir menn. Einnig samkvæmt vilja Drottins. Takið eftir því. Vilji Drottins ræður sem fyrr.

Til að sjá þetta betur er best að taka fram Biblíuna sína, fletta í henni og skoða málið og sjá sjálf/ur hvað við er átt. Og þar lesum við:

„ Þegar þeir voru komnir með þá, leiddu þeir þá fram fyrir ráðið, og æðsti presturinn tók að yfirheyra þá og sagði: Stranglega bönnuðum vér yður að kenna í þessu nafni, og nú hafið þér fyllt Jerúsalem með kenningu yðar og viljið steypa yfir oss blóði þessa manns. En Pétur og hinir postularnir svöruðu: Framar ber að hlýða Guði en mönnum. Guð feðra vorra hefur upp vakið Jesú, sem þér hengduð á tré og tókuð af lífi. Hann hefur Guð hafið sér til hægri handar og gjört hann að foringja og frelsara til að veita Ísrael afturhvarf og fyrirgefningu synda sinna. Vér erum vottar alls þessa, og heilagur andi, sem Guð hefur gefið þeim, er honum hlýða. „ (Post 5:27-32)

Lærisveina Drottins standa frami fyrir mönnum sem hafa tekið þá höndum og fært fyrir yfirvöld sem meina þeim að boða Jesús og hóta harðræði haldi þér áfram á sömu braut. Lærisveinarnir eru á annan stað sannfærðir um að Jesús sé upprisinn og muna eftir Orðunum sem hann sagði við þá um það bil sem hann steig upp til himins til að setjast við hægri hönd Föðurins og skýið haldi hann.

„ Hann sagði við þá: Farið út um allan heim, og prédikið fagnaðarerindið öllu mannkyni. Sá sem trúir og skírist, mun hólpinn verða, en sá sem trúir ekki, mun fyrirdæmdur verða. En þessi tákn munu fylgja þeim, er trúá: Í mínu nafni munu þeir reka út illa anda, tala nýjum tungum, taka upp höggorma, og þó að þeir drekki eitthvað banvænt, mun þeim ekki verða meint af. Yfir sjúka munu þeir leggja hendur, og þeir verða heilir. „ (Mark 16:15-18)

Við vitum að stöðugt er verið að þrengja að þessari boðun og hefur sumum skólum verið lokað fyrir henni og mönnum jafnvel meinað að koma þangað inn til að tala hið heilnæma og lífgefandi Orð Guðs. Slík framkoma skólayfirvalda - samkvæmt vilja Guðs – takið eftir því - er ekki ásættanleg. Hér gilda raunverulega orð Péturs og hinna sem segja að framar beri að hlýða Guði en mönnum. Að þurfa að semja við einstök skólayfirvöld um jafn sjálfsagðan hlut og að gefa Nýja testamentið til tíu ára barna á ekki að ljá máls á. Löng og farsæl hefð er fyrir þessum gjöfum Gídeonfélagsins sem hefur sinnt þessu um áratugaskeið og er gríðarleg blessun fyrir þessa þjóð. En árið 2007 komu einmitt slík tilvik upp. Mönnum ber að koma inn um aðaldir bygginga sem þeir eru sendir inn í í Jesús nafni. Sjálfsagt er að biðja skólastjóra leyfis. Vilji menn ekki taka við þessum lærisveinum Drottins ber þeim að stíga út fyrir, hrista dustið af fótum sér þeim til handa en tilkynna jafnframt að Guðsríkið sé í nánd. Og þessi skilaboð eru kominn áleiðis og er Guðs Orð og við vitum að Guðs Orð kemur ekki tómt til baka heldur festist við þá sem heyra og skrifa inn í hjartað og byrja að vinna sitt verk. Gerum aldrei lítið úr mætti Guðs Orðs.

Lærisveinum Jesús ber ekki og þurfa heldur ekki að semja við einn né neinn. Jesús sagði: „Fylg þú mér. „ Sumir þekktust boð hans og héldu á eftir honum, aðrir sátu kyrrir þar sem þeir voru niðurkomnir án þess þó að ákvörðun manna einna og sér hægði neitt á honum. Hann var og er á ákveðinni leið. Þeir sem vilja mega fylgja honum á sinni vegferð. Þeirra er valið. Þannig starfar Jesús og þannig ber okkur, lærisveinum hans, líka að starfa í dag. Á hans forsendum. Á hans skilyrðum. Og þetta er mikilvægt að átta sig á:

„ **Stranglega bönnuðum vér yður að kenna í þessu nafni.** „ Yfirvaldið talar til Péturs og hinna sem með honum voru og Pétur kemur fram með magnaða yfirlýsingu sem við lásum áðan í Postulasöggunni.

Yfirvöldin á staðnum hefðu vissulega geta tekið þá í karphúsið fyrir þessi orð mannsins og gert þeim lífið verulega leitt. Orð Péturs hefðu hugsanlega getað kostað þá lífið. Valdið var allt hjá þessum mönnum í hinu veraldlega - yfirvaldinu. En lærisveinarnar voru skuldbundnir honum sem fyrirgefur syndir og gefur eilíft líf og hans orðum bar þeim að fylgja. Líka við ægilegustu aðstæður. Þeir gerðu sér orðið grein fyrir að Orðið varð að ganga út. Vissu að Orðið mátti ekki þagna. Vissu að Orðið yrði ekki stöðvað og að Drottin myndi vera með þeim í boðun Orðsins fyrst og fremst fyrir þær sakir að Orðið eitt leysir fólkið undan byrðum syndar og dauða. Vissu að stuðningur við yfirvöld var fyrirskipaður nema þegar þau vildu hindra útbreiðslu Orðsins. Þar bar þeim að draga markalínuna. Aðrar stjórnvaldsaðgerðir og tilskipanir bar og ber þeim að styðja. Enda byggðar á eðlilegum grunni til að stuðla að heilbrigðu lífi einnar þjóðar. Þarna dregur Orðið sjálft sína línu og við, lærisveinar Jesús, fylgjum Orðinu.

Einu má ekki gleyma um stjórnvöld og skyldum hinna kristnu, sem er lykilatriði málsins, að þeim ber skilda til að biðja fyrir stjórnvöldum og vinna jafnframt góð verk í þágu samborgaranna og samfélagsins í heild. Þannig hefst nafn Drottins upp í samfélaginu og dýrð Drottins og blessun er yfir. Þá munum við fá lofstír af yfirvaldinu samkvæmt vilja og ákvörðun lifandi Guðs:

„ **En Ananías æðsti prestur skipaði þeim, er hjá stóðu, að ljósta hann á munninn. Þá sagði Páll við hann: Guð mun ljósta þig, kalkaði veggur. Hér situr þú til að dæma mig samkvæmt lögmálinu og skipar þó þvert ofan í lögmálið að slá mig. Þeir, sem hjá stóðu sögðu: Smánar þú æðsta prest Guðs? Páll svaraði: Ekki vissi ég, bræður, að hann væri æðsti prestur, því ritað er: Þú skalt ekki illmæla höfðingja lýðs þíns. „ (Post 23:2-5)**

Páll vissi vilja Guðs gagnvart yfirvaldinu og biðst raunverulega afsökunar á orðbragði sínu og viðurkennir mistök sín sem þá fólst í kjaftbrúki hans. Takið eftir því að Pál var slegin í andlitið samkvæmt skipun yfirvaldsins á staðnum en sagði samt það sem hann sagði þrátt fyrir að hafa fengið áann. Sem er athyglisvert og bendir ótvírætt á trú hans á Jesús sem talar skírt til sinna manna. „ **Ekki vissi ég, bræður, að hann væri æðsti prestur, því ritað er: Þú skalt ekki illmæla höfðingja lýðs þíns.** „ Páll vitnar í Orðið og Orðið vegur þyngra hjá honum heldur en hans eigið skinn. Með öðrum orðum! Páll er dáinn eigin holdi og framgengur í vilja Drottins. Hann gerir sér ljóst að vilji Drottins er betri en sinn eigin vilji.

Kristnir menn gegna miklu hlutverki í heildarmyndinni. Bænir þeirra hafa burði til að halda stjórnvöldum réttu megin við strikið ásamt háttvirtu Alþingi, löggjafarsamkundunni, dómstólum og öðrum mikilvægum og valdamiklum stofnunum í þessu landi sem fá afgreitt mál manna í gegnum gildandi lög.

Stjórnvöld sem hlúa að og blessa boðunina en leggja ekki steina í götu hennar hafa velvilja Drottins og marga menn og konur með sér sem biðja fyrir þeim og greiða götuna eins og þeim er frekast kostur gegnum bænina vitandi sem er að bænin ryður braut. Að hafa slíkan velvilja og slíkan stuðning „leynihersins“ í bæjum og borgum hringinn í kringum landið er stjórnvöldum mikilvægara heldur en hellingur af atkvæðum. Jafn brokkeng og þau eru og sveiflukennd. Með allri virðingu.

Hrópin af götunni mega ekki og geta ekki stjórnað ákvörðunum sem teknar eru á háttvirtu Alþingi né í húsi ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Sjálfsgagt er að hlusta og virða rétt almennings til að mótmæla. Svo fremi að þau séu haldin innan marka velsæmis og ógni ekki lífi og limum fólks. Lýðræðið biður fólki að láta að sér kveða á fjöldasamkomum og Ísland er lýðræðisríki.

Munum samt og gerum okkur ljóst, við vorum að lesa það í Orðu Guðs, að mótmæli sem fram fara bæði á Íslandi og í útlöndum og beinast gegn ríkjandi valdhöfum og ríkjandi skipulagi eru um leið mótmæli gegn ráðsályktun Guðs og uppreisn gegn honum. „ **Því ekki er neitt yfirvald til nema frá Guði, og þau sem til eru, þau eru skipuð af Guði.** „ Kristinn maður ætti ekki að vera þátttakandi í að mótmæla yfirvaldinu á torgum af ástæðum sem greint er frá í 13 kafla Rómverjabréfsins vilji hann standa undir nafni sem kristin heilsteyptur þegn. Engin getur samt meinað honum að fara standi vilji hans til þess. Guð gæti vel hafa sent hann á staðinn til finna hjartsláttinn og mórallinn. En þá líka biður hann inn í mannhafinu með árangri sem bænin ein gefur. Gætum þess að dæma engan. Einhver kynni að hugsa margt sem sæi sinn kristna bróðir eða kristnu systir mitt í mannhafi mótmælanna. Hlýðni við Guð er betri en reglur sem menn búa sér til. Guð notar menn til hinna ýmsu starfa og hverjar fúsar fætur sem bjóðast. Guð er persónulegur og sinnir einstaklingnum. Og munum! „ Framar ber að hlýða Guði en mönnum: „

„ **Að óttast Drottin er að hata hið illa, drambsemi og ofdramb og illa breytni og fláráðan munn það hata ég. Mín er ráðspekin og framkvæmdarsemin, ég er hygginn, minn er krafturinn. Fyrir mína hjálp ríkja konungarnir og úrskurða höfðingjarnir réttvíslega. Fyrir mína hjálp stjórna stjórnendurnir og tignarmennin allir valdsmenn á jörðu. Ég elska þá sem mig elska, og þeir sem leita mín, finna mig.** „ (Orðsk 8:13-17)

Ísland er lýðræðisríki en Íslensk þjóð er líka kristin þjóð og í kristnina ber henni að halda í og varðveita og næra með sér sjálfri. En að þessum þætti, grunnþætti að góðu samfélagi, er stöðuglega sótt vegna blindu í kerfinu og sumra einstaklinga líka sem sjá þá ekki ágætið. Kannski sér þetta fólk ekki vegna þess hversu lítt sýnilegir kristið fólk oft er og svo oft óþægilega nálægt heiminum í sínu lífsgæðakapplaupi. Of lítil sjáanlegur munur er óheppilegur þegar ljóst er að skiptingin þarf að vera á hreinu, hrein og skír. Þá sjá menn greinilega hver er hvurs og hver er hvers. Hver og einn skoði í eigið rann sem hann byggir ákvörðun sína á eftir á. Og slíkt ætti kristið fólk skilyrðislaust að gera og vera ófeimið við og stíga svo inn í herinn sem fer út og vinnur á akri Guðs, sem er hvítur til uppskeru en verkamenn fáir:

„ **Hann var krossfestur í veikleika, en hann lifir fyrir Guðs kraft. Og einnig vér erum veikir í honum, en munum þó lifa með honum fyrir Guðs kraft, sem hann sýnir yður. Reynið yður sjálfa, hvort þér eruð í trúnni, prófið yður sjálfa. Gjörið þér yður ekki grein fyrir, að Jesús Kristur er í yður? Það skyldi vera, að þér stæðust ekki prófið. En ég vona, að þér komist að raun um, að vér höfum staðist prófið. Vér biðjum til Guðs, að þér gjörið ekki neitt illt, ekki til þess að það sýni ágæti vort, heldur til þess að þér gjörið hið góða. Vér gætum eins sýnst óhæfir. Því að ekki megnum vér neitt gegn sannleikanum, heldur fyrir sannleikann.** „ (2Kor 13:4-8)

Að endingu skal það áréttað að ekkert er að óttast. Við tilheyrum ekki ríki heimsins heldur eilífu ríki Guðs. Okkur varða ekkert um antikrist og brólt hans né heldur hvenær hann opinberast í heiminum. Þegar sú stund brestur á verðum við á leið til fundar við Drottinn í loftinu sem tilheyrum honum og dveljum með honum í dýrlegum fögnuði. Á meðan við erum hér verður okkur gefin ýmis tákni. Fjármálakreppan sem nú ríður yfir land og heim er eitt af þessum táknum. Tíminn færirist nær. Mikilvægara er að læra að lesa í tákni sem Biblían talar um að muni sjást í mannlífinu en að skoða antikrist sem er ekkert. Hann kemur. Við vitum þetta. En Drottinn kemur líka og setur á fót þúsund ára ríki sitt hér á jörðinni. Og þá verður sko gaman. Drottinn blæs í lúður og kallar menn til sinna ábyrgðar. Stöndum vaktina og höfum rétta sýn á atburðarrásinni og eyðum tíma í góða og gagnlega hluti. Og munum að okkur kemur antikristur akkurat ekkert við. Tilheyrum við enda Jesús Kristi

hinum upprisna og eilífa Drottinn drottna og Konungi konunga. Drottin blessi þig og varðveiti. Amen.

Í Kristi breytast hlutir.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

„ En lærisveinarnir ellefu fóru til Galíleu, til fjallsins, sem Jesús hafði stefnt þeim til. Þar sáu þeir hann og veittu honum lotningu. En sumir voru í vafa. Og Jesús gekk til þeirra, talaði við þá og sagði: Allt vald er mér gefið á himni og jörðu. Farið því og gjörið allar þjóðir að lærisveinum, skírið þá í nafni föður, sonar og heilags anda, og kenið þeim að halda allt það, sem ég hef boðið yður. Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar. „ (Matt 28:16-20)

Jesú gefur öllum fyrirmæli sem honum tilheyrja og undanskilur engan mann. Orðin sem hann talar eru ekki ætluð fáeinum mönnum heldur allri hjörðinni sem hann hefur dregið frá dauðanum yfir til lífsins. Hann veit að lærisveinarnir munu lenda í þrengingum og glímum. Mest þá við sinn eigin huga og eigin ótta og því miður einnig af völdum öskrandi vantrúarinnar í heiminum. Niðurlagið í textanum staðfestir að hann fylgist með og hefur manninn stöðugt í sigti.

Já, Kristur? Hvað getur hann gert fyrir mig? Hvað megnar hann? Ætli margir hafi ekki spurt sig slíkra spurninga og séð lítinn akk í því að fylgja honum sem kristnum mönnum verður svo tíðrætt um í ræðu og riti? Að ekki sé talað um þegar hinir kristnu sjálfir eru svo nálægt heiminum og syndinni í sínu lífi að lítill eða engin sýnilegur munur er á. Línan þarna á milli er alls ekki nógu greinileg í öllum tilvikum. Og allt svoleiðis er slæmt fyrir boðunina. Þetta ber að hafa í huga. Menn skerpi eigin línu og dragi sig meira inn á miðjuna en gangi ekki lengur alveg út í kantinum og eru svona á mörkunum.

Ljóst er, dæmin sanna þetta, og kristinn maður veit þetta, að Kristur vekur ekki áhuga manna að fyrra bragði. Annað og meira þarf að koma til. Mótmælin á götum, í verslunum, í bankabyggingum, við Alþingishúsið, fyrir utan Hótel Borg og hvar annarstaðar þar sem þau fara fram, sýna okkur glögglega að fólk er ekki að hrópa eftir leiðsögn Drottins heldur að þessi eða hinn maðurinn víki úr starfi og annar tæki sæti hans og að efnt verði sem fyrst til nýrra kosninga. Engin krafa er gerð um að þeir sem koma í hinna stað hafi haldgöða þekkingu á Orði Guðs og gangi fram í Guðs vilja. Helst er að kristið fólk sem sjálf gengur á veginum og þekkir Orðið mikið eða lítið geri slíka sjálfsagða kröfu til væntanlegra stjórnenda landsins hvort sem er í ráðherrastól eða inn á háttvirtu Alþingi Íslendinga.

Heilagur Andi sér til þess að menn Krists taki slíka afstöðu. Hrópin benda til að fólk er raunverulega vilji óbreytt ástand þó með öðru fólk sé er var við völd er bankarnir hættu um tíma að anda. Því að óbreytt verður ástandið. Ástæða þess er að maðurinn hefur sínar eigin og ákveðnu reglur sem hann ætlar áfram að spila eftir. Nýir menn og hugsanlega einnig nýjar reglur, en samt áfram mannaverk. Og öll mannanna verk kalla á virkt og öflugt eftirlit upp á framtíðina að gera. Breyskleiki manna er sem fyrr vandamálið og þar stendur hnífurinn í kúnni. Hann viðhelst í mannum. Biblían fær ekki hljómgrun. Vel upplýstur almúginn lítur ekki á Orðið sem gott og réttlátt stjórnunartæki heldur apparat sem bindur og fjötrar fólk jafn fráleitt og fjarri lagi og það er. Hrópin á götunni eru ekki um að koma á slíku kerfi sem er þó kerfið sem okkur vanhagar um og virkar best þegar á allt er litið.

Mögulega þá taka ný andlit við og gömlu andlitin hverfa af sjónarsviði stjórnmalanna og úr helstu áhrifastöðum samfélagsins. Í næstu kosningum gætu fylgt töluverðar sviptingar og mannbreytingar og knúið flokkanna til að gera hjá sér lagfæringar á gildandi stefnuskrám. Í slíka vinnu er sjálfsagt að fara og ætti og er vitaskuld stöðugt í gangi í hverjum flokki fyrir sig. Skárri væri það nú.

En hverju breytir þetta svo í grunninn þegar ljóst má vera að spilin sem þessi nýju andlit gefa tilheyrja öll gamla spilastokknum gefin af hjörtum sem handleika þessi spil á svipaðan hátt og gert hefur verið

áratugin á undan? Horfum þessu til staðfestingar til baka og þá sjáum við að svona hefur þetta verið harla lengi. Þjóðin - og þjóðirnar - hefur gengið í gegnum súrt og sætt og búið í svona stórum dráttum við sitt kerfi um langa hríð með til skiptis vinstri stjórnir og hægri stjórnir og áhöld um hvor geri betur. Enda tilfinningamál á hverjum tíma hvað mönnum finnst um málið. Og hvað gæti þá verið nýtt framundan á þessu sviði sem til að mynda tekur á vandanum sem fjármálkreppan bjó til með áframhaldandi smíðað og hannað kerfi af mönnum sem áfram munu gera mistök?

Nýtt kerfi. Hvaða tryggingu höfum við fyrir því að það kerfi verði betra en núverandi kerfi er? Ekki nokkra. Og þetta er sannleikur málsins. Við erum hér að tala um manninn sjálfan og getu hans sem er svo fallvölt. Mann mistaka og glappaskota. Mann sem vill vel en tekst ekki ávallt eins vel upp og þetta á við um okkur öll.

Gott kerfi, sem vissulega væri hægt að búa til, verður skilyrðislaust að taka mið af ákveðnum staðreyndum. Til að mynda þeim að veikasti hlekkurinn í hverju skipulagi og verki er og verður ávallt hinn sami. Maðurinn sem vinnur með og stýrir þessum kerfum samfélagsins. Maður án rétttra varna í sínu eigin hjarta, sem kannski lengi hefur byrgt inni sér reiði og beiskju en kominn með mikil völd, býr til í sjálfum sér örstutta leið inn í glæpahneigðina uggja hann ekki þeim mun betur að sér. Hér er stórt til orða tekið. Ekki að allir séu eða verði fyrirfram glæpamenn sem fá völd heldur er stutt í hana þegar horft er til þess að girnd býr í hverjum manni og nái þessi girnd taki á einstaklingnum er hættunni á mjög ákveðin hátt boðið í kaffi. Mörgum mannum hefur orðið sleipt á svellinu verandi undir ákveðnum persónulegum þrístingi. Það þarf nefnilega sterk bein og mikla festu til að standast freistingar sem hugsanlega leystu þessa eða hina persónulegu krísuna sem maðurinn rataði í. Að ekki sé talað um sé viðkomandi í skuldabasli eða hefur girnd í sínu hjarta til að færa út kvíarnar og gera það með því að komast óséður inn bakdyramegin eða klöngrast yfir vegginn. Þegar slík hugsun hefur fæðst hjá einstaklingnum - takið eftir því og vitum með vissu að í svona aðstöðu geta allir menn lent hversu sterkir sem þeir telja sig vera - er ákveðið ferli farið af stað sem undireins þarf að stöðva. Ákveðin getnaður hefur átt sér stað. Fáí sæðið svo að vaxa sinn tíma og að fæðast fram mega menn vita að vandræði eru framundan. Og sé heldur ekki tekið á málum strax eftir fæðinguna munu vandræðin vinda upp á sig og vaxa uns staðan er orðin þannig að alvarlegir hlutir blasa við. Og svo stórt getur þetta orðið af þessu litla sæði að við blasir dómsmál, fangelsi eða þaðan af verri hlutir fyrir manninn. Allt vegna þess að lítil óheiðarleg hugsun braust fram í huganum og náði að vaxa og þroskast í stað þess að taka strax á henni og fleygja út eins og hverju öðru drasli. Maðurinn áttar sig á þessu þegar þung járnhurðin lýkst að baki honum og búið að svipta hann frelsi í mismunandi langan tíma og setja á hann ör sem líklega fylgir honum ævina á enda. Að vakna fyrst þá er bara of seint. Skaðinn er skeður.

Ljóst er að málið þurfti aldrei að enda í þessum farvegi. Bjöllur hringdu. Rauð ljós loguðu. Lengi gat maðurinn sveigt af leið og hætt sinni alvarlegu og röngu breytni. En ekkert gerðist. Og hvernig skyldi svo standa á því? Syndin, bræður og systur. Syndin sleppir engum sem hún læsir klóm sínum í. Syndin vinir, er ekkert leikfang sem maðurinn losnar undan þegar honum sjálfum hentar. Syndin segir ekki: „Nú er nóg. Nú vil ég ekki fá meira.“ Syndin er óseðjandi og hún er lævís, hörð og grimm og býr til myndir í kolli fólks sem vissulega geta verið í einhverjum tilvikum sannar en örugglega afskræmdar og oftár ósannar, háskalegar og fyrirlitlegar. Fangelsi landsmanna eru yfirfull af fólki sem lét syndina afvegaleiða sig og þurftu að taka út refsingu fyrir. Sjá má að syndin er ekkert leikfang. Syndin er alvarlegt kyli á öllu mannlífi sem Jesús einn getur læknað fólk af og losað við. Því fyrr sem menn skilja þennan sannleika því fyrr getur það sveigt framhjá háskalegri syndinni og forðað sér sjálfum frá mörgu tjóni.

Haldi menn að syndin teygi ekki arma sína inn í stjórn málin vaða þeir villu og reyk. Og fyrir þær sakir að syndin loðir við hold mannsins er lítil von á raunverulegum breytingum. Þegar allur hassarinn er um garð genginn og menn aftur komnir í sinn farveg með flest sín mál á þurru landi verða þeir værukærir og vilja helst vera með fætuna uppi á borðum og lesandi blöðin. Og þá, þegar þetta ástand er komið, fara menn myrkursins á kreik. Syndin hefur reitt til höggs og ekki í fyrsta

skipti. Og samfélagið sefur eða lætur sér fátt um finnast. Eru kjör enda aftur orðin þökkaleg og næga atvinnu að hafa. Þetta er framtíðartónlistin. Sagan fer í endalausa hringi. Hvernig breytum við þessu? Með Jesús Kristi og boðorðum hans.

Án Krists er staða mannsins slæm. Varnirnar sem voru svo háreistar eftir að ljóst var hvers kyns var hafa tilhneigingu til að leggjast flatar á jörðina. Allir sjá að varnir í slíku ásigkomulagi eru til harla lítils gagns. En þær eru rétta stundin fyrir menn myrkursins til að hefjast handa á. Varnirnar geta legið niðri í mörg ár áður en eitthvað svona byrjar. En sá tími kemur að myrkraverkin hefjist aftur. Ekki endilega með sama fólki heldur nýjum mönnum. Maðurinn hugsar nefnilega eitt og annað. Þið vitið? Ein agnarsmá tilfærsla hér yfir á eigin reikning ætti nú ekki að skemma neitt? Svona er byrjað. Og vegna þess að málið komst ekki upp heldur freistaður maðurinn áfram uppteknum hætti.

Öll mannaverk kalla á stöðuga gæslu og eftirlit. Það er öllum fyrir bestu að eftirlitin séu vel virk og starfhæf og búið góðu fólki sem sjálft er undir gæslu. Svona dæmi kostar töluvert fjármagn. Fjárhagslega svelt eftirlitsstofnun er veikburða stofnun. Fáránleg staða en samt skiljanleg í skjóli þess að það er synd í heiminum og maðurinn er undir hæli syndarinnar uns Kristur kemst að og flytur hann yfir í sínar herbúdir. Og hjá honum gilda einfaldlega aðra reglur.

Heilagur Andi, sem nú er kominn til skjalanna, hringir sjálfur bjöllum þegar gjaldkerinn horfir um of á reikninganna og fer að hugleiða smá færslu yfir á sinn eigin reikning eða sér nákomins sem gerir að verkum að viðkomandi hættir við, iðrast án þess að hafa hnotið og gerst brotlegur gangvart landslögum, vinnuveitanda sínum, fólkinu í landinu og Guði. Allt alvarlegt í verki þótt sýnu alvarlegast sé að gerast brotlegur við vilja Guðs og stela. Þjófseðlið þarf að víkja en maðurinn á erfitt með það á stund freistingarinnar nema með hjálp Krists. Þjófseðlið er knúið af illum anda sem er manninum öflugri. En hann getur komið og farið. Sé Kristur til staðar eru illa andanum öll sund lokuð að manninum.

Öruggar varnirnar sem maðurinn þarfnast á daglegri göngu fást endurgjaldslausar hjá Jesús.

Stjórnarskráin, vegvísir stjórnmalafokka og pólitíkurinnar almennt, allt er þetta best varið sé kristnin tekin með í reikninginn. Að ekki sé talað um séu þeir sem leiða flokka og samfélagið sjálfir kristnir. Margt vinnst með þessu. Eftirlitsstofnanir verða skilvirkar. Kristinn maður veit, Biblían sýnir honum þetta svart á hvítu, hann les jú Biblíuna, að stöðugt eftirlit og óvænt eftirlit, þið vitið, skyndilega og öllum á óvörum standa ábúðamiklir menn á vettvangi og heimta gögn til að fara yfir. Allt til að maðurinn haldist við réttan steðja og rétt verkslag. Viljum við þetta? Um þetta eru meðal annars hrópin á götunni. Erum við tilbúin að reiða fram það fjármagn sem til þarf með her eftirlitsmanna í vinnu og góðum launum. Virkt eftirlit kallar eftir mörgum hæfum mönnum við störf. Svona eftirlit þarf ekki bara að vera virkt í samfélaginu og gott aðhald bönkum og fyrirtækjum heldur einnig fljótt að fara yfir mál sem það er með og skila af sér niðurstöðum. Við sjáum að gott eftirlit þarf her manna og töluverða fjármuni. Þannig einfallega er þetta. Segjum að þetta verði gert og allt byrji með miklum ágætum. Hvað verður eftir tuttugu, þrjátíu ár? Verða eldhugar eftirlitsins ennþá þessir eldhugar eins og var í upphafi eða er komin á þá ístra og værd yfir. Einkum vegna þess að ekkert óvænt hefur hvort eð er gerst svo lengi þrátt fyrir fjölda leiftur eftirlitsferða inn í fyrirtækin án þess að neitt misjafnt hafi komið upp í skoðun bókhaldsins sem kallaði á lögreglurannsókn og jafnvel ákæru? Það er værdin sem kemur yfir sem er svo hættuleg. Þeir sem leiða hafa oft tilhneigingu til að dotta á verðinum og loks að sofna nema þeir sjálfir hafi sitt aðhald eins og allir aðrir menn þurfa. Og hver er hæfari til þess en stjórnvöld og Alþingi?: En jafnvel þau hafa tilburði til að sofna og verða værukær. Við erum að glíma við mannlegt eðli og mannlegan breyskleika. Og þetta er vandinn í heiminum.

„Á ég að gæta bróður míns? „ - sagði Kain er Guð spurði hann hvar Abel bróðir hans væri.

Já, mér ber að gæta bróðir míns vegna þess að verðin kemur og hún siglir sinni hægu siglingu inn uns letin, ístran út í loftið, blaðalesturinn og kaffipambið, fætur upp á borði, hafa fest sig í sessi og skotið rötum í brýnni eftirlitsstofnuninni. Þetta gerist með tímanum, hægt og sígandi en samt örugglega. Maður án Heilags Anda getur einfaldlega ekki haldist vakandi á verðinum nema með stöðugri árvekni. Til þess hefur hann engin alvöru og haldgóð skilyrði þegar til lengri tíma er lítið. Og hann dottar. Hann þarf stöðuga hvatningu til dáða og góðra verka.

Hvernig ætla menn að varast afleiðingar syndarinnar kjósi þeir áfram að vera undir hæl hennar sem ræður svo miklu í þessum heimi og nauðsýnleg vörn sem er fær um að brjóta öll verk hennar á bak aftur ekki virkjuð? Vakinn og kveikt synd býr til kjöraðstæður fyrir girndina og græðgina, hneigðirnar og kenndirnar sem búa innra með hverjum einstaklingi og á vissum punkti verður allt stjórnlaust og maðurinn kominn út um víðan völl ekki vitandi sjálfur hvert stefnir og hvert líf hans stefnir. Maður syndarinnar er bara ekki á góðum stað:

„ Er því ekki þannig farið: Ef þú gjörir rétt, þá getur þú verið upplitsdjarfur, en ef þú gjörir ekki rétt, þá liggur syndin við dyrnar og hefir hug á þér, en þú átt að drottna yfir henni? „ (1Mós: 4. 7)

Eitt skulum við vita að syndin veit hvar og hvenær hún fær höggið. Syndin fylgist grannt með öllu sem gerist og stekkur hvenær sem maðurinn gefur á sér færi. Takið eftir því að maðurinn sjálfur opnar þessa leið. Engin annar. Vissulega geta nærstaddir haft sín áhrif en ákvörðunin liggur alltaf í eigin ranni. Þetta segir okkur hiklaust að hver og einn þarf að eiga sína eigin eftirlitsstöð. Og þar er engin betri til heldur en Heilagur Andi sem vakir í manningum og veit um hverja hugsun hans. Heilagur Andi greinir samstundis hvenær hugsun fæðist og einnig hvað af henni getur leitt gæli hún í ofanálag við syndina. Og bjöllur hringja og rauð ljós loga. Við sjáum að maðurinn er án afsökunar:

„ Þá sagði Kain við Abel bróður sinn: Göngum út á akurinn! Og er þeir voru á akrinum, réðst Kain á Abel bróður sinn og drap hann. Þá sagði Drottinn við Kain: Hvar er Abel bróðir þinn? En hann mælti: Það veit ég ekki. Á ég að gæta bróður míns? „ (1Mós 4:8-9) Kain bróðir Abel fékk sína freistingu og hún byggði á öfund í garð Abel bróðir síns sem Guð leit á verkin hjá með velþóknun en Kains ekki. Og þessi öfund leiddi til dauða Abels fyrir hönd Kains. Er Guð spyr Kain um afdrif Abels grípur Kain til lyginna. Sjáið hvernig Kain (maðurinn) reynir að losa sig úr sínum vondu verkum án þess að upp um þau komist með því að tala út og suður. Er þetta ekki einmitt eitt af meinunum sem gerir kerfin okkar svo veikburða og oft vanmegnug til að leysa mál? að veikleiki mannsins sé veikasti hlekkur keðjunnar því verður ekki horft framhjá. Enda borðleggjandi.

Takið eftir að maðurinn sjálfur veitti sitt færi á freistingu, engin annar. Og þessu færi koma oft. Aðgæti maðurinn ekki hvert stefnir hjá sér er honum mikil hætta búinn. Ekki það að allir menn grípi til vopnsins og fremji morð eins og við lásam um að Kain hafi gert. En hvernig og með hvað meðöllum hyggst maðurinn andspænis sinni yfirþyrmandi freistingu afgreiða hana? Og hvernig yfir höfuð bregst hann við henni? Hann er einn á staðnum. Engin vitni. Allir eru farnir í kaffi. Gerum okkur ljóst að staðan á stund freistingarinnar og við viss skilyrði í lífinu er manningum rosalega erfið. Freistingin er kominn og trónir yfir manningum og hún lemur hann og ber til að gera sinn vilja hrópandi innra með honum að allt verði í stakasta lagi og verknaðurinn komist aldrei upp. Bara ýta á einn hnapp og millifærslan hefur átt sér stað. Engin slóð. Sigri freistingin og maðurinn styður á hnapp lyklaborðsins og tölur yfirfærast á bankabók í hans eigu er illa komið. En sá þetta nokkur og er þá bara ekki allt í stakasta lagi? Jú, augu Guðs stóðu opinn. Hann sá gerninginn. Það gleymist svo oft. Hann dregur sérhvert verk fram sem falið er í myrkrinu og engin átti nokkurn tíman að vita um. Þið vitið: „ Litla leyndarmálið „ - komst á allra varir. Verum heiðarleg.

Fall fyrir freistingu gerist hjá manni við vissar aðstæður. Að standa varnarlaus á slíkri ögurstund er sama og að vera í verulega slæmum málum. Þegar svo verknaðurinn hefur komist upp þá fyrst er hann orðin að ægilegri ógn. Ekki fyrr. Nema jú að samviskan bankaði stöðugt í manneskjuna.

Kristnir menn eru óþreytandi við að benda á Jesús sem hina einu sönnu lausn í hinu daglega. Kristur er ekki kerfi búið til af mönnum sem má smeygja sér framhjá heldur er Kristur þannig að annaðhvort fylgir þú honum eða ekki. Annaðhvort ertu heimamaður hans eða þú ert það ekki. Engin millivegur. Engar málamiðlanir. Engin framhjáskot.

Maðurinn aðgæti hvert sitt spor. En hvernig hyggst hann aðgæta sinn veg? Maðurinn í sér sjálfum getur það ekki. Á meðan réttar varnir eru ekki tiltækar er engin von til þess að hér verði byggt upp neitt annað en veikt kerfi sem byggir í grunnin á sömu veikum gildunum og áður. Kerfi sem veiklundaðir menn smíða og reyna eftir bestu getu að styrkja með þeim rökum sem þeir telja að haldi. Og rök manna breytast frá degi til dags. Beysla þarf mannlegan veikleika. Kristur einn er fær um það verk. Við þurfum Jesús og bara hann. Hann lifir. Amen.

Efftirgjöf á kristnum gildum er samfélaginu skaðlegt

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

„ Efraím sækist eftir vindi og eltir austangoluna. Á hverjum degi hrúga þeir upp lygum og ofbeldisverkum. Þeir gjöra sáttmála við Assýríu, og olífuolía er flutt til Egyptalands. Drottinn mun ganga í dóm við Júda og hegna Jakob eftir breytni hans, endurgjalda honum eftir verkum hans. Í móðurkviði lék hann á bróður sinn, og sem fulltíða maður glímdi hann við Guð. Hann glímdi við engil og bar hærri hlut, hann grét og bað hann líknar. Hann fann hann í Betel og þar talaði hann við hann. Drottinn, Guð allsherjar, Drottinn er nafn hans. „ (Hós 12:1-5)

Aukið ofbeldi. Ótti. Skelfing. Eftirgjöf á góðum gildum. Allt afleiðingar af því að leið hefur opnast fyrir hann sem engin vill hafa en er samt staðreynd og bíður eftir að fá starfað án atbeina hinna kristnu sem reisa verkum hans skorður með endalausum bænum og framgöngu í trú á hinn upprisna Jesús Krist.

Sífelldar eftirgjafir á því sem er Krists gerir að verkum að menn horfa í ríkari mæli á aukningu hins vonda í samfélaginu. Maður sem ekki þekkir Jesús sér málið þó ekki svona. Hann fyllist ótta og hefur áhyggjur af ástandinu og veit ekki hvernig bregðast skuli við. Allt afleiðingar af fráhráfinu við Orði Guðs sem skilar sér í ástandi sem ekki er gott. Menn trúa ekki lengur á mátt og getu Drottins heldur reíða þeir sig á eigið hyggjuvit og vernd úr pappa sem hindrar óvinin ekki:

„- Látið ekki hugfallast og verðið ekki hræddir við tíðindin, sem hevrast í landinu. Þessi tíðindi koma þetta árið og því næst önnur tíðindi annað árið: ofbeldi er framið í landinu, og drottnari rís mót drottnara. Fyrir því, sjá, þeir dagar koma, að ég vitja skurðgoða Babýlons, og þá mun allt land hennar verða til skammar og allir vegnir menn hennar falla inni í henni. Þá mun himinn og jörð og allt, sem í þeim er, hlakka yfir Babýlon, því að úr norðri brjótast eyðendurnir inn yfir hana segir Drottinn. „ (Jer 51:46-48)

Guði sé dýrð og heiður fyrir trúfesti hans sem lætur sveiflurnar í samtímanum ekki hnika áætlunum sínum til. Þær eru ennþá í gildi og munu duga fram yfir allt og alla og síðastar tala á þessari jörð. Hver sem játar og trúir á Jesús Krist er hólpin og verndaður gegn hinum vonda. Ekkert er að óttast. Eina sem þarf er trú á hinn upprisna Jesús. Jesús er nefnilega sterkari en Satan. Mannsins er að beygja sig undir vald hans eða taka afleiðingunum af því að gera það ekki. Um þessar tvær leiðir er að velja.

Að vilja ekki beygja sig fyrir vilja og visku Drottins er ávísun á glundroða í bland við ýmsa aðra þætti í voru samfélagi sem við viljum ekki fá hingað en allar líkur eru samt á að gerist. Þetta er eðlilegt þegar haft er til hliðsjónar að vörnunum hefur verið kippt burtu að einhverju eða öllu leiti. Hringurinn sem Drottinn vill að sé órofin heild stendur opin á nokkrum stöðum vegna vantrúar

fólksins og inn um þessi göt smeygir sér afl sem tekur að hreiðra um sig og brýst svo fram á sinn hátt í fyllingu tímans og menn sjá má í forni óæskilegrar hegðunar samborgaranna. Í skemmdarfýsn, í hrottalegum árásum þar sem vopnum er beitt. Í Gengjum ungmenna sem valsa um með jafnvel ógnunum. Allt er knúð áfram af ótta sem finnur sinn styrk í hópnum. Og þegar margir saman ráðast á einn er lítil von fyrir hinn eina. Engin má við margnum.

Já, menn horfa upp á aukið ofbeldi. Reynt er að gera lögregluna tortryggilega og fá almenningsálitið gegn laganna vörðum með uppþotum og æsingi sem eru mynduð og sett á Veraldarvefinn til síns brúks. Auðvelt er að ímynda sér að sumt af því sem þarna sést séu þaulskipulagðar aðgerðir til þess eins að fá almenningsálitið upp á móti laganna vörðum sem eiga þá erfiðara uppdráttar næst er þeir eru á vettvangi til að stilla til friðar og í einhverjum tilvikum að handtaka menn vegna múgæsings sem öndvert gefur undirheimunum sitt svigrúm til frekari athafna á svæðinu. Hér eru kominn skír skilaboð til hinna kristnu um að biðja sérstaklega fyrir laganna vörðum. Lögreglan hefur ákveðnum skildum að gegna varðandi heill borgaranna. Að hafa traust og gott löggæslufólk sem kann að umgangast annað fólk með réttum hætti er blessun sem innleiðir margt gott og hindrar margt glæpaverkið og lögbrotið.

Átök á milli gengja hafa lengi viðgengist í stórborgum heimsins og er búið að vera vandamál sem yfirvöldum í þessum löndum hefur reynst erfitt að kveða niður. Alltaf bætast nefnilega nýir menn við í hópinn fyrir hvern sem hverfur. Með hvaða hætti sem það svo er. Sumir í þessum gengjum lenda á bak við lás og slá, aðrir eru óheppnari og falla fyrir byssukúlu, hnífstungu eða af völdum barsmíða. Og svo komast alltaf einhverjir til trúar og snúa blaðinu við í sínu lífi og gerast heiðvirðir menn og leiða marga úr þessum gengjum til Krists. Sem er hið gleðilega í málinu. Rödd Guðs má ekki þagna eina stund.

Sem sjá má þá standa menn frami fyrir ákveðinni staðreynd sem engin lengur þrætir fyrir. Ríkisvaldið hefur viðbúnaðaráætlun til að mæta með aukinni hörku á götunum sem aukið Guðleysi og endalaus eftirgjöf á kristnum gildum hefur getið af sér. Að gefa eftir þarna er alvörumál sem mikilvægt er að vita um.

Þessu að mörgu leiti breytta ástandi í borg og bý á Íslandi fylgir eðlilega ótti sem gerir að verkum að menn og konur verða hrædd heima hjá sér. Sé dyrabjöllunni hringt að kvöldlagi þegar engin á von á gestum stirðna hjörtun og salinn setur hljóðan þótt engin ástæða sé til ótta og sá sem fyrir utan er með ekkert illt í hyggju og bara venjulegur kristinn sölumaður á ferð að selja merkin sín til styrktar hinu eða þessu kristilega starfinu:

„Ætlið þér, að ég sé kominn að færa frið á jörðu? Nei, segi ég yður, heldur sundurþykki. Upp frá þessu verða fimm í sama húsi sundurþykkir, þrír við tvo og tveir við þrjá, faðir við son og sonur við föður, móðir við dóttur og dóttir við móður, tengdamóðir við tengdadóttur sína og tengdadóttir við tengdamóður. Hann sagði og við fólk: Þá er þér sjáið ský draga upp í vestri, segið þér jafnskjótt: Nú fer að rigna. Og svo verður. Og þegar vindur blæs af suðri, segið þér: Nú kemur hiti. Og svo fer. Hræsningar, útlit lofts og jarðar kunnið þér að ráða, en hvernig er því farið, að þér kunnið ekki að meta þennan tíma? Hví dæmið þér ekki af sjálfum yður, hvað rétt sé? (Lúk 12:51-57)

Hér kemur Drottinn með spádóm sem margir telja að eigi við um vora tíma. Hann talar um sundurþykki inn á heimilinu. Menn eru ekki sammála. Hér ekki verið að tala um efnahagsmál og þrengingar af þeirra völdum, hátt olíu- og matarverð, minnkandi fiskafla í höfunum, hvort álver eigi að rísa eður ei, hvort virkja skuli þetta eða hitt fallvatnið, né um mismundi leiðir sem menn vilja fara í sínum efnahagsmálum heldur um hin kristnu gildi hvort þau skuli viðhöfð eða ýtt út af borðinu. Nákvæmlega þetta á sér stað í dag og er ákveðið deiluefni sem menn - margir að minnsta kosti – eru afar ósammála um. Æ stærri hópur fólks sér ekki hið góða sem kristnin hefur í för með sér. Öndvert við hinn kristna sem vill verja það sem er Drottins. Þetta veldur ákveðnum aðskilnaði í hópi

mannanna. Inn á heimilinu eru sumir frelsaðir en aðrir eru það ekki. Og af því að svona er í pottinn búið vakna deilur sem einvörðungu koma vegna þess að útilokað er að sameina svart og hvítt. Sé þessum tveim ólíku litum skellt saman kemur út allt annar litur sem hvorki er hvítur eða svartur. Og líka þannig vill Kristur hafa málin. Hann vill aðgreina sitt fólk með alveg skírurum hætti til að augljóst sé hverjum sjáandi manni hver er hvers. Ef í annan stað allir á heimilinu eru frelsaðir hætta deilurnar sjálfkrafa og Kristur er kominn yfir með visku sína kærleika og elsku. Sannleikurinn hefur náð fótfestu og fólkið sem áður skipaðist á móti er gengið til liðs við það sem það áður kannski ofsótti og hneykslaðist svo mjög á:

„ Engan af hinum postulunum sá ég, heldur aðeins Jakob, bróður Drottins. Guð veit, að ég lýg því ekki, sem ég skrifa yður. Síðan kom ég í héruð Sírlands og Kilíkíu. Ég var persónulega ókunnur kristnu söfnuðunum í Júdeu. Þeir höfðu einungis heyrt sagt: Sá sem áður ofsótti oss, boðar nú trúna, sem hann áður vildi eyða. Og þeir vegsömuðu Guð vegna mín. „ (Gal 1:19-24)

Yndisleg Orð frá Páli sem eins og margir aðrir barðist gegn öllu sem er Krists. En eftir að Kristur mætti honum á veginum til Damaskus breyttist allt og hann tók „U“ beygju og byrjaði að verja það sem hann áður kom gegn með allri þeirri hörku sem hann gat. Leit hann enda á veginn sem argasta hégóma. Stórhættulegum Gyðingþjóðinni. Páll gekk ötulastur allra manna fram í sínu hvort sem var í andstöðu við kristnina eða eftir að hann söðlaði um og steig yfir á hinn vænginn og varð kristinn. Svona starfar Drottinn. Allir fá sitt tækifæri til að gera iðrun og ganga til liðs við hann sem þeir máski töluðu allt illt um. Kristur er fyrirgefandi Guð sem horfir ekki á hamfarirnar af mannavöldum né öll stóru orðin og yfirlýsingarnar sem menn þenja sig út með í oflæti heldur á það sem hann getur gert og fært til betri vegar. Á tækifærin. Hvað sem öllu brölti manna líður þá starfar Jesús enn samkvæmt áætluninni sem gerð var fyrir grundvöllun heims. Og trúfesti hans við eigin áætlun er styrkur mannsins sem gefur hinum ófrjálsa sína von um að komast heim til Jesús á himnum.

Eitt skal þó haft í huga! Án Jesús og beinnar og persónulegrar þátttöku Jesú í lífinu geta hlutirnir ekki annað en versnað. Tími náðarinnar er núna og Kristur hefur ekki breytt sér. Hann er lifandi og situr við hægri hönd Föðurins og biður fyrir hverju og einu okkar. Bænir hans forða mörgum frá að steyta fæti sínum við steini og hrasa og margir viðhaldast í sinni trú og vaxa og eflast vegna þess að trúfastlega er beðið fyrir þeim á himnum, af sjálfum Drottni Jesús Kristi, og systkinum í kirkjunni.

Víst er um það.

„ Sérlyndur maður fer að sínum munum, hann illskast við öllu, sem hyggilegt er. Heimskinginn hefir engar mætur á hyggindum, heldur á því að gjöra kunnar hugsanir sínar. Þar sem hinn óguðlegi kemur, þar kemur og fyrirlitning, og með smáninni kemur skömm. Djúp vötn eru orð af manns munni, lind viskunnar er sem rennandi lækur. Það er ekki rétt að draga taum hins óguðlega, að halla rétti hins saklausa í dómi. „ (Orðsk 18:1-5)

Hér er talað um heimskingja og lind viskunnar. Gildir ekki um gáfur manna og kvenna almennt heldur afstöðu fólks til Jesús og verka hans á jörðinni. Lind viskunnar framber Jesús og vill veg hans sem mestan á meðal vor á meðan heimskinginn eys út úr sér orðum um hitt og þetta sem raunverulega ekkert stendur á bak við nema einstaklingurinn sjálfur og hans eigið óstöðuglyndi þegar upp er staðið. Orð frá einstaklingi sem í grunninn sér ekki fremur en annað fólk lengra en nef hans nær eru ekki mikils virði. Ríkisstjórnir og mannlegt þing ekki heldur sem sjá má af mörgum verkum sem stjórnirnar í löndunum framkvæma. Þótt við virðum löggjafarvaldið og biðjum sértaklega fyrir þeim eru þar samt gerð mörg og afdrifarík mistök. Jesús einn - og þeim sem hann kunngjörir málið - veit hvað það merkir þegar fólk og þjóð ganga á svig við það sem hann hefur áður boðað. Daglega er hann með Satan fyrir augum sér og veit um öll áform hans í myrkrinu. Veit að sérhvert áform hans miðast við einstakling, ákveðna fjölskyldu og að koma gegn hverju góðu sem menn vilja halda í en er allt fallandi og hverfandi vegna trúleysis sem gefur skelminum aukin tækifæri á að beita sér. Okkur hefur ekki borið gæfa til að standa um þetta vörð nema ef vera skyldi í tækifærisræðum þar

sem klingir í glösum sem áður er búið að fylla á barma með krydduðum veigum sem gefur mönnum eftir nokkra umganga fljótandi augu og þvoglumælt rödd. Allt marklaus orð.

Öflin sem við er að eiga eru tvö. Hið góða, fagra og fullkomna og biksvört illskan. Aðrar leiðir eru ekki til.

Eftirgjöf við gildi og áætlanir Guðs getur ekki annað en haft sínar neikvæðu og alvarlegu afleiðingar fyrir marga í þessu landi og allstaðar annarstaðar í heiminum þar sem slík eftirgjöf á góðum, kristnum gildum á sér stað. Eftir því sem á trúna hallar eykst svigrúm skelmisins.

Sem sjá má er allur þessi gríðarleg og vaxandi áróður sem á sér stað í bæði fjölmiðlum - og víða annarstaðar líka í samfélaginu gegn kristninni og gildum hennar - er runninn undan rótum djöfulsins sem þekkir kraftinn sem í kristinni trú býr. Satan veit að sönn trú og trúin ein reisir honum sjálfum og verkum sínum skorður og er eina aflið sem er fært um stöðva ósómam af hans völdum. Að hann skuli vera með stöðugan áróður í mannheimum gegn kristnum gildum er því vel skiljanlegt - séð í þessu ljósi sem og gerir málið mjög alvarlegt vegna blekkingarinnar sem að baki þessu býr:

„ Að lokum: Styrkist nú í Drottni og í krafti máttar hans. Klæðist alvæpni Guðs, til þess að þér getið staðist vélabrögð djöfulsins. Því að baráttan, sem vér eigum í, er ekki við menn af holdi og blóði, heldur við tignirnar og völdin, við heimsdrottna þessa myrkurs, við andaverur vonskunnar í himingeimnum. Takið því alvæpni Guðs, til þess að þér getið veitt móttöðu á hinum vonða degi og haldið velli, þegar þér hafið sigrað allt. „ (Efe 6:10-13)

Páll bendir fólki á hvað við sé að eiga. Baráttan er ekki við fólk, hold og blóð, heldur er hún miklu alvarlegri. Viðureignin er við afl dauðans. Páll sýnir okkur hvernig við fáum staðist endurtekna blekkingarleiki Satans. Ef hinn kristni breytir eins og þarna er lýst mun hann hvorki hrasa né falla heldur ganga frá hverri viðureign með sigurpálma í hendi sér. Og það sem er mikilvægara! Kristinn þegn veit að Satan er lygari og hefur lært það á göngunni með Jesús að engin sem vill láta taka sig alvarlega gefur út yfirlýsingar sem hann hefur fengið frá yfirlýstum og afhjúpuðum lygara. Þvert á móti kemur hann gegn lyginni með sannleika Jesús Krists á vörum sér og fær að launum blessun frá Kristi sem eykur honum sjálfum þor og kjark til að halda góðu baráttunni áfram í fullvissu um að hamarinn og meitillinn kljúfi að lokum steininn vegna stöðugar hömrunar á hann. Að lokum kemur svo blessunin. Í sjálfu sér er hér dregin fram mjög alvarleg mynd sem fólk skildi ekki skella skollaeyrum við heldur taka við boðskapnum og breyta vörn í sókn og hrinda árásum skelmisins og eignast sinn eigin sigur þarna sem Jesús vill að fólk upplifi. Þótt mál séu kannski alvarleg má alltaf sjá von. Vonin býr ávallt í Jesús Kristi. Hann er lykillinn að lausninni. Aðeins í Jesús og játningunni er þetta gerlegt. Og játningin er í munni mannsins.

Satan er hér til að stela, slátra og eyða. Allt eru þetta orð sem menn hafa margsinnis heyrt. Veldi kölska stendur og er keyrt áfram af óttanum og skelfingunni. Svipan og svipuhöggin er það sem þar gildir. Hann notar keyrið miskunnarlaus á fólk og þegar hann getur ekki lengur nýtt sér krafta þess er fólkinu svo fleygt og nýtt fólk tekið inn til að nota sem verkfæri án þess að fyrst sé spurt. Hann er ræningi sem rænir fólki frá honum sem dó í þess stað í þeim eina tilgangi að fólkið geti ekki orðið hólpíð. Og til að sem flestir viðhaldist á þessum stað er kölski með mikið sjónarspil í gangi sem allt byggist upp á stórfelldum blekkingum sem engin fær þó séð í gegnum nema sá einn sem fylltur er Heilögum Anda og gengur á vegi Drottins og þekkir skil á Biblíunni sem útskírir málin fyrir honum með hjálp Andans.

Ótti, skelfing og glundroði eru Satans aðal stjórnunartæki og hefur verið síðan hann rændi völdunum í garðinum forðum, sem maðurinn gein við og kokgleypti með öllum sínum aukaverkunum.

Eftirgjöf á gildum Biblíunnar skilar sem sjá má sínum árangri. Engin dragi fjöður yfir það. En þó ekki þeim árangri sem að var stefnt þegar menn sem kannski vissu betur en völdu samt að setja skýlu

fyrir augu sín og heimila í sínu blinda ástandi ýmislegt sem Biblían leggur blátt bann við. Og hvaðeina sem Biblían leggur blátt bann við er vegna þess að það eykur svigrúm óvinarins sem er nóg fyrir og þyrfti að skerðast fremur en að aukast. Þetta getur eingöngu gerst vegna trúleysis fólksins sem vill ekki hlusta og allra síst á það sem kirkjunnar menn, Andans fyllt fólk, hafa um málin að segja. Drottinn er lifandi Guð og hann veit manna best hvað afsláttur af Orði sínu kostar sem fyrir eitt samfélag. En hann lætur þetta eftir. Hann er góður Guð og stendur við sín Orð. Hann gaf manninum í vöggugjöf frjálsan vilja sem hann tekur ekki fram í fyrir. Þótt hann vitaskuld reyni slíkt. Einkum og sérílagi með stöðugri fræðslu um gildi og merkingu Orðsins fyrir nútíðina og samfélag mannanna.

Þetta segir kristnu fólki á skíran hátt að Drottinn vill að sitt fólk breyti ekki eins og heimurinn breytir og sé í hegðun öðruvísi heldur en fólk heimsins er og tali til heimsins með góðri hegðun sinni og þolinmæði og sýni elsku til hvors annars. Orð verða sem sjá má að fylgja verkunum og verkin orðunum. Við vitum - þurfum ekki annað en að hlusta á einn fréttatíma til að komast að raun um að veröldin er friðlaus en leitar logandi ljósi að friði með þeim hætti sem hún kann en verður samt svo lítið ágegn. Menn vita ekki hver þeirra raunverulegi andstæðingur er. Satan er mannsins versti óvinur og í Jesús einum flýr skelmirinn af hólmi. Njóti Jesú ekki við veður ódámurinn yfir menn og málefni eins og verkast vill. Maðurinn í sjálfs síns mætti getur ekki hindrað skelminn í að framkvæma sín ókvæði hvenær sem honum sjálfum þóknast. Og það mega menn vita að hvenær sem hann reiðir til höggs verður höggið þungt og birtist í allskonar sundurlyndi innan fjölskyldna, lygum og blekkingum og öðrum óæskilegum þáttum mannlegs lífs.

Jesús er eina svarið sem heiminum er gefið sem getur leyst menn og konur og fært til betra lífs. Og með þessari yfirlýsingu: „ **Já, ég vill ganga Jesú á hönd** „ – slitna hlekkir og einstaklingur er kominn í Guðs barna hóp. Einfalt mál en fráleitt flókið. Amen.

Eitt hold.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Guð er með leiðbeiningar handa manninum sem hann getur fullkomlega fylgt til að honum farnist vel í lífinu. Guði er ekkert óviðkomandi. Ekkert er of stórt og heldur ekkert of lítið þegar kemur að Guði og því sem hann vill fá að vera með í. Maðurinn er ristur í lófa Drottins og hann minnst mannsins á öllum hans vegum. Jesús elskar syndarann en hatar syndina. Þetta segir mér að synd sé eitt en syndari annað í augum Drottins. Kærleikur Drottins. Mikilvægt er að gera skýran greinarmun á þessu. Sá sem elskar öllum stundum getur ekki á sama tíma verið reiður öllum stundum. Sá Guð sem hér er boðaður er fyrirgefandi og elskandi Guð. Ekki reiður, bitur og gramur né hefniþjarn.

Syndin smeygði sér inn í lífið eftir leiðum blekkingarinnar og lyginna. Aðeins í Jesús fýkur þessi viðurstyggið í augum Guðs, blekkingin og lygin, burt og á ekki lengur öruggan aðgang að gamla syndaranum til að stjórna honum og stýra eins og áður. Takið eftir því að hér er talað um „öruggan aðgang“. Áður en frelsun mannsins á sér stað leikur syndin manninn eins og verkast vill hverju sinni og hann er algerlega óvarinn fyrir innrás syndarinnar. Eftir að Kristur kemur og maðurinn er orðin sér meðvitaður um synd er syndin ávallt val hvers og eins. Á þessu er munur sem við skulum festa í hjarta voru og minna okkur reglulega á að við getum, takið eftir því, getum syndgað þrátt fyrir að vera kristnir einstaklingar. Í Jesús nafni hrökklast syndin burt. Að vilja snúa sér á nýjan leik „ til sinnar gömlu spýju “- eins og Orðið segir er umhugsunarefni sem beindir ótvírætt á veikleika og breyskleika mansins. Slíkt er dapurlegt hlutskipti manns sem hefur fengið að bergja á dýrð Drottins og veit hversu góður og kærleiksríkur hann er en valur samt fyrir sig að fara aftur í sitt gamla far. Allir menn geta lent í þessu, uggi þeir ekki að sér. Við dæmum engan en biðjum þess í stað einni bæn meira. Sem er betra.

Guð veit af brestum í sköpun sinni sem kallast maður. Hver skilur hví maðurinn vilji ekki frekar fylgja sjálfu lífinu þegar honum býðst sitt tækifæri í stað þess að eltast endalaust við hundleiðinlega synd sem hvort eð er hefur ávallt vinninginn og nær mannum frá toppi til táar? Svarið við spurningunni er aðeins eitt. Og það er: „ Alvarlegir brestir í mannum og leiðsögnin er ekki rétt sem maðurinn velur að fylgja. „ Jesús er svarið þar.

Sjáið þið nú hvers vegna náð Guðs er nauðsýnleg og raunverulega eina leið mannsins til að verða hólpinn?

Hversu oft hafa ekki gríðarlegir stormar skolið á í samskiptum fólks en reynst þegar upp var staðið og öll kurl komust til grafar vera stormur í agnarlitlu vatnsglasi sem þó tókst að skekja allt heimilið og jafnvel hluta af nágrenninu með þeim afleitu afleiðingum að líf manna breytist frá því að vera gleði yfir í depurð og vonleysi.

Hvernig getur staðið á svona löguðu? Er nema von að spurt sé.

Mönnum skortir fúsleika til að fyrirgefa og játa eigin mistök. Oft eru þeir einfaldlega blindir á þau í eigin fari en sjá einkar vel annarra glappaskot og verður tíðrætt um þau. Og stormurinn í litla vatnsglasinu viðhelst og má oftast en ekki rekja til stífnis og þvermóðsku þeirra sem í hlut eiga. Stífnir og þvermóðsku má á hin bóginn flokka undir synd. Þessu getur Jesús breytt og gerir í ófáum tilvikum. Hann er jú skapari og höfundur allrar visku. Að nudda stöðugt salti í sár er ekki rétta aðferðin til að græða sár. Þetta vita allir menn. Umbúðir, græðslusmyrsl blönduð saman við nærgætni og blíðu, allt tendrað og fódrað af visku Guðs er betri leið og aðferðin sem lækna sárið. Það þarf nefnilega tíma til að lækna sár manna.

Guð hefur sinn veg á jörðinni. Veg sem liggur í eina átt. Til kirkjunnar þar sem Orðið á heima og allt sem því fylgir er boðað. Kirkju Guðs á jörðinni er stofnun. Og nú er verið að tala um kirkjubygginguna - húsið. Þið vitið - turninn og klukkuna og hin kirkjuhúsin sem er óhefðbundnari útlits. Guð sjálfur vill fá að gefa fyrirmæli um hvernig sitt hús skal starfa á hverjum tíma. Kirkjunnar ber að lúta vilja Drottins. Allir sannir lærisveinar Jesús kappakosta að gera vilja Orðsins. Þá eiga þeir velþóknun hans vísa og njóta allra þeirrar blessunar sem Orðið hefur handa þjónum Guðs. Blessun Orðsins er gríðarleg og í raun ótæmandi og eftirsóknarvert að gera að sínu.

Önnur stofnun er einnig fyrirskipuð að Guðs ráði. Hjónabandið. Báðar þessar stofnanir eru gríðarlega mikilvægar fyrir allt mannlíf á jörðinni. Að hrófla við þessum tveim grundvallarstofnunum ríkjanna getur ekki þýtt neitt nema vanblessun fyrir samfélögin og líf manna og kvenna. Guð forði okkur frá því að hrófla meira við þeim en þegar hefur verið gert. Hvetja skal menn til að snúa af sínum vonda vegi og taka aftur upp fyrri háttu og endurreisa þessar stofnanir til fyrri metorða sem Guð leggur sérstaklega til og vill blessa og vekja honum á þann hátt þægilegan ilm. Þótt einkennilegt sé þá geta verk okkar í trú vakið sjálfum Guði gleði og fögnuð og verið honum já, til þægilegs ilms. Við erum að tala um lifandi Guð.

Bræður og systur! Við aumir menn getum blessað sjálfan Guð með góðri breytni. Við höfum markmið. Við eigum til vit sem Guð gaf hverri manneskju. Notum vitið til að lyfta upp nafni Drottins í mannheimum. Allt svoleiðis gerir gríðarlegt gagn.

Og svo er það hjónabandið:

„ Og Drottinn Guð myndaði konu af rifinu, er hann hafði tekið úr mannum, og leiddi hana til mannsins. Þá sagði maðurinn: Þetta er loks bein af mínum beinum og hold af mínu holdi. Hún skal karlynja kallast, af því að hún er af karlmanni tekin. Þess vegna yfirgefur maður föður sinn og móður sína og býr við eiginkonu sína, svo að þau verði eitt hold. „ (1Mós 2:22-24)

Guð bíður í fyrstu Mósebók að maður skuli yfirgefa föður og móður og búa við konu sína og að þau tvö verði eitt hold. Þarna er skír mynd upp á hjónabandið og samheldnina sem þar á að ríkja samkvæmt vilja Guðs. Eitt hold er líka afskaplega merkileg hugsun í sjálfu sér.

Líkt og áður kom fram þá er hjónabandið stofnun sem Drottinn heitir frá fyrstu tíð að blessa og veita brautargengi undir sínum verndarvæng. Hjónabandið býr til fjölskyldu sem þarf að hlúa að, ala upp og leggja rækt við til að hún verði heimils fólkinu tilætlað skjól í stormvirðum lífsins sem allir menn lenda í og oftast en þeir kæra sig um. Að eiga slík fyrirheiti er ekki léttvæg fundið sem fólk ætti hiklaust að keppa eftir í sínu eigin hjónabandi. Margt er á sig leggjandi til að eignast og tryggja sitt eigið skjól með þeim sem standa manni næstir. Og þarna er Biblían besta leiðbeiningarækið. En hún krefur manninn ávallt um trú og að treysta Orðum sínum. Trúin er því nauðsýnleg í öllu ferlinu til að allt virki rétt.

Blessað hjónaband fer þannig fram að maðurinn og konan mæta á ákveðinn stað sem Drottinn hefur áður fyrirbúið. Þessi staður heitir kirkja Guðs. Allir vita að kirkja Guðs er ekki bara einhverstaðar. Eitthvert hús í bænum. Þótt hún geti verið staðsett hvar sem er og það sé rétt að bærinn sé fullur af húsum. Sannleikurinn samt sá að tiltölulega fá hús eru sérstaklega frátekinn til að vera þjónustaður fyrir lifandi Guð og söfnuð hans.

Kirkjan, húsið, er staðurinn sem menn þurfa að koma inn í til að fá þá þjónustuna sem kirkjunni er ætlað að inna af hendi í þágu fólks. Á þessum ákveðna stað heitir Drottinn því að vera á þegar fólkið, í þessu tilviki verðandi hjón, koma til að láta þússa sig saman, eins og sagt er. Brauðkaup er athöfn sem er nauðsýnleg að fram fari samkvæmt ákveðnum reglum. Reglum sem sjálfur Guð hefur sett. Hann blessar - en á sínum skilyrðum sem brúðhjónin verða fyrst að undirgangast. Með öðrum orðum. Tiltekin athöfn þarf að gerast og vilji manneskjanna þarf til að framkvæma alla hluti rétt og þannig ná allri athygli Drottins. Ekki tengt við orgel og kór, kjól og hvítt, hempuklæddan klerk eða neitt þvíumlíkt eða sveigt veisluborð á eftir. En safnaðarhirðir, prestur, leiðtogi kirkju og safnaðar, gerir athöfnina. Enda valinn af Guði í sitt starf.

Verðandi brauðhjón standa fyrir framan altarið ásamt svaramönnum. Prestur eða safnaðarhirðir fer með ákveðin orð sem fólkið samþykkir: Orðin „ Vilt þú X - í blíðu og stríðu - uns dauðinn aðskilur," - og svo framvegis eru sögð. Fólkið játar. Játning fólksins liggur fyrir. Þarna, við altarið, stendur fólkið andspænis heilögum og óaðfinnanlegum Guði. Þarna er auðvelt verða fyrir áhrifum og að finna til auðmýktar andspænis mikileika Drottins og gerir stundina afskaplega heilaga og undur fagra, séu viðhorf manna rétt. Allt byggist þetta á fólkinu sjálfu og afstöðu þess til málsins hvort fólkið skynji heilagleikann eða verði föður fyrir geispa, stöðugt gláp á úr eða fingraleikir í gsm-símanum sínum.

Þið vitið: „ Hvað! Er þetta ekki að verða búið? - um leið og myndin á veggnum fyrir ofan altarið er skoðuð syfjulegum augum.

Á þessum stað og eftir að játningin liggur fyrir gerist sá stórkostlegi atburður, leyndardómur, að fólkið verður frami fyrir Guði eitt hold. Í raun og veru merkir já fólksins þetta. Eitt hold. Samþiggið liggur fyrir. Og þá gerist stóri atburðurinn að blessun Guðs, smurningin, hvolfist yfir þetta samband og Guð gengur ekki á bak orða sinna. Öll hjón njóta ákveðins blessunar Guðs. Sambandið er blessað og smurt af Guði frá þessu afdrifaríka andartaki. Og þegar fólkið svo gengur út úr kirkjunni á leið heim til sín eða þangað sem ferð er heitið hefur sú breyting átt sér stað að Guð horfir á þau sem eitt, eina heild, ekki í sitt hvoru lagi eins og áður var, þannig séð. Trúin gerir trúaðan mann meðvitaðan um Guð og hann hefur möguleika á að rækta sitt samband út frá þessum grunnpunkti. Öndvert við hinn sem ekki á til þessa trú. En blessunin er til staðar vilji fólkið notfæra sér hana. En þetta getur ekki gerst nema fyrir trú. Hinn vantrúaði leitar ekki Guðs og er staðreynd sem engin þrætir fyrir.

Nú gerist það sjálfkrafa að blessun annars verður eftirleiðis einnig blessun hins. Velgengni annars verður velgengni hins. Gleði annars verðu og gleði hins. Upp er kominn eftirsóknarverð staða og getur einvörðungu gerst og viðhaldist undir blessun og vernd hjónabandsins sem stofnað var til frami fyrir augliti Drottins og í trú fólksins á hinum upprisna Jesús Kristi. Að ganga í það heilaga, við altari Drottins, er sem sjá má ekki bara einhver athöfn, eitthvað formsatriði sem engu máli skipti og gæti þess vegna farið fram hvar sem er annarsstaðar. Athöfnin er Guðleg sem í fellst líf og hamingja. Þarna kemur til kasta einstaklinganna. Þeir þurfa eftirleiðis að rækta sitt hjónaband og næra það með góðum næringarefnum. Ábyrgðin liggur alfarið hjá þeim sjálfum. Guð stendur við sinn part. Hann mun áfram sjá um allt. Eina sem þarf er að trúin hafi sinn fasta sess inn á heimilinu og traustið viðhaldist á degi hverjum til lifandi Guðs viðhaldist og allt heima fyrir er í friði.

Hugsid ykkur! Sjálfur Drottinn er á staðnum þegar maður og kona ákveða að stofna til hjónabands. Svo alvarlega tekur hann þetta og svo mikilvægt telur hann augnablikið vera að hann vill sjálfur fá að blessa ákvörðun fólksins. Blessun Guðs ber að virða og líta á sem heilaga. Og maður hlúir að því sem er manni heilagt og kært og heldur það í heiðri. Ekki satt?

En samt og þrátt fyrir þessa óumdeilanlegu staðreynd og að játunin liggja fyrir andspænis Guði þá skilja samt allt of margir eftir aðeins nokkurra ára hjónaband. Þetta er sorglegt án þess að lagður sé dómur á slíka ákvörðun fólksins. Enda í flestum tilvikum afskaplega erfið og stundum einnig skiljanleg miðað við stöðuna sem upp kom og algert úrræðaleysið sem blasti við. Allt vegna þess að leið sátta og fyrirgefningar var ekki farinn heldur vegur eigingirni- og þvermóðsku sem svo endaði í ískaldri stál í stál stöðu sem hvorki gekk né rak með og upp kom staða sem aldrei mun leiða inn neitt gott en skemma margt.

Ef náð og miskunnar Guðs nyti ekki hver gæti þá orðið hólpinn? Hver fengi þá staðist?

„ Hjúskapurinn sé í heiðri hafður í öllum greinum og hjónasængin sé óflekkuð, því að hórkarla og frillulífismenn mun Guð dæma. „ (Heb 13:4)

Guð hvetur manninn og konuna eindregið til að virða sitt eigið hjónaband og hlúa að því eins og frekast er kostur til að hann fái áfram blessað eins og hann lofar að gera. Þarna er talað um að hjónasængin sé óflekkuð. Flekkuð hjónasæng merkir framhjáhald og framhjáhald innleiðir vanblessun og óhreinindi sem engin vill fá yfir sig en mun þó gerast standi menn ekki við sinn part sáttmálans. Framhjáhaldið lendir á endanum með öllum þunga sínum á báðum aðilum. Öll svik munu komast upp um síðir:

„ Ekkert er hulið, sem eigi verður opinbert, né leynt, er eigi verður kunnugt. Því mun allt það, sem þér hafið talað í myrkri, heyrast í birtu, og það, sem þér hafið hvíslað í herbergjum, mun kunngjört á þökum uppi. „ (Lúk 12:2-4)

Munum! Eitt hold. Blessun yfir bæði. Vanblessun yfir bæði. Þetta má vel leggja út af Orðunum „ Eitt hold. „ Og hví að tala um eitt hold hafi það hvort eð er enga sérstaka merkingu. Í Orðunum „ Eitt hold „ býr leyndardómur og á við um karl og konu sem ákveða að ganga í hjónaband. Eitt hold nær ekki yfir neina aðrar athafnir mannsins nema þessa einu hjónabandið. Sem undirstrikar alvöruna sem að baki býr fyrir allt samfélagið. Við vitum að þar sem fjölskyldan brestur þá brestur líka margt annað í lífi fólks sem jafnvel aldrei mun aftur verða heilt. Sundruð og tætt fjölskylda endurspeglar samfélagið og rótleysið sem þar viðgegnst. Við vitum og að fjölskyldumynstrið í löndunum sem kenna sig við velmegun, þótt áhöld sé um allt slíkt mitt í bankakreppunni, er breytt og því miður ekki til batnaðar. Þar hefur kapphlaupið um aurinn og að hafa í sig og á og að eignast eitt og annað fengið of mikið vægi. Oft á kostnað bæði hjónabandsins og því sem hjónabandið er stofnað utan um. Sem er fyrst og fremst gott og öruggt heimili sem heimilisfólki líður vel í. Í þessu liggur kjarni málsins. Þarna er lykillinn að mörgu öðru góðu sem við viljum hafa en sjáum svo sjaldan.

Er þetta Guði að kenna? Bendir þetta til brestra hjá honum? Þvert á móti. Hann er óumbreytanlegur. Blessun hans er vís. En maðurinn komi til baka og fari aftur undir blessunina sem hann fékk í upphafi við altarið og eftir að játunin lá fyrir. Játun merkir samþykki.

Allur óheiðarleiki í hjónabandinu er Guði andstyggð og gerir að verkum að hann heldur aftur af blessuninni, sem hann þó alls ekki vill gera. Þarf ekki að vera framhjáhald. Óheiðarleiki í viðskiptum, í samskiptum við annað fólk eða bara hvar sem er. Allur óheiðarleiki mun á endanum leiða inn óhamingju og heimilið breytast frá því að vera staður gleðinnar yfir í stað hryggðar og sorgar sem hver húkir inn í sínu eigin herbergi með súran svip á andlitinu og fólk hittist einvörðungu á matmálistímum. Hvar er blessunin í slíku árferði? Í það minnsta er hún lítt sjáanleg. Og hverjum er um að kenna? Manninum einum sem hætti að rækta garðinn sinn eins og fyrrum og snéri sér að öðru og uppskar í samræmi við eigið val. Sem var heimili sem tekur ekki lengur vel á móti honum. Vont sæði vond uppskera. Gott sæði góð uppskera. Svona bara er þetta. Hvort vilja menn? Þeirra er valið.

Brýnt er að hjónin gæti spora sinna og hvað fer í gegnum hugann og fylgi af nákvæmni leiðbeiningum Drottins. Þetta geta allir gert. Stutt er í girndina og allskonar hugsanir og óvinurinn er lævís og á þá ósk eina að koma upp á milli hjóna til að valda sundrungu svo að rót komist á heimilislífið og það hætti að vera sá griðastaður sem að var stefnt. Satan er illur. Undireins og hann kemst inn fyrir dyr heimilisins byrja illskuverkin af fullum þunga. Menn og konur, hjónin, standi því stöðug og virði þessa stofnun sem heitir hjónabandið því að hún er manningum gefin. Hver og einn taki stöðu í Jesús nafni og heiðri á þann hátt nafn lifandi Guðs sem ann öllu fólki.

Hjónaband framkvæmt frami fyrir augliti Guðs er blessun. Enda rétt gert og stenst Orð Guðs. Útilokað er að Jesús vanti þegar tveir eða fleiri koma saman í kirkjuhúsinu í sínu nafni. Ekki er samt svo að skilja að Jesús sé hvergi nema í kirkjuhúsinu sjálfu. Samt skal það haft í huga að kirkjan, byggingin, er sérstakur staður í augum Guðs. Í þessu sérstaka húsi, kirkjunni, fær hjörðin almenna blessun.

Til þess að tryggja sig að allt sem gert er sé rétt gert þarf maðurinn að hafa opin eyru og heyra í Guði, ekki bara endrum og sinnum heldur á hverjum tíma, alla daga, hverja stund. Þetta er brýnt.

Sumt fólk vill ekki gifta sig í kirkju heldur velur það að fara til sýslumanns til að fá téða þjónustu. Allt löglegt. Þetta má. Maðurinn og konan geta farið þessa leið standi vilji þeirra til þess. Hafa skal í huga að verk sýslumanns þarna jafngilda aldrei verkum prests eða safnaðarhirdis í augum Drottins. Slíkt er útilokað. Einnig eru áhöld um hvort fólkið geti vænst sömu blessunar Drottins yfir athöfnina eins og væri ef hún færi fram í Guðshúsi frami fyrir altari lifandi Guðs og andspænis augliti hans undir bænum fólksins og Orði Guðs sem flutt er á staðnum. Líka er spurning um hvort slík athöfn á sýslumannskrifstofu þótt lögleg sé geri fólk að einu holdi í augum Guðs eins og hann talar um í sínu Orði. Til að fá blessun Guðs þarf fólki að koma til hans í Jesús nafni. Önnur leið er ekki í boði. Þetta eru allt vangaveltur sem brýnt er að fólk í giftingarhugleiðingum í það minnsta skoði í fullri alvöru. Hjónabandið þarf frá fyrsta degi að verða heilög stofnun og menn og konur að vera sér meðvituð um eign ábyrgð strax í upphafi. Of seint gæti verið að taka fyrst stöðu þegar brestirnir eru komnir. Hjónabandsgangan er framundan og hófst við altarið. Fólk sem vill sjá viðvarandi farsæld í eigin hjónabandi ræktar þennan garð sinn vel og vandlega og svíkst ekki um né slakar á í eigin körfugerð þarna. Það er til margs að vinna fyrir fólk að vera með Guð með sér í verkinu. Já, alveg frá byrjun. Amen..

Engum er holt að vera einum

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.

„ Þegar Drottinn Guð gjörði jörðina og himininn, var enn alls enginn runnur merkurinnar til á jörðinni, og engar jurtir spruttu enn á mörkinni, því að Drottinn Guð hafði ekki enn látið rigna á jörðina og engir menn voru til þess að yrkja hana, en þoku lagði upp af jörðinni, og vökvaði hún allt yfirborð jarðarinnar. Þá myndaði Drottinn Guð manninn af leiri jarðar og blés lífsanda í nasir hans, og þannig varð maðurinn lifandi sál. „ (1Mós 2:5-7)

Er Guð hafði lokið við að skapa heiminn og setja allt á sinn stað vökva jörðina og gefa jurtunum sitt svigrúm til að gefa af sér ávöxt var næsta verk Guðs að skapa manninn og gera hann líkan sér. Hugsandi vitsmunaveru með sjálfstæðan vilja sem framkvæmdi í frjálsræði sínu hvað sem henni sjálfri hugnaðist. Af þessu er ljóst að þegar maðurinn kom til sögunar var allt klárt fyrir hann til að hefjast handa. Maðurinn kom inn í fullskapaðar aðstæður og engin fyrirstaða. Hann gat strax byrjað og tekið við blessuninni.

(Þessi skipun Guðs er raunverulega enn við lýði. En syndafallið kom með fagurgala höggormsins. Maðurinn gerði vilja höggormsins en hélt sér ekki við Orðin sem Guð hafði áður talað við manninn og breytti þá engu þó að boð skögultanna væru augljóslega á skjön við það sem Guð var búinn að segja. Menn, já allt til dagsins í dag, hlýða ekki Guði og gera ekki vilja hans og mannlífið og náttúran stynur undan yfirtroðslunni sem fólk margt hvert lætur stjórnast af.)

En Guð vildi skapa manninn eftir sinni mynd og notaði til verksins efni sem hann þegar hafði búið til og tók vökvaðan og mýktan leir jarðar. Ekkert listaverk verður til úr þurru leir. Spyrjið bara leirkerasmiðinn. Vatn þarf að komast að til að hægt sé að hnoða og móta leir. (Um 60% mannlíkamanns er vatn.) Vatnsósa leirnum var svo hrúgað upp hann hnoaður og myndað úr honum fagurlega gerður mannlíkami. Guð reisti sig upp, leit yfir handarverk sitt og var harla ánægður. Enn var ekkert líf í þessu. Verkinu lauk heldur ekki hér. Guð ætlaði sér meira en að búa til stytta gerða úr leir jarðar. Það sem hann vildi sjá var lifandi manneskja sem gæti tjáð sig, hugsað sjálfstætt, gengið um, valið, virt fyrir sér fegurðina, hlegið, grátið og sýnt tilfinningar. Reka þurfti endahöggið á sköpunina sem þarna lá að öðru leiti fullgert. Setja punktinn yfir ið, eins og sagt er

Guð vissi hvernig átti að fara að þessu. Hann beygði sig aftur yfir mótaðan leirinn á jörðinni, bar varir sínar upp að nösnum mannsins og blés lífinu inn í gegnum nefið. Líf færðist í kroppinn, eðlilegur húðlitur kom fram, roði sást í kinnnum tveim, augun lukust upp, höfuðið snérist fyrst til hægri, svo til vinstri og maðurinn reisti sig frá jörðu og settist. Eftir skamma stund leit hann upp og sá þá Guð sem stóð yfir honum með hendur á mjöðmum og brosti. Fegurð blasti við fyrsta manninum og mikil dýrð. Sjálfur Guð í öllum mætti sínum og mikilleik var hið fyrsta sem hann sá. Maðurinn vissi undireins hvern hann hafði séð. Guð. Þekkir þú Guð?

Sannleikurinn er að það sem af jörðu er tekið verður aftur mold. Hið eilífa vill Guð fá til sín. Hið eilífa er sá hluti mannsins sem kom í hann með blæstri Guðs um nasir mannsins. Hluti af sjálfum skapara himins og jarðar barst þannig yfir í manninn og fæðist fram í hverri mannveru fyrir sig og gefur henni sinn sérstaka karakter og eiginleika sem engin annar býr yfir í allri veröldinni. Guð vill skapa nýjan einstakling með hverjum getnaði sem á sér stað í mannheiminum. Við sjáum hér hvaða augum Drottinn lítur fóstureyðingar. En Drottinn elskar, hann er og miskunnsamur og fús að fyrirgefa manninum yfirsjónirnar.

Jesús kom og dó fyrir hið eilífa sem í manninum býr. Fyrir það lagði Jesús á sig allt sitt erfiði sem Guð lagði honum á herðar og gekk, að vilja Guðs, syndlaus í gegnum sitt líf með allar mannlegar tilfinningar og hugsanir í sér sjálfum. Alveg eins og ég og þú gerum þurfti Jesús einnig oft að velja.

En öndvert við okkur valdi Jesús ávallt að gera vilja Guðs, ekki sinn eigin vilja eins og við svo oft gerum. Og líka þess vegna hrösum við Afrek Jesús að þessu leiti er miklu stærra heldur en menn almennt gera sér grein fyrir þegar haft er til hliðsjónar að menn, ég og þú, geta ekki gengið í gegnum einn dag án þess að syndga. Ill hugsun er synd í augum Guðs. Og hver af okkur getur sagst vera hreinn að þessu leiti og vera um leið hreinskilinn og heiðarlegur í svörum. Ekki nokkru maður. Af þessu sjáum við að gangvart Guði er staða mannsins algerlega vonlaus. En afrek Jesús og syndleysi opnaði manninum leið. Nú er hver sá hólpinn sem trúir. Guð gat ekki skilið manninn eftir vonlausan innanum öskrin á öræfunum, endurtekinn hrunadans sem allir menn þekkja sem í heiminum búa. Guð hlaut að gera eitthvað og líka gerði það í Jesús:

„ **Verðið eigi margir kennarar, bræður mínir. Þér vitið, að vér munum fá þyngri dóm. Allir hrösum vér margvíslega. Hrasi einhver ekki í orði, þá er hann maður fullkominn, fær um að hafa stjórn á öllum líkama sínum.** „ (Jak 3:1-2)

En aftur til upphafsins. Til hins fyrsta manns.

Guð rétti liggjandi manninum hönd sína. Maðurinn teygði og sína hönd í átt að hinni. Lófar læstust hver utan um annan. Augnabliki síðar var maðurinn staðinn á fætur á sínum tveimur fótum nakin án þess að nektin truflaði hann hið minnsta. Hitinn úti var enda þægilegur og golan heit.

Adam átti yndislegt samfélag við Guð. Sagan segir að þeir hafi gengið saman í kveldsvalanum í algerri einingu og í einni hugsun. Mynd upp á kirkjuna í dag undir leiðsögn og stjórn Jesús Krists fyrir kraft Heilags Anda.

Einn hængur var samt á þessu magnaða samfélagi manns og Guðs. Adam greyinu leiddist svolítið. Já, honum hundleiddist. Þetta kom æ betur í ljós eftir því sem dagarnir liðu. Guð varð og þessa áskynja. Og hér er komið upphafið af því sem síðar varð. Að viðburðarríkasta kafla mannkynssögunar sem við enn glímum við og súpum seyðið af. Syndafallinu. Meira um það síðar.

Þá greip Guð til þess ráðs að kalla öll dýrin fram fyrir Adam til að athuga hvort hann fyndi ekki eitthvað þar sem honum líkaði við og gæti veitt honum nægilegan félagsskap. Og hann notaði tímann og lét manninn gefa hverri dýrategund fyrir sig eigið nafn. Maðurinn fær strax að vita að hann sé Guði mikilvægur og velþóknalegur sem Guð treysti og vill nota til sinnar þjónustu.

Og dýrin koma fram fyrir manninn eitt af öðru. Adam strýkur hökuna og segir:

„ **Ljón:** „ - og leit stoltur á Guð brosandí út að eyrum.

Nafngiftirnar halda áfram:

„ Svakalega er þetta dýr lappalangt, doppótt og hálsmjótt. Það eru ekki minna en fimm metrar frá jörðu og upp að eyrum skepnunnar og þyngdin á milli eitt og tvo tonn. Fyrr má nú vera. Best að láta það heita **Gíraffi**.

Nei nei! Sprettharður búkur sem þarna hleypur. Fer bara framúr öllum á svæðinu en er sjálfur ekkert nema fiður, langur háls, pínulítill haus með goggi á, mjóar lappir ásamt smá vængstubbum ofan á bakinu. Hann fær nafnið **Strútur**.

Vá maður! Sá er loðinn og þunglamalegur þessi. Og svo rís hann upp á afturfætturna og krefsar út í loftið með framfótunum og glennir upp ginið og rekur upp öskur. Engar smá tennur. Hlýtur að vera hroðalega andfúll með allar sínar gulu óþrifnu tennur upp í sér. **Skógar björn** er gott nafn á þetta dýr.

Nei nei nei nei. Hvað kemur þarna? Mörg tonn af kjöti sem labbar þunglamalegt og dapurt í átt að mér grátt að lit með rana sem nær allt til jarðar og risastór eyru sem hreyfast fram og til baka. Þvílíkar lappir. Minnir mann á velvaxið tré. Jah hérna! Hundur skal ég heita ef ég gef þessum ekki nafnið **Fíll**.

Hvílíkur ullarhnoðri þetta. Og hornin. Þau eru sterkleg. Með góðu tilhlaupi getur þessi gefið þungt högg. Að heyra hljóðin sem skepnan gefur frá sér. Heyrið: „Meeee. „ - Hverslags er þetta. Er kind gott nafn á svona snúin horn? Já, sláum til. **Kind**.

Hahahahahaha. Hvað kemur þarna fljúgandi og sest upp í tréð gegnt mér? Kvikindið er fallett með hvítan haus og boginn gogg og þakin fjöðrum hvert sem litið er. Og ekkert smáræðis vænghaf. Margir metrar. Held ég. **Skallaörn** er gott nafn á þennan fugl.

Fugl já. humm."

Adam horfði hugsandi upp í himinhvolfið: -

„ Þessi sem þarna svífur um og tyllir löppum á staka grein er öllu álappalegri en hinn þótt stór sé. Lítil haus, boginn háls og sterklegur goggur og lymskuleg augu. Býr samt yfir ákveðinni fegurð. **Hrægammur** - takk fyrir. Mátulegt á þig.

Halló halló! Bíddu aðeins. Rólegan æsing. Hvert þykist þú vera að fara rebbinn þinn, gaggandi eins og ég veit ekki hvað. Hmm. Þarna kom það. **Refur** skaltu heita. „ -

Adam klóraði sér í höfðinu og strauk hökuna hugsu. Verki hans var fráleitt lokið. Stór hjörð beið fyrir framan manninn samkvæmt skipun skaparans. Guð fylgdist með á lengdar og skráði öll þessi nöfn hjá sér og var afskaplega stoltur af manninum. Á sínum tíma lauk verkinu. Dýrin búin komin með eigið nafn til eilífðar. Adam var orðin þreyttur en samt ánægður með traustið sem Guð sýndi honum.

Vitaskuld er þetta skáldskapur. En hugsanlega gekk nafngiftin svona fyrir sig hjá Adam.

Dýrin allt í kringum hann voru á sinn hátt vinir hans. En samt gáfu þau honum ekki allt sem þurfti í nauðsýnlega vináttu:

„ Þá myndaði Drottinn Guð af jörðinni öll dýr merkurinnar og alla fugla loftsins og lét þau koma fyrir manninn til þess að sjá, hvað hann nefndi þau. Og hvert það heiti, sem maðurinn gæfi hinum lifandi skepnum, skyldi vera nafn þeirra. Og maðurinn gaf nafn öllum fénaðinum og fuglum loftsins og öllum dýrum merkurinnar. En meðhjálp fyrir mann fann hann enga við sitt hæfi. „ (1Mós 2:19-20)

Vissulega gat hann talað við hundinn sinn sem lá hálfsofandi við fætur húsbónda síns og rak annað veifið upp lágvært bofs sem svar við einhverju sem maðurinn talaði til hans um en var fyrir Adam bara hljóð sem hann gat ekki frekar en aðrir vitað hvað þíddi. Engum manni er gefin slík greining. Hann fékk ekki svar til baka í orðum frá ferfætlingnum sem annað veifið reisti upp haus til að sleikja hendur húsbónda síns í sinni undirgefni.

Og kötturinn sem kúrði sig svo þægilega í kjöltu hans og malaði í sinni vellíðan gaf stundum frá sér sitt mjá sem svar. En kvað var kisa greyið að segja við hann? Hvað lagði hún inn í samtalið - var spurning sem Adam fékk ekki svar við og mundi heldur aldrei fá úr þessari átt.

Hesturinn út í haganum sem þar stóð og sveiflaði taglinu til að reka burt flugur sem í óleyfi settust í feldinn, var með hausinn niður við grasvörðinn og hámaði í sig safaríkt grængresið. Hrossið varð líka einn af vinum Adams í dýraríkinu. Í hvert skipti sem maðurinn sást koma yfir hæðina kom Hrossi á

móti honum. Og er þeir stóðu saman talaði Adam við sitt hross á meðan hann klóraði dýrinu á bak við eyrað sem við það hristi sinn stóra loðna haus og gaf frá sér hnegg. En hvaða svar var þetta sem hrossið gaf og hvað merkti hnegg? Það gat Adam ekki skilið frekar en aðrir menn sem dvalið hafa á vorri jörð allt til dagsins í dag.

Apinn sem stundum klifraði niður úr trénu og skreið upp í fang Adams og kúrði sig við brjóst hans. Sömu sögu var að segja um hann. Eina hljóðið þaðan voru skrækir og stundum hljóðlaust stökk afturábak sem endaði með harðaspretti á höndum og fótum upp gildan trjástofninn uns skepnan hvarf á bak við laufblöð trésins. Allt með sínum óhljóðum.

Allt var þetta í sjálfu sér gott. Samt vantaði eitthvað meira.

Adam settist niður og varð hugsi:

„ Mikið væri nú gaman að heyra rödd annarrar manneskju „ – sagði hann við sjálfan sig og horfði dreymandi á trjágróðurinn andspænis sér. Lítil randafluga flaug suðandi um á milli blómanna sem var rétt við trjágróðurinn og settist á sum af þeim og saug sína næringu. Umhverfi Adams var baðað fegurð og lífi.

Ekki er erfitt að ímynda sér gleðina sem gagntók hjarta Adams þegar hann varð þess áskynja að skaparinn var mættur til að eiga við hann fund og ganga um með honum í kveldsvalanum.

En nú var komið að stund aðgerða hjá Guði. Hann vildi bæta manninum upp söknuðinn og leiðan. Hann þráði hafa Adam glaðan en ekki hryggan og leiðan eins og hann sá að ágerðist hjá honum með hverjum degi sem leið:

„ Drottinn Guð sagði: Eigi er það gott, að maðurinn sé einsamall. Ég vil gjöra honum meðhjálp við hans hæfi.

Þá lét Drottinn Guð fastan svefn falla á manninn. Og er hann var sofnaður, tók hann eitt af rifjum hans og fyllti aftur með holdi. Og Drottinn Guð myndaði konu af rifinu, er hann hafði tekið úr manninum, og leiddi hana til mannsins. Þá sagði maðurinn: Þetta er loks bein af mínum beinum og hold af mínu holdi. Hún skal karlynja kallast, af því að hún er af karlmanni tekin. Þess vegna yfirgefur maður föður sinn og móður sína og býr við eiginkonu sína, svo að þau verði eitt hold. „ (1Mós 2:18. 21 - 24)

Hér er kominn upp ný staða í ferlinu sem vissulega gat brugðið til beggja vona með vegna þess að maðurinn hefur sjálfstæðan vilja. Þetta vissi Guð. En hann er góður og kærleiksríkur og mætir þörfum mannsins.

Og mikið var þessi gjöf Drottins yndisleg. Mikið var gaman að heyra rödd annarra manneskju hljóma í sínum eyrum og vera með hana sér við hlið og ganga með henni í garðinum talandi um allt sem Adam og Eva vildu tala um. Og þegar Guð kom voru þeir ekki lengur tveir sem gengu um í kveldsvalanum heldur þrjú.

Adam og Eva vissu bæði um tréð sem stóð í miðjum garðinum. Vissu að þetta tré máttu þau ekki eta af né snerta. Þau vissu ekki hve oft þau höfðu gengið framhjá trénu og horft á þetta mikla tré án þess að láta freistast. Það bara stóð þarna innanum mörg önnur tré sem þau teygðu sig í greinarnar á og átu ávöxtinn af eins og þeim lysti.

Og þau töluðu saman, göntuðust og hlógu og lífið var stanslaust stuð frá morgni til kvölds. Bæði voru nakin án þess að nekt hins truflaði hið minnsta. Þau veittu henni ekki einu sinni minnstu eftirtekt.

En svo komust blikur á loft. Eva fór að veita athygli hreyfingu við hið forboðna tré sem ágerðist eftir því hún leit þangað oftar. Að endingu fór hún til að huga nánar að. Forvitnin var vakin. Höggormur hringaði sig niður tréð og horfði í augu konunnar og eins og dáleiddi hana. Og hann byrjar að tala og spyrja. Ósköp nærgætin en samt ísmeygilega:

„ Er það satt, að Guð hafi sagt: Þið megið ekki eta af neinu tré í aldingarðinum? Þá sagði konan við höggorminn: Af ávöxtum trjáanna í aldingarðinum megum við eta, -en af ávexti trésins, sem stendur í miðjum aldingarðinum, af honum, sagði Guð, megið þið ekki eta og ekki snerta hann, ella munuð þið deyja. Þá sagði höggormurinn við konuna: Vissulega munuð þið ekki deyja! „ (1Mós 3:1-4)

Og hin háskalegi leikur konunnar við tréð hélt áfram.

Með syndafallinu opnaðist leið inn í lífið fyrir synd, dauða, alla sjúkdóma, grimmd, reiði, hatur, beiskju, ógæfu, græðgi, hjónaskilnaði, uppflosnuð heimili, endalausar afsakanir og feluleiki og allt annað sem engin vill búa við en svo margir þurfa samt að gera. Allt vegna þess að ein mannskja varð forvitin og fór að kanna það sem hún áður var búinn að fá aðvörun um að láta með öllu ógert. Manneskja sem vissi að ef hún gerði þetta og félli fyrir freistingunni myndi hún vissulega deyja. Dauðinn kom ekki strax. En líkaminn var búinn að taka dauðann inn á sig og hann mundi ekki víkja frá henni fyrr heldur en hann fengi sitt. Dauðinn sleppir engum átakalaust.

Hitt sem er staðreynd er að maður talar við mann og maður sannfærir mann sem og er ástæða þess að þetta upphaf má rekja til leiða Adams sem hreyfði við hjarta Guðs og hann skóp Evu honum til samlætis. Nú var Adam ekki lengur einn heldur kominn með meðhjálp. Sem vissulega var og er blessun fyrir manninn:

„ En er konan sá, að tréð var gott að eta af, fagurt á að líta og girnilegt til fróðleiks, þá tók hún af ávexti þess og át, og hún gaf einnig manni sínum, sem með henni var, og hann át. Þá lukust upp augu þeirra beggja, og þau urðu þess vör, að þau voru nakin, og þau festu saman fikjuviðarblöð og gjörðu sér mittisskýlur. En er þau heyrðu til Drottins Guðs, sem var á gangi í aldingarðinum í kveldsvalanum, þá reyndi maðurinn og kona hans að fela sig fyrir Drottni Guði millum trjáanna í aldingarðinum. Drottinn Guð kallaði á manninn og sagði við hann: Hvar ertu? „ (1Mós 3:6-9)

Þarna notar Guð í fyrsta skipi orðin; „Hvar ertu" í samskiptum sínum við manninn. Þarna er í fyrsta skipti kominn upp sú staða hjá manninum að honum langar ekki lengur til að hitta Guð sinn sem hann áður fagnaði svo ákafleg og þráði að vera í samvistum við og meiri samvistum heldur en minni samvistum.

En hví kallar Guð með þessum hætti á manninn? Vissi hann þá ekki hvar hann var? Veit hann kannski ekki allt?

Vissulega. En það sem við honum blasti var ekki áhugavert í hans augum. Maðurinn var búinn að setja upp grímu og ákveðið leikrit komið af stað vegna þess sem gerðist.

Guð vissi að uppsett gríman myndi leika manninn grátt. Með orðunum „Hvar ertu" - er hann raunverulega að segja manninum að stíga framfyrir grímuna og koma fram fyrir sig eins og hann er grímulaus, með sín mistök, með sína skömm og með allar byrðarnar sem nú voru á herðum mann og konu tilkomnar vegna óhlýðni við tilskipun Guðs og gerðist við rætur tré góðs og ills. Minnir manninn á að elska hans til mannsins sé óbreytt þrátt fyrir það sem á undan er gengið. Guð gerir tilraun til að vinna hann aftur yfir á sitt band. En sannleikurinn er að syndin sleppir engum tókum fyrr heldur en í fulla hnefanna. sem og er ástæðan fyrir fæðingu og komu Jesús Krists í heiminn

Næsta sem Guð gerði var að reka manninn burt úr garðinum, fá honum áhöld sem hann gat ræktað jörðina með. Og þar mundi hann vinna í svita andlits síns til að fá brauð til að næra sig á. Syndin getur ekki búið þar sem Guð ræður ríkjum.

Syndafallið leggur raunverulega grunninn að Biblíunni, Heilögu Orði Guðs. Biblían er handbók fyrir líf mannsins. Kominn vegna syndarinnar. Í henni má finna leiðbeiningar og reglur sem gefa mannum færa leið um hafsjó- og öldurót lífsins. Allir sem fylgja Biblíunni munu að mestu komast klakalaust frá aðstæðum og kringumstæðum sem allstaðar koma upp. Biblían minnir manninn stöðugt á Guð sem hinn eina lausnara og að Guð hefur talað og það sem Guð segir er óafturkræft.

Jesús innleiddi fyrirgefninguna og gaf mannum trú og Heilagan Anda sem heldur honum á réttum vegi í gegnum samfélagið, lestur, bæn, fræðslu í Orðinu og aðra mikilvæga þætti göngunnar með Jesús.

Allt breyttist með syndafallinu. Og allt breyttist á nýjan leik hjá mannum þegar hann gengur til liðs við lausnarann sinn og frelsara Jesús Krists. Þá opnast aftur leiðin sem lokaðist að baki Adam og Evu er þau urðu að yfirgefa sælureitinn sinn og ganga hnípin inn á yfirráðasvæði aðila sem ekki tekur þeim með neinum vettlingatökum og Biblían segir að heiti Satan - sem merkir víst andstæðingur:

„ Þá lét Drottinn Guð hann í burt fara úr aldingarðinum Eden til að yrkja jörðina, sem hann var tekinn af. Og hann rak manninn burt og setti kerúbana fyrir austan Edengarð og loga hins sveipanda sverðs til að geyma vegarins að lífsins tré. „ (1Mós 3:23-24)

Lausnin:

„ Og engillinn kom inn til hennar (Maríu. Innskot höfundar) og sagði: Heil vert þú, sem nýtur náðar Guðs! Drottinn er með þér. En hún varð hrædd við þessi orð og hugleiddi, hvílík þessi kveðja væri. Og engillinn sagði við hana: Óttast þú eigi, María, því að þú hefur fundið náð hjá Guði. Þú munt þunguð verða og son ala, og þú skalt láta hann heita JESÚ. Hann mun verða mikill og kallaður sonur hins hæsta. Drottinn Guð mun gefa honum háseti Davíðs föður hans, og hann mun ríkja yfir ætt Jakobs að eilífu, og á ríki hans mun enginn endir verða. „ (Lúk 1:28-33)

Fræðslan er mikilvæg og réttir af stefnunna

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

„ Ég hefi feykst burt misgjörðum þínum eins og þoku og syndum þínum eins og skýi. Hverf aftur til mín, því að ég frelsa þig. Fagnið, þér himnar, því að Drottinn hefir því til vegar komið, látið gleðilátum, þér undirdjúp jarðarinnar. Hefjið fagnaðarsöng, þér fjöll, skógurinn og öll tré, sem í honum eru, því að Drottinn frelsar Jakob og sýnir vegsemd sína á Ísrael. Svo segir Drottinn, frelsari þinn, sá er þig hefir myndað frá móðurkviði: Ég er Drottinn, sem allt hefi skapað, sem útpandi himininn aleinn og útbreiddi jörðina hjálparlaust, sá sem ónýtir tákn lygaranna og gjörir spásagnamennina að fíflum, sem gjörir vitringana afturreka og þekking þeirra að heimsku, sem staðfestir orð þjóns síns og framkvæmir ráð sendiboða sinna. Ég er sá sem segi um Jerúsalem: Verði hún aftur byggð! og um borgirnar í Júda: Verði þær endurreistar, og rústir þeirra reisi ég við! Ég er sá sem segi við djúpið: Þorna þú upp, og ár þínar þurrka ég upp! Ég er sá sem segi um Kýrus: Hann er hirðir minn, og hann skal framkvæma allan vilja minn og segja um Jerúsalem: Hún skal endurreist verða og musterið grundvallað að nýju! „ (Jes 44:22-28)

Fræðslan í Guðs Orði er mikilvæg. Sjálfur friðarinn Guð staðfestir það sem útsendrar hans segja. Fræðslan í Orðinu er grunnurinn á göngunni með Jesús Kristi. Með aukinni þekkingu lærum við æ

betur hver sé vilji Jesús. Sá sem ekki vill fræðast um Orðið mun ekki ná settu marki né verða stoð í ríki Guðs. Þetta breytir þó ekki hinu að allir kristnir menn vilja verða verðug verkfæri og notadrjúg í hendi Guðs. En til þess að af því geti orðið þarf maðurinn að læra um Jesús til að vita hvað hann segir. Með þekkingunni skilur hann að Guð fer ekki leiðir heimsins heldur sínar eigin leiðir. Í þeim liggur enda sigurinn. Að vilja er því ekki nóg þótt það sé vitaskuld fyrsta skrefið.

Menn verða að vinna að settu marki til að geta orðið verðugir þjónar. Að vera í Guði er ekki sama og að tjaldað sé til einnar nætur. Maðurinn kemst í eilífðarsamfélag við Guð sem byrjar þegar hann endurfæðist og heldur svo bara áfram dag frá degi allt inn í eilífðina og út í hið óendanlega inn í eilífðinni. Stórkostlegt fyrirheiti. Að miklu er því að vinna og brýnt að byggja góðan grunn undir gönguna framundan. Það er ljóst.

Þessa vísa hefur oft verið sögð en er samt aldrei of oft kveðinn frekar heldur en Orðið sjálft.

En er þá fræðslan bara ekki nóg? Gott ef svo væri. Þá lifðum við líka öll þægilegu kristnu lífi án átaka og annarra þátta. Gallinn við slíkt er að svoleiðis breytni manna er á skjön við það sem Biblían segir að hver maður sem tilheyri hinum upprisna Jesús þurfi að glíma harða glímu við sjálfið, umhverfið, eigin trú, efa og annað í þeim dúr.

Orðið sjálft hvetur sitt fólk stöðuglega til að segja öðrum frá eigin vitnisburði. Ef fræðslan eins og sér er nóg og ekkert annað ætlast til af mannum nema að innbyrða sem mest yrði það leikur einn að stunda sínar safnaðarsamkomur og vera kristinn manneskja. En þannig talar ekki Orðið. Og hver gæti þá frelsast ef söfnuðirnir kepptust allir eftir því að háma í sig fræðsluna og að verða akfeitir af andlegu fæðunni og sætu svo bara áfram sem fastast á sinni fræðslu og segðu engum frá neinu? Hver gæti þá frelsast og hvernig ætti þá söfnuðurinn að stækka eins og hann vill sjá gerast ef engin fer út með það sem hann veit og hefur fræðst um hvað Jesús og verk hans áhræra? Orðið er lifandi og kröftugt og líkar illa öll kyrrstaða. Enda gert til að vera stöðugt á hreyfingu matandi mann og annan.

„ Þegar þér komið saman er það ekki til þess að neyta máltíðar Drottins, því að við borðhaldið hrifsar hver sína máltíð, svo einn er hungraður, en annar drekkur sig ölvaðan. Hafið þér þá ekki hús til að eta og drekka í? Eða fyrirlítið þér söfnuð Guðs og gjörðið þeim kinnroða, sem ekkert eiga? Hvað á ég að segja við yður? Á ég að hæla yður fyrir þetta? Nei, ég hæli yður ekki.

„ (1Kor 11:20-22) Þarna er líklega átt við veraldlega fæðu fremur en andlega en getur samt vel átt við um það efni sem hér er fram sett. Að brýna menn til að miðla fræðslunni frá sér en sitja ekki einn á sinni þekkingu er markmið og tilgangur Orðsins. Hugsíð ykkur allt fólkíð sem hungur og þyrstir eftir Orðinu án þess kannski að gera sér grein fyrir því sjálft að þetta hungur í akkúrat Orð Guðs búi innra með því. Þetta kemur fram í miklum tómléika sem menn og konur upplifa með sér sjálfu sem þekkja ekki Jesús. Tómléika sem blessað fólkíð reynir svo að svala með ýmsu móti sem heimurinn og holdið kalla eftir. Þekkingin nær ekki til Orðsins sem er til að fylla allt í öllum og er fyrir hjartað. Þekking sem býr í munnni hins kristna sem hann hefur þegið í söfnuðinum undir kennslu fortöðumanns eða annarra safnaðar meðlima sem stíga fram með Orðið á vörum. Maður Krists hefur reynsluna og stígi því fram í þekkingu og eigin reynslu. Sem er mikilvægt.

Sem sjá má er andleg spíksöfnun og endalaus seta á kirkjubekk ekki vilji Guðs. Fullt hjarta af Orði Guðs er eitthvað sem þarf að vinna með og útbreiða. Og margir eru fullir af Orði Guðs en hafa ekki enn gert neitt með það. Þetta fólk þarf því að stinga sveifinni í og snúa í gang og senda á eftir út af örkinni.

Til þess er fræðslan fari sem víðast og heyrst sem oftast þarf að opna munn sinn og tala. Allir geta fyllt hjartað með því að sækja kennslu og aðra kristilega þætti sem hvert samfélagið býður. En rétt hugsun þar er að mæta til að eiga meira í sarpinum til að miðla til þurfandi og hungraðra. Víða ríkir gríðarleg hungursneyð sem þó kemur velferð í hinu sýnilega lítt við og á við um hið andlega líf. Þar er Kristur einn að verki. Hann einn seður þá sem hungur og þyrstir eftir réttlætinu og að eignast

yllingu inn í sitt líf. Með fræðsluna í hjartanu höfum við eitthvað til að gefa og getum mætt fólkinu þar sem það er á andlega sviðinu þar sem Jesús starfar fyrir sinn Heilaga Anda. Í hinu andlega byrjar allt og þegar það er fullgert þar fæðist það inn í heiminn og opinberast jarðarbúum. Í Kristi fæðast fram góðir hlutir. Í hinum vonða verða til verk sem fæst okkar viljum hafa í ranni okkar en margir lifa við. En allt á þetta sitt upphaf í hinu ósýnilega.

Við sjáum að brýnt er að gera eitthvað með fræðsluna og segja öðrum frá. Öll höfum við reynt margt í Jesús og höfum ýmsu að miðla sem öðrum má að gagni koma:

„ Hann sagði við þá: Farið út um allan heim, og prédikið fagnaðarerindið öllu mannkyni. Sá sem trúir og skírist, mun hólpinn verða, en sá sem trúir ekki, mun fyrirdæmdur verða. „ (Mark 16:15-16)

Þetta tekur af allan vafa og útilokar þá sem segja: „ Mín trú er bara fyrir mig. „

Og:

„ Mér líkar ekki öll þessi hlaup og hróp og svoleiðis. „ - Svona afstaða opinberar að viðkomandi hefur ekki haldgóða þekkingu á Orði Guðs og líður best með sinn guð niður njörvaðan ofan í kassa.

Fræðslan virkar og vex í mannum þegar hann fer að gefa af sinni fræðslu. Þá kemur líka blessunin og trúin ekki bara vex heldur styrkist hún líka þegar manneskjan upplifir Heilagann Anda í því sem hún sjálf er að gera. Heilagur Andi er kennari mannsins og útskírir ritningarversin fyrir honum. En hann er líka í verkunum, úti á akrinum, innanum fólkið sem þar er og bíður spennt eftir að Guðs menn og konur komi til sín og segi sér frá. Andi Guðs fer ekki í manngreinaralit. Hann starfar með og í öllum sem Jesús hefur fyllt með sínum Heilaga Anda. Hjá Andanum er ekki stéttarmunur. Þeir sem stíga fram njóta leiðsagnar Anda Guðs.

Virk fræðsla sést í verkum manna og kvenna sem hafa meðtekið sína fræðslu og skilið hana rétt. Já, í hinu daglega sést hún. Þar sem uppfræddur maðurinn er þar skal fræðslan heyrast. Fræddur maður sem skilur og lifir daglega með Drottni sínum og frelsara er vitnisburður á hverjum tíma. Trúin og kærleikur Drottins knýr hann og hún á og líka vill hvetja hann til enn meiri dáða og verka. Já, til stórvirkja í Jesús nafni.

Jesús er með net sitt úti og endurfæddur maðurinn er beitan sem hann er með sem „ lokkar „ fólkið að sem svo flækist í þessu neti og bjargar lífi sínu. Hér eru á ákveðinn hátt öfugmæli sögð en þannig er þetta samt í Jesús. Allir sem þannig flækjast í neti sem Jesús hefur lagt tekur hann að sér og endurfæðir hinn flækta mann eða konu og flytur fólkið á eftir inn í sitt hús. Og allt hans verður líka þeirra. " Allt mitt er þitt. " Uppfræddur maður sem hvorki vill leggja net Jesús né vera þessi beita fyrir hann hefur ekki skilið hlutverk sitt sem kristins manns rétt. Hann hefur sannfært sjálfan sig um að trúin sé ekkert til að auglýsa heldur sé bara fyrir sig einan. Fjöldi manns er á þessum afleita stað. Fólk sem Drottinn þráir að yta fram og virkja eins og köllunin segir til um. Beitan sem hér er talað um er dagleg breytni mannsins sem á hverjum tíma lofar sinn Guð í þakkargjörð og auðmýkt og er nokkuð sem fólkið í kringum hann sér og mörgum finnst áhugavert, já og líka í mörgum tilvikum merkileg.

Jesús leggur ofuráherslu á syndarann í allri sinni fræðslu og í öllu sem hann gerir. Öll þjálfun sinna manna og kvenna miðast við syndarann og að losa manninn úr snöru fuglarans. Engin önnur kennsla kemst að hjá Kristi nema haldgóð þekking á vilja sínum og þörf mannsins á að losna undan syndinni. Hann er rólegur með sína hundrað sauði en óróast undireins og einn villist frá. Þá skilur hann þá níú og nú eftir sem hvort eð er eru rólegir heima og fer að leita hins týnda og unir sér engrar hvíldar fyrr heldur sá sem týndur var er fundin og kominn heill í hús og er um leið öruggt merki og hróp til fólksins um elsku Guðs og hversu áreiðanlegur hann er. Orð Guðs er sannleikur. Jesús þráir að fá

syndarann yfir til sín en er nokkuð sem getur samt ekki gerst nema Orðið komist fyrst inn í hjartað og fái unnið sitt verk og gert hjarta mannsins klárt fyrir stóra stökkið. Frelsunina og innreið Heilags Anda inn í líf viðkomandi einstaklings. Vitnisburður og flekklaust og staðfast líf hins trúaða er mögnuð beita sem fólk horfir á. Það er við slíkar aðstæður sem sumir segja:

Hvað á þessi sem ég á ekki sjálf/ur? „

Syndin getur ekki og má heldur ekki ríkja yfir mannum. Látum ekki blett falla á verk Drottins með óskynsamlegu líferni. Fyllum okkur heldur af rétri þekkingu og framgöngum í hinu góða, fagra og fullkomna. Sem er skýlaus vilji Drottins. Engin blekki lengur sjálfan sig í þessum efnun heldur gefist Kristi heilshugar. Nú er rétti tími til að endurskoða málið og trúarlífið og taka „ U „ beygju þar sem hennar er þörf.

Uppfræddur maðurinn með öflugan trú í sínu hjarta veit hvað ótti Drottins merkir og forðast að aðhafast neitt hjá sér sjálfum sem hryggir hjarta Herrans. Hann er dái syndinni. Í hinu daglega þurfa verkin að endurspeglar trúarlífið og opinbera Jesús eins og hann er. Við sjáum þarna að syndin má ekki og getur heldur ekki verið með. Hún verður algerlega að útilokast frá öllu sem við gerum: -

„ Drottinn gefðu þínu fólki að sjá þetta með þessum augum. „

Elsku vinir! Biðjum Drottinn Jesús um að sýna okkur hvílík skemmdarverk syndin fær unnið í söfnuðum Guðs á jörðinni. Og verum viss. Verk syndarinnar berast út fyrir herbúðirnar og til þeirra sem eiga að erfa ríkið með okkur en í stað þess að þeir dragist að Jesús þá hrekjast þeir frá og jafnvel enn lengra inn í þetta ægilega myrkur sem heimurinn býr yfir. Satan mun sjálfur sjá til þess að leka þeim upplýsingum út og bæta við frekar heldur en að draga úr. Og takið eftir einu að Satan veit nákvæmlega hvernig kristinn maður á að hegða sér samkvæmt Orðanna hljóðan og veit upp á hár hvenær kristinn maður syndgar og líka sér þegar hjartað sveigist inn á varhugaverða braut þar sem allskonar freistingar verða á vegi hans og margar tælandi og ögrandi. Og hann gerir allt sem hann kann til að magna eldanna sem freistingin og löngunin hefur kveikt. Á stund freistinganna og holdsins langana getur fræðslan ráðið úrslitum um fall eða áframhaldandi og upprétta göngu mannsins með Jesús. Líf vort sé því flekklaust og óaðfinnanlegt og laust við alla meðvitund um synd. Við getum lifað þannig lífi að við séum ómeðvitaðir um synd. En það gerir okkur samt ekki hólpín. Ekkert getur komið í staðin fyrir iðrunina og fyrirgefningu syndanna.

Skoðum Sálmu:

„ Þjónn þinn varðveitir þau kostgæfilega, að halda þau hefir mikil laun í för með sér. En hver verður var við yfirsjónirnar? Sýkna mig af levndum brotum! Og varðveit þjónn þinn fyrir ofstopamönnum, lát þá eigi drottna yfir mér. Þá verð ég lýtalaus og sýknaður af miklu afbroti. „ (Sálm 19:12-14)

Orðið hefur ekki breytt sér. Það gildir. Ekkert af þeim hefur misst marks. Ekki eitt. Þetta er gott að hafa til hliðsjónar þegar þessi mál eru skoðuð til að fá lifað farsælu lífi í öllum Guðsótta.

Kristið fólk aðgreini sig frá heiminum. Jafnvel þó það kosti margvíslegar og skrítnar athugasemdir frá fólki heimsins:

„ **En Pétur og hinir postularnir svöruðu: Framar ber að hlýða Guði en mönnum.** „ (Post 5:29)

Athugasemdir í garð jákvæðrar og góðrar breytni kristins mann eða konu sem reynir að gera hana tortryggilega í eyrum og augum annarra og hennar sjálfar - sögð til að fá hinn kristna ofanaf sinni staðfestu - eru allt orð komin beint frá djöflinum. Allar tilslakanir bitna á söfnuðinum. Við erum verði keypt og ekki lengur okkar sjálfr heldur eign lifandi Guðs sem sendi Son sinn til jarðar til að

endurheimta manninn úr gini óvinarins og fyrirgefa honum syndirnar og leiða hreina mey inn í sitt hús. Hann endurspeglir eftirleiðis dýrð Drottins í lífi sínu útá við en lifi ekki lengur í falsi né blekkingum og í rangri kennslu heldur með hreinu hjarta og hreinni samvisku og sé vel að sér í öllu sem Guðs er. Þetta er vel gerlegt. Drottinn sjálfur mun koma þessu til vegar hjá og í manninum.

Þótt fræðslan sé mikilvæg og grunnur að flestu öðru í trúarlífinu þarf að nota fræðsluna daglega til að finna styrkinn sem í henni býr. Þekking er afl. Líka og ekki síst Kristi.

Hvað fitar okkur? Við fitnum af því sem við etum og ef við svo etum meira heldur en við fáum brennt yfir daginn hleðst utan á okkur fita sem vigtin á eftir stynur æ meira undan. Og sé ekkert aðhafst til að spyrna þarna við fæti kemur að þeirri stund að fitan utan á okkur verður svo mikil að hún festir okkur niður í stólinn að við eigum í erfiðleikum með að standa á fætur.

Þannig má fræðslan í Heilögu Orði Guðs ekki leika okkur. Fræðslan er ákveðin fæða sem við innbyrðum sem nærir þann part okkar sem heitir „ Vor andlegi maður. „ En fræðslan má ekki stoppa hjá- og í okkur. Þannig virkar hún ekki rétt né heldur hefur þau margföldunaráhrif sem henni er ætlað að hafa:

„ Eða er Guðs orð frá yður komið? Eða er það komið til yðar einna? „ (1Kor 14:36)

Orðið er skírt. Það hvetur okkur til að segja frá. Fræðslan haldi því áfram og fari frá okkur og til manna og kvenna sem öndvert fá burði til að gera hið sama og margföldunaráhrifin gerast eins og líka Kristur vill sjá. Þetta er ekki bundið við einhvern einn ákveðinn mann eða eina tiltekna konu. Allir eru kallaðir til að vera boðberar fagnaðararindisins eins og Kristur sjálfur leggur til í lífi hvers og eins. Söfnuðurinn er til að byggjast upp í og fá hvatningu frá. Syndarinn er sem fyrr málið sem söfnuðurinn hugi að og syndarinn er og lifir fyrir utan herbúðirnar. Það er ekki fyrr heldur en eftir endurfæðinguna sem hann verður innanbúðarmaður og kominn á sveif með Jesús. Þetta vita menn.

Satan er hér til að ráðast á fólk Drottins. Og hafi maðurinn ekki nægt í sér til að verjast honum með og öll vopn uppi sem Kristur vill að maðurinn beri og gangi í á hverjum nýjum degi verður honum rúllað upp af djöflinum sjálfum og gerður óvikur. Bænin - já og fræðslan - heldur varðstöðunni virkri. Vakandi varðmaður blæs í sinn lúður þegar skelmirinn kemur of nálægt búðunum. Lúðrablasturinn kemur kannski ekki í veg fyrir planlagða árás óvættisins en honum mætir ofurefli í nafni Jesús Krists sem hann verður að hrökklast undan.

Árás djöfulsins er aldrei góð þótt sigur vinnist. Henni ber í sjálfur sér ekki að fagna. En hún er óhjákvæmileg. Biblían talar þetta. Suma styrkir hún í trúnni. Aðrir veiklast og hverfa frá og reyna þá í eigin mætti að forðast hann sem árásina gerði í stað þess að halda sér í skjóli búðanna og innanum sitt trúaða fólk.

Skelmirinn veit margt. Hann sér hann sem fór undan náðinni og fylgir honum eftir til þess eins að þreyta viðkomandi. Og í hvert skipti sem hinn fráhorfni horfir um öxl sér hann glitta í gular og brenndar tennur óargar dýrsins sem fylgir honum eftir eins og skugginn, bíðandi eftir sínu tækifæri. Stela, slátra og eyða eru allt orð sem hann vinnur eftir.

Og engin fær hlaupið til eilífðarnóns. Allir verða á endanum að stoppa og kasta mæðinni. Á þessum stað grípur vargurinn tækifærið og skíst fram með ógnarhraða og gleypir þann sem hann veitti eftirför. Og tækifærið sem vargurinn loks fékk barst til hans í endanlegri uppgjöf mannsins sem gafst upp og hrundi saman.

Eitt er gott að hafa í huga að hvenær sem var á flóttanum gat hinn fráhorfni bróðir eða hin fráhorfna systir breytt vörn í sókn og snúið sér að skelminum með tiltæk Guðs Orð á vörum sér. Og vargurinn hefði orðið að játa sig sigraðan og taka sína „ U „ beygju og hverfa sömu leið og hann kom.

Á stund uppgjafarinnar er mikilvægt að beina því sem eftir er af kröftunum til Guðs og biðja hann um hjálp. Slíkt ákall tekur fram í fyrir hendurnar á óvininum. Einnig þarna kemur haldgóð fræðsla og góð þekking á innihaldi Orðsins manningnum til hjálpar. Eins og ávallt áður er spurningin sú hvort maðurinn noti það sem hann á til og hefur eignast á göngunni með Jesús þegar á bjátar, eða ekki. Maðurinn hefur og fær alltaf sitt val. Og ef ekki á sinni raunarstund, hvenær þá?

Fræðslan er á allan hátt nytsamleg. Hún hjálpar okkur til að fræða og nálgast hinn vantrúaða og kennir okkur um Jesús og gefur okkur sjálfum styrk á erfiðum stundum lífsins. Jafnvægi hlutanna og rétt verk unnin á réttum tíma gerir veginn færan og maðurinn gengur fram sem sigurvegari fyrir trú sína á krossfestan og upprisinn Jesús Krist eingetinn Son Guðs. Guðs Orð er lykill að farsælu trúarlífi og veit hvað það syngur. Tökum leiðsögn.

Hrokinn

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Jörðin snýst um möndull sinn í sína eilífu endurteknu hringi. Sá sem skóp jörðina bauð að svo skildi vera. Orðin sem hann talar eru auðsjáanlega máttug. Ef einhver maður treystir sér til að stöðva þetta hjól hann rétti upp hönd sína.

Engum manni dytti slíkt í hug. Jafnvel ekki versti hroki sem býr í einni manneskju telur sig í stakk búna til að fara út í svoleiðis vinnu. Engin manneskja skilur þetta gangverk heimsins til fullnustu? Þótt margt sé vitað er samt margt sem ekki liggur alveg ljóst fyrir. Út í geimnum býr dauðhreinsað myrkrið sem ekkert líf fær þrífist í. Til þess vantar öll skilyrði.

Við sjáum að þrátt fyrir gríðarlega hæfileika sem manningnum eru gefnir og mikið hugvit og framkvæmdargleði og oft stórkostlega þekkingu er hún þó takmörkunum háð og getulaus andspænis víðáttum geimsins og mörgu öðru líka sem stendur okkur nær.

Litlir hlutir sem mæta fólki í hinu daglega gersamlega snúa öllu á hvolf hjá því og það lætur hendur fallast í algerru uppgjöf og þarf að setjast niður til að upphugsa nýja leið. Þegar öll kurl komast til grafar reyndist málið svo vera stormur í litlu vatnsglasi.

Flest fólk glímir á einhverju stigi við þungar hugsanir. Fyrir marga eru þessar hugsanir erfiður ljár í þúfu og versta basl að losna útúr. Stundum þurfa menn að taka á honum stóra sínum til að fá rífið sig lausa frá sínum þanka. Þeim átökum má oft líkja við hamfarir. Hugur mannsins er máttugt tæki sem erfitt er að hafa hemil á og nánast útilokað að stjórna í sínum eigin mætti. Og úr því að þessir smáu hlutir eru manningnum svo oft nánast ofviða mætti spyrja hví hann gangi þá svo oft fram í hroka og mikillæti og teljandi sig geta leyst hvaða gátu sem upp kemur, með brjóstakassann þaninn og nefið upp í loft og haldandi öðru fram um sköpunarsöguna en Guð kennir? Og talar um þróun og tilviljanir, sprengingar í geimnum og óskilgreint líf sem breyttist á mann?

„ Í upphafi skapaði Guð himin og jörð. Jörðin var þá auð og tóm, og myrkur grúfði yfir djúpinu, og andi Guðs sveif yfir vötnunum. „ (1Mós 1:1-2) – Hvílik fegurð býr ekki í þessum Orðum.

Maðurinn vill ekki taka undir þessi Orð í trú og snúa kröftum sínum á sveif með þessari kennslu heldur notar hann hæfileika sína í endalausar þælingar um þróunarkenningu. Þælingar sem enn eru í gangi sem skila hvorki sannleika né traustri og ábyggilegri niðurstöðu en búa til fleiri spurningar heldur en svör.

En hver er ástæðan fyrir að maðurinn meðtekur ekki orð Biblíunnar sem greinir frá hvernig himinn og jörð urðu til? Ástæða þess er að maður án Anda Guðs veitir ekki því sem Guðs er viðtöku. Honum er það enda heimska. En fólk leitar og krefst svara. Biblían og það sem hún segir er of nálægt því og frásögur hennar of einfaldar til að geta talist marktækar hjá fólki sem lítur á predikunina sem tóma heimsku og Orð Guðs sem svona gamaldags og vafasama bók.

Maðurinn þarf trú. Án trúar fer hugurinn út um víðan völl með manninn og að viðbættum hrokanum og mikillætinu gengur maðurinn sinn veg og framhjá braut Drottins. Þetta í bland við hörku hjartans leiðir manninn sífellt lengra frá boðskapi og frásögum Drottins og inn í myrkrið sem þéttist æ meira utan um manninn uns hann er gersamlega villtur og orðin fastur í neti sem hann getur ekki losað sig úr og venst því svo að hann hefur ekki lengur hugmynd um það sjálfur að hann sé fastur í neti. Maðurinn er kominn í slæma stöðu.

Hrokinn, bræður og systur, er ægilegur. Hrokinn leiðir mann og konu út í öngstræti og býr svo um hnúta að engin leið er til baka. Jesús einn bjargar á slíkri ögurstund:

„ Vitrun Óbadía. Svo segir Drottinn Guð um Edóm: Vér höfum fengið vitneskju frá Drottni, og boðberi er sendur meðal þjóðanna: Af stað! Vér skulum halda af stað til þess að herja á hann! Sjá, ég vil gjöra þig lítinn meðal þjóðanna, þú munt verða mjög fyrirlitinn. *Hroki hjarta þíns hefir dregið þig á talar, þú sem átt byggð í klettaskorum og situr í hæðum uppi, sem segir í hjarta þínu: Hver getur steipt mér niður til jarðar?* „ (Óba 1:1-3)

Þarna er talað um þennan skelfilega hroka sem eitthvað vont fyrir manninn að vera í. Eitthvað sem hefur leitt yfir hann háska þótt hann telji sig hafa búið svo um hnúta að honum væri engin hætta búinn og allir vegir færir. Og Guð horfir á hroka mannsins og honum líkar hann illa og kemur á endanum gegn hrokanum og sýnir manninum stöðuna og hversu lítill og máttvana raunverlega hann er. Ekki til að lítilsvirða manninn né gera lítið úr honum, Guð vinnur ekki svoleiðis, heldur til að maðurinn í sínum hroka átti sig og viðurkenni staðreyndir að hann hafi farið villur vegar og offari í verkum sínum og gerðum:

„ Nærri lá, að fætur mínir hrösuðu, lítið vantaði á, að ég skriðnaði í skrefi, því að ég fylltist gremju út af hinum hrokafullu, þegar ég sá gengi hinna guðlausu. Þeir hafa engar hörmungar að bera, líkami þeirra er heill og hraustur. Þeim mætir engin mæða sem öðrum mönnum, og þeir verða eigi fyrir neinum áföllum eins og aðrir menn. *Fyrir því er hrokinn hálsfesti þeirra, þeir eru sveipaðir ofríki eins og yfirhöfn.* „ (Sálm 73:2-6)

Í báðum þessum ritningarstöðum er ekki farið fögrum orðum um hrokann sem grípur menn hjartökum. Menn þurfa að gæta sín á hrokanum að þeim skriðni ekki sjálfum fótur vegna hroka annarra. Þetta er boðskapurinn hjá Davíð sem viðurkennir um leið ákveðinn veikleika í sér sjálfum.

Gremja er hættulegt ástand sem leiðir menn hiklaust inn í sinn eigin hroka uggi þeir ekki að sér. Davíð sálmaskáld talar einmitt um sig sjálfan er hann sá hroka mannanna og átti um tíma í mesta basli með sig að dragast ekki þangað inn með dómum og aðfinnslum - nú eða beinum verkum.

Ljóst er að hrokinn er nærri manninum. Gegn hrokanum þurfa menn því stöðugt að standa og vera vakandi á sínum verði. Hrokinn auðveldar óvininum leið að manninum. Sjálfur starfar Satan í hroka og þekkir hrokann og afleiðingar hans út og inn. Honum er vel kunnugt um mátt og megin hrokans og færni hans í að afvegaleiða manneskjuna og veit einnig hve lúmskur hrokinn er. Í raun er það útilokað fyrir manneskjuna að átta sig alltaf á hrokanum. Í Anda Guðs opinberist hrokinn í kringumstæðunum líkt og gerðist í tilviki Davíðs. „ **Nærri lá, að fætur mínir hrösuðu.** „ - Þetta kemur fram hjá Davíð í Sálmunum sem lét gremjuna augnablik ná á sér tókum vegna hroka annarra og kallaði á samri stund yfir sig vanblessun. Andi Guðs opinberaði honum hvar hann sjálfur var staddur og forðaði honum frá að lenda í sama pytti og hann sá hrokagikkinn vera í. Davíð var

nefnilega maðurinn sem tók tiltali og virti Guð sinn nógu mikið til að velja vilja hans þótt vilji Guðs talaði gegn því sem hann sjálfur hélt fram, sá og heyrði.

Gremja og hroki, og vitaskuld fleiri þættir mannlegs eðlis, haldast auðsjáanlega í hendur. Þetta kennir okkur að við þurfum að forðast hrokann og gremjuna viljum við vera heil á veginum sem við komust á við endurfæðinguna og sáum og viðurkenndum eftir gjöf Heilags Anda.

Er til hroki innan kirkjunnar?

Vissulega: „*Nærri lá, að fætur mínir hrösuðu, lítið vantaði á, að ég skriðnaði í skrefi.* „ - segir hér og við vitum að þessi orð eru eignuð hinum mikla Guðsmanni Davíð konungi sem ríkti yfir Ísrael á sínum tíma og að Davíð var þjónn Guðs og um leið kirkjunnar. Svo sannarlega er til hroki innan kirkjunnar. Samanstendur kirkjan enda af breyskum mönnum hrasandi og dettandi um sínar eigin fætur.

En hvers vegna fylltist Davíð sinni gremju. Svárið kemur fram í síðara hluta versins: „**því að ég fylltist gremju út af hinum hrokafullu, þegar ég sá gengi hinna guðlausu.** „

Hjá Davíð fór að örla á öfund. Og nú erum við ekki bara kominn með gremju og hroka inn í kennsluna heldur líka öfundina sem við þurfum að læra að varast og vinna gegn í hvert sinn sem á slíku örlar hjá okkur.

Auðvelt er að horfa öfundaraugum á velgengni annarra, nú eða tiltekna syndir, og svo í eigin barm og fá út neikvæða niðurstöðu fyrir sig sjálfa/n. Á slíkum augnablikum höfum við gleymt því að við eigum eilífa lífið með og í Kristi sem útilokað er að guðlaus maður eigi. Og hvað getur þá fengið okkur til að öfunda og fyllast gremju út í fólk sem í raun á ekkert sem það getur staðið á og rétt fram sér til málsbótar á þeim degi er Guð gerir alla hluti nýja og menn og konur fara þangað sem fólkinu er ætlaður staður sem það sjálft lagði grunninn að í þessu lífi sem það nú lifir? Hinn kristni er undir náð og miskunn Guðs almáttugs. Já. Amen.

En hvers vegna gerist þetta hjá hinum útvöldu Drottins sem daglega mega koma til hans með allt sem hvílir á þeim í þeirri trú að hann muni leysa hvert vandamál á þann farsælasta og besta hátt sem völ er á?

Við þessu er til eitt ákveðið svar. Slíkur þankagangur gerist ekki nema í holdi voru. Sem öndvert segir okkur og minnir okkur á hversu oft Guðs maður er þeim megin í sér sjálfum og hugsar út frá löngunum og girndum holdsins. Ævinlega þegar maðurinn er staddur þar er honum við hrösun hætt. Þessu komst Davíð að og hann andvarpaði feginsamlega og strauk svitann af enninu og þakkaði Guði fyrir að hafa opinberað sér hvert hann sjálfur var kominn í sínum pælingum þegar hann um það bil var að láta hroka náungans villa sér sýn og um leið fjarlægja sig frá Guði, sem hann þó elskaði mest allra. Nokkuð sem við komumst fljótt að eftir að við byrjum að lesa Davíðssálmana. Davíð er því verðug fyrirmynd manna allt til dagsins í dag og maður með hjarta sem var Guði að skapi:

„ Þú varst í Eden, aldingarði Guðs, þú varst þakinn alls konar dýrum steinum: karneól, tópas, jaspis, krýsolít, sjóam, onýx, safír, karbunkul, smaragð, og umgjörðir þínar og útlúr var gjört af gulli. Daginn, sem þú varst skapaður, var það búið til. *Ég hafði skipað þig verndar-kerúb, þú varst á hinu heilaga goðafjalli, þú gekkst innan um glóandi steina. Þú varst óaðfínanlegur í breytni þinni frá þeim degi, er þú varst skapaður, þar til er yfirsjón fannst hjá þér.* Fyrir þína miklu verslun fylltir þú þig hið innra ofríki og syndgaðir. Þá óhelgaði ég þig og rak þig burt af goðafjallinu og tortímdi þér, þú verndar-kerúb, *burt frá hinum glóandi steinum.* „ (Esk 28:13-16)

Hér er enn ein lýsing á hroka og hvað augum Drottinn lítur hann. Margir vita að þessi lýsing á við um ódám þann sem er óvinur allrar sköpunar Guðs Satan og að hann herjar á menn og konur og leikur allar grátt sem hann kemst í tæri við. Þetta viðurkennir Drottinn með Orðunum: „ **Þá óhelgaði ég þig og rak þig burt af goðafjallinu og tortímdi þér, þú verndar-kerúb, burt frá hinum glóandi steinum.** „ - Hann sem á sínum tíma var skapaður til að vera sérstakur verndar-kerúb var rekinn frá sínu hlutverki og bannað að koma nálægt hinum glóandi steinum sem hann þó hafði verið skapaður til að vernda, hlúa að og annast. Slík var breytingin orðin á þessari sköpun Guðs að hann mátti ekki koma nálægt glóandi steinum. Ferli sem hófst með hrokanum sem kviknaði og tókst að hreiðra um sig hjarta þessarar persónu. Og hrokinn smá saman ágerðist í henni uns hjartað allt var orðið hart sem steinn og hætt að finna til nokkrar meðaumkunar heldur sá einvörðungu sitt eigið og með augum sem þessi sami hroki var búin að brengla og skekkja með allan sannleika útrekinn og lygina tekna við í öllum sínum mætti og gríðarlega hæfileika til að iðka og framganga í sinni lygi. Glóandi steinarnir sem þarna eru nefndir til sögunnar eru fólk sem Drottinn hefur leyst og tekið sér til eignar.

Samkvæmt frásögu Gamla testamentisins missti þessi verndar-kerúb embætti sitt. Í dag sér Jesús sjálfur um þetta verndarhlutverk fyrir Heilagann Anda sem býr í hverjum manni sem tilheyrir Jesús og setur suma forstöðumenn og hirða til að gæta hjarðarinnar sem þeim hefur verið treyst fyrir. En hinn fyrrum verndar-kerúb var útrekinn út í ystu myrkur með smánina hvílandi yfir sér alla tíð. Allt vegna hrokans sem kom og óx í hjartanu og hann fór að líta á sig sjálfan með röngum augum. Og að lokum var hann orðinn þess fullviss með sér sjálfum að hann væri bæði meiri og merkilegri heldur en Guð sjálfur. Svo gengdarlaus varð þessi hroki hjá þessum fyrrum verndar-kerúpi að hann treysti sér til að sigra sjálfan Guð og efndi til uppreisnar á himnum ásamt þeim sem honum fylgdu. Sú uppreisn endaði vitaskuld bara á einn veg. Hann beið afhroð og öllum sem með honum voru var steiptust til jarðarinnar og Biblían talar um sem illa anda og þennan fyrrum verndar kerúb sem höfðingja illu andanna Satan.

Hrokinn er ægilegur .

Hrokinn er ennþá jafn skelfilegur og mikil vandræðagripur og hann hefur verið frá því að hann fyrst var greindur og opinberaðist í þessum fyrrum verndar-kerúbi. Hrokinn er eins og komið hefur fram lúmskur og erfitt getur reynst að greina hann og varast. Þetta hefur heldur ekkert breyst.

Lækningin við hroka er sem fyrr auðmýkt og að framganga í einlægni og heiðarleika við bæði sjálfan sig og aðra. Auðmýktina sækjum við í trú vora á hinn krossfesta og upprisna Jesús Krist sem laugar okkur og þvær hreina í blóði sínu. Og í trúnni viðhelst hún. Blóð Jesús Krists verndar okkur frá skæðum óvininum sem hugsar öllum mönnum þegjandi þörfina. Honum sem gerði uppreisn á himnum og missti fyrir vikið allt til eilífðarnóns en fer mikinn á jörðinni og kvelur varnarlaust fólkið.

Í auðmýktina höldum við svo með þeirri aðferð að ástunda það sem er Krists og sækja vorar samkomur og eiga frið við Guð og menn.

Hjá sumum opinberast hrokinn af menntun þeirra og þekkingu og skólagöngu án þess að þeim sjálfum finnst þeir vera haldnir hroka né sína öðrum óvirðingu. Sumir hrokast upp af titlum og embættum sem þeim veitist. jafnvel innan kirkjunnar. Hrokinn getur víða leynst. Eins og í öðrum málum kemur auðmýktin til hjálpar þarna. Í auðmýktinni telur engin sig yfir annan hafinn og heldur ekkert minni mann en aðra. Í auðmýkt vilja menn standa jafnfætis náunganum og líka rýma til fyrir honum.

Þrælsótti er annað og í raun andstæða auðmýktar. Þrælsótti getur ekki þjónað Guði. Þrælsóttinn býr yfir hegningu. Maður haldinn þrælsóttar er ekki frjáls heldur undirgefinn öðrum manni eða konu sem hann reynir að þóknast í ótta sínum. Maður haldin þrælsóttar býr yfir ákveðnu falsi sem hann sýnir með falskri framkomu sinni. Innst inni er maður sem haldinn er þrælsóttar óhamingjusamur,

óttasleginn og hræddur. Þrælsótti er algengur í heimi manna en gengur ekki hjá Guði sem bíður að sitt fólk skuli vera frjálst og þjóna í fullu frelsi. Þjónar Satans eru allir knúnir áfram af þessum hræðilega og miskunnarlausu þrælsótta.

„ Sannarlega mun dagur Drottins allsherjar upp renna. Hann kemur yfir allt það, sem dramblátt er og hrokafullt, og yfir allt, er hátt gnæfir, það skal lægjast og yfir öll hin hávöxnu og gnæfandi sedrustré á Líbanon, og yfir allar Basanseikur, og yfir öll há fjöll og allar gnæfandi hæðir, og yfir alla háreista turna og yfir alla ókleifa múrveggi, og yfir alla Tarsisknörru og yfir allt ginnandi glys. *Og dramblæti mannsins skal lægjast og hroki manna beygjast, og Drottinn einn skal á þeim degi háleitur vera. Og falsguðirnir það er með öllu úti um þá. Þá munu menn smjúga inn í bjarghella og jarðholur fyrir ógnum Drottins og fyrir ljóma hátignar hans, þegar hann rís upp til þess að skelfa jörðina.* „ (Jes 2:12-19)

Hvar sem hrokinn viðgegnst og upphefur sig sjálfan, eins og í eðli hrokans er að gera, þangað mun Drottinn á endanum koma og lægja skelfilegan hrokann. Hrokinn má ekki fá rúm í hjartanu né heldur að byrja að hreiðra þar um sig. Hrokinn er nefnilega feril sem byrjar hér og endar - ja - Guð má vita hvar.

Bræður og systur! Framar öllu öðru þarf trúin að vera númer eitt í allri okkar hugsun. Og hvenær sem þankinn reynir að beygja okkur af leið verðum við að læra að hertaka hann til hlýðni við Orð Guðs. Það er sú leið sem okkur er gefin. Og eins og ávallt áður þá ræður Orðið okkur heilt. Orðið er líf og hvenær sem Orðið er talað þá líka kviknar líf. Orðið kveikir líf í mannum sem talar út Orð í Jesús nafni. Hrokinn fær ekki staðist né viðhaldist sé maðurinn, ég og þú, bara nógu duglegur við að minna sig á Orðið og fyrirheitin sem Orðið gefur einstaklingnum.

Munum að hrokinn er ferli sem byrjar einhversstaðar og ávallt í neikvæðum viðhorfum og röngu mati á sér sjálfum og því sem maður gerir. Í hroka sínum reynir maðurinn að varpa sök á annan og kenna honum um allt um hvernig fyrir sér sjálfum er komið. Hrokkinn tekur ekki næringu af trú manns heldur holdi hans og eigin vilja og hugsanna.

Hrokinn kom með Satani og nærast á holdi mannsins og synd. Satan reynir að ná til holdsins og læsa krumlu sinni í það og tekst verkið því miður alltof oft.

Munum! Við eru verði keypt. Jesús með blóði sínu greiddi gjaldið sem útilokað var að nokkurt okkar gæti greitt. Lífum það sem eftir er í auðmýkt hjartans og trúum og treystum honum sem ann okkur og heitir Jesús Kristur. Biðjum hvort fyrir öðru og blessum hvort annað. Það er vilji Drottins. Amen.

Höldum sannleika Jesús Krists á lofti.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson.

„ Þú hefir gjört lýð þinn Ísrael að þínum lýð um aldur og ævi, og þú, Drottinn, gjörðist Guð þeirra. Og lát þú, Drottinn Guð, fyrirheit það, er þú hefir gefið um þjón þinn og um hús hans, stöðugt standa um aldur og ævi, og gjör þú svo sem þú hefir heitið. Þá mun nafn þitt mikið verða að eilífu og hljóða svo: Drottinn allsherjar, Guð yfir Ísrael og hús þjóns þíns Davíðs mun stöðugt standa fyrir þér. Því að þú, Drottinn allsherjar, Guð Ísraels, hefir birt þjóni þínum þetta: Ég mun reisa þér hús. Fyrir því hafði þjónn þinn djörfung til að bera þessa bæn fram fyrir þig. Og nú, Drottinn Guð, þú ert Guð og þín orð eru sannleikur, og þú hefir gefið þjóni þínum þetta dýrlega fyrirheit. „ (2Sam 7:24-28)

Engum sem til þekkir blandast hugur um að Guð sé annað en góður Guð sem líknar og læknar og leysir menn frá bindingum syndarinnar og áþjánarinnar sem af henni leiðir. Þetta er gömul saga en samt fersk og síung. Það sem betra er. Hún er sannleikur og allir vita að sannleikurinn lifir allt af sér.

Hvernig sem menn reyna að koma gegn sannleikanum og segja annað sem stangast á við hann mun sannleikurinn standa eftir og enda sem síðasta haldreipi manna í aðstæðum sem þeir komu sér sjálfir í og voru orðnar vonlausar um að myndi einhvertímenn leysast og þeir aftur frjálsir. Þegar svoleiðis staða kemur upp þá læra menn að meta sannleikann og að hlusta eftir rödd hans.

Sumir þurfa að komast alveg niður á botninn til að sannleikurinn fari að virka í lífi þeirra. Ekki sjá nefnilega allir sannleikan fyrir en harður bakkinn slær þá. Í sumum tilvikum er það heldur ekki nóg að komast í svaðið sem botninn geymir. Og þeir falla í sömu fúlu gryfjuna og áður. Hafi þeir á annað borð komist upp úr henni. Engin trygging er fyrir því.

Stundum er hjarta mannsins líkast gegnheilu grjóti og kalt eftir því. Oft er þetta vegna sjálfsvorkunnar og dómhörku bæði í eigin garð og annarra. En jafnvel harðasta hjarta, versti þverhaus fær ekki breytt sannleikanum.

Sannleikurinn þarf í raun enga hjálp nema að vera útbreiddur og notaður af fólki. Hann bara talar sínu máli og stendur fullkomlega fyrir sínu. Þá geta menn séð bönd rakna og múrveggi og keðjur slitna fyrir framan augun á þeim og hinn bundna frjálsan sem fuglinn. Allir sem nota sannleikann viðurkenna gangsemi hans. Hann er jú sannleikur og mun standa eftir þegar allt annað er fallið um eigin fætur og innikróað fólk sem hvorki kemst lönd né strönd vegna eigin röngu ákvarðanna og hrópar í örvæntingu og biður um hjálp. Að einhvern segi því sannleikann.

Sannleikurinn er stórmerkilegt fyrirbæri og í raun forréttindi að fá af honum full afnot. Og er það ekki í sjálfu sér undarlegt að hugleiða það að brúkun sannleikans er ekki sjálfsagður hlutur hvorki í samskiptum né viðskiptum manna á milli? Þeir sem hann brúka og ljá ekki máls á neinu öðru standa eftir með pálmann í höndunum er árin líða.

Þetta vill segja að menn skildu varast að láta glepjust af skyndigróðafólkinu sem skyndilega sprettur upp og berst mikið á um tíma en er svo jafn skyndilega aftur horfið af sjónarsviðinu.

Heiðarleikinn og sannleikurinn og rétt sýn á aðstæður dagsins koma sameiginlega í veg fyrir öll slík áföll.

Öndvert við ævintýrin, leikarasakapinn og hégómann hefur sannleikurinn á sér annan og alvarlegri blæ sem mannum reynist stundum erfitt að meðtaka og fylgja. Sem og er ástæðan fyrir að menn og konur láta svo oft bara berast með straumnum þangað sem hann fer hverju sinni og að taka þátt í leikjum og verkum sem þegar upp var staðið reyndust vera tóm vitleysa.

Jafn óskiljanlegt sem málið er er staðreyndin samt sú að menn reyna ítrekað að koma gegn sannleikanum og boða torræða hluti og að innleiða hugsanir sem sumt fólk heillast af og gerir jafnvel að sinni hegðun og sínum lífsmáta. Eitt af þessu er að menn byrja að blessa syndina á bak og brjóst og fikta jafnvel við Orð Guðs en skilja samt ekkert í því að það kreppir að á ýmsum stöðum í samfélaginu og verðgildi gjaldeyrisins minnkar og sömuleiðis kaupgeta launanna og að óvissuástand ríki sem kom öllum algerlega í opna skjöldu. Nema máski örfáum aðilum sem sáu tímennlega í hvað stefndi með oftrúnni á mætti peninganna og klárleika fjárfestanna. Þessir menn vöruðu yfirvöld og fjárfesta við en hvorki þau né þeir gáfu gaum að orðum þessara vitru manna sem virtust sjá lengra en nef þeirra náði. Og svo kom ægilegt hrunið og milljarðar fuku út um hverja rifu og glufu fjárhirslanna sem reyndust þegar upp var staðið vera með stórum götum á og opnuðust svo í átökunum í báða enda að ekki var við neitt ráðið. Milljarðar og aftur milljarðar fuku þaðan og út í veður og vind og engin veit hvert. Allt glatað fé. Menn rifu í hár sér ráðalausir og niðurlútir og

kenndu krónunni um sem þó hafði í nokkur ár á undan fært þeim gríðarlegar - já – stjarnfræðilegar upphæðir. Allt hreinn gróði. En tapið kom með sínum áhyggjum og andvökunóttum. Drottinn var ekki með í ráðum í öllum tilvikum og kannski í engu. Þótt ekki sé unnt að fullyrða neitt um það mál. Erfitt er að geta sér til um hver, hvar og hvenær fólk leitar á náðir Guðs í trú.

Með því að svo margir blessa syndina bætist við sá sannleikur að glæpum og glæpaverkum fjölgar. Nú er vart dagblað svo opnað að ekki sé verið að fjalla í því um innbrot, barsmíðar, hnífstungu eða skurði af völdum brotinna flasku sem viljandi er beitt gegn öðrum manni í átökum þeirra á milli í þeim eina tilgangi að slasa viðkomandi eða hreinlega deyða. Undirheimunum á Íslandi vex fiskur um hrygg og æ fleiri erlendar glæpaklíkur festa hér rætur, illu heilli.

Ef bænafólksins nyti ekki sem og varðstaðan sem það stendur fyrir í krafti bænarinnar væri ástandið alvarlegra en það þó er. Bænin ein hefur kraft og burði til að hreinsa ósóman burtu aftur úr samfélaginu vegna þess að á bak við bænina er kraftur sem ræður öllu bæði á himni og jörðu. Þetta skulum við hafa hugfast og muna eftir. Og það sem betra er vera sjálf þátttakendur í bænaverkinu. Án bæna fólksins í trú á hinn upprisna Jesús og varðstöðunnar sem bæninni fylgir munu eiturlyfin flæða yfir þetta land í stærri skömmtum en er og leiða og hremma æ fleiri ungmenni í dauðann langt fyrir aldur með enn fleiri afbrotum. Vitað er að mörg af þessum ungmennum og fíkniefnaneytendum almennt fjármagna sína neyslu með afbrotum í ýmsu formi. Þetta er eina leiðin sem þau hafa. Sannleikurinn er að fæst af þessu fólki hefur rúm fjárráð. Margt af þessu fólki stundar og sölu fíkniefna á götunum til að fjármagna eigin neyslu. Þannig sjáum við að vítahringurinn viðhelst inn í sér sjálfum. Líkaminn hrópar eftir efnunum og gefur enga vægð. Fólkið getur ekki hætt sinni neyslu hjálparlaust. Að efla allt meðferðarstarf í landinu er bygging til framtíðar fyrir margt af þessu fólki. Að gefast upp þarna og afgreiða fólkið sem vonlaust skal því algerlega fjarlægja út úr íslenskum orðabókum þegar nær væri að hugsa um þá sem þegar hefur losnað einmitt vegna meðferðarúrreðanna sem fyrir hendi eru. Margt af þessu fólki lifir nefnilega sínu lífi laust undan helsi og kvöl þessara efna sem glóði svo á í byrjun en beit furðu fljótt frá sér og spýtti sínu eitri í líkamann og náði taki og stjórn á huga og hjarta manneskjunnar sem byrjaði að veltast um með þá einu hugsun í höfðinu að útvega sér næsta skammt. Margir fyrrum fíkniefnaneytendur hafa stofnað eigin fjölskyldu með fasta vinnu. Sumir af þeim eru verðugir erindrekar Jesús Krists sem þegar hafa leitt fjölmarga til trúar á upprisinn Drottinn.

Þótt margt mætti nefna sem óæskilegt inn í voru landi er það samt margt sem vel er gert og til fyrirmyndar. En betur má ef duga skal og í hvert sinn sem sótt er að kristninni og um leið hinum kristnu gildum skal staldrað við og málin hugsuð upp á nýtt. Bein tenging er á milli eftirgjafar á þessum gildum og neikvæðum þáttum sem vaða uppi sem skekkja alla samfélagsmyndina og hún verður ekki eins góð og við viljum að hún sé. Eftir því sem meira er látið undan þrístingnum og hrópunum verða neikvæðir þættir samfélagsins betur sýnilegir og nýir bætast við sem ekki voru til staðar áður. Allt þetta miðar að niðurrifi. Hið góða sætir árásum frá hinu illa. Í holdinu gerist þetta. Hið illa notfærir sér getuleysi holdsins út í æsar og sleppir engu. Aldrei. Ekki nokkurn tímann. Í Jesús vinnst sigurinn og bara með Jesús nafn á vörum sleppa menn úr klóm illskunnar og ganga undir vernd hans. Sannleikurinn og um leið vandamálið þarna er að þessu nafni gleyma æ fleiri. Þeir hafa ekki lengur trú og Jesús né krafti hans og vilja þess í stað leyfa allt sem að þeirra áliti er frelsi en bindur flesta þó og herðir alla hnúta sem fyrir voru:

" En ef þér bítist og etið hver annan upp, þá gætið þess, að þér tortímist ekki hver fyrir öðrum. En ég segi: Lifið í andanum, og þá fullnægið þér alls ekki girnd holdsins. Holdið girnist gegn andanum, og andinn gegn holdinu. Þau standa hvort gegn öðru, til þess að þér gjörðið ekki það, sem þér viljið. En ef þér leiðist af andanum, þá eruð þér ekki undir lögmáli. Holdisins verk eru augljós: Frillulífi, óhreisleiki, saurlífi, skurðgoðadýrkun, fjölkynngi, fjandskapur, deilur, metingur, reiði, eigingirni, tvídrægni, flokkadráttur, - öfund, ofdrykkja, svall og annað þessu líkt. Og það segi ég yður fyrir, eins og ég hef áður sagt, að þeir, sem slíkt gjöra, munu ekki erfa Guðs ríki. " (Gal 5:15-21)

Hér er ekki fögur lýsing en samt sannleikur sem við því miður erum í auknum mæli að horfa upp og getur einvörðungu gerst er menn þynna varnarvegginn sem kristnin hefur verið með í kringum íslenskt samfélag Varnirnar mega ekki veikjast meira en orðið er. Hvort svo verður er svo annað mál og alfarið undir manningnum sjálfum komið og hinum kristnu sem vita skil á sannleikanum og þekkja máttinn og kraftinn sem bæn í Jesús nafni ber í sér sjálfri - og hins vegar atgang óvinarins.

Hver maður hefur sínu hlutverki að gegna. Engin má missa sig. Fari hann myndast skarð þar sem hann áður var og eftir því sem fleiri yfirgefa sína varðstöðu án þess að neinn taki sæti þess sem fór dregst myrkrið smá saman yfir samfélagið. Allt olía á eld aukinna fólksverka sem eyðileggja líf manna og kvenna og innleiða ótta við myrkrið. Verk myrkursins koma og opinberast mönnum að morgni dags með flettingu dagblaðanna sem segja „fréttir“ af átökum, látum og hasar. Dælan er óspart látinn ganga í þessa veru.

Illskan í heiminum lætur ekki segja sér það tvisvar þegar glufa opnast. Hún stendur sína varðstöðu og veit nákvæmlega hvenær fyrristaðan er ekki lengur til staðar og varnirnar orðnar veikburða og virkisveggirnir fúnir og við að leggjast flatir á jörðina vegna kæruleysis þeirra sem þar áttu að vera til varnar fólkinu sem taldi sig öruggt á bak við þessa vegg en vissu ekki að undirstöðurnar voru orðnar fúnar. Allt tálsýns og ástand múrsins verra en sýnist úr fjarlægð sökum mannfæðar og sofandaháttar varðmanna. Þeir sem enn standa heilshugar geta ekki lengur með öllu hindrað skelminn í að æða fram og vinna sín spellvirki. Sá eineygði notar sínar gömlu aðferðir sem eru tálbeitar, freistingar, stórfelldar lygar og hvaðeina sem má höfða til holdsins. Og syndin losnar úr læðingi og veður uppi. Ofan á þetta bætist við gróðahyggjan sem hrifsar látlaust til sín.

„Ég á hana! Ég á hana. Þú mátt ekki fá hana. „ – er hrópað örvæntingafullum rómi við undirleik hinna sem verja syndina og berjast um á hæl og hnakka til að hún festist í sessi:

"Ég vil hafa hana fyrir mig. "

Allt þetta fólk heldur með báðum höndum utan um sitt og þverskallast við og setur upp einkennilegan svip hvenær sem einhver leyfir sér að efast um réttmætið og að allt, sama hvað er, sé heimillt og jafn gott. Það veit ekki að með slíku framferði festir fólkið sinn eigin óvin í sessi sem lætur ekkert af hendi aftur fyrr heldur en náð og miskunn Drottins kemur yfir og færir allt í lag:

" Og þeir spurðu hann: Hví segja fræðimennirnir, að Elía eigi fyrst að koma? Hann svaraði þeim: Víst kemur Elía fyrst og færir allt í lag. En hvernig er ritað um Mannssoninn? Á hann ekki margt að líða og smáður verða? En ég segi yður: Elía er kominn, og þeir gjörðu honum allt, sem þeir vildu, eins og ritað er um hann. " (Mark 9:11-13)

Frá fyrstu tíð hefur boðskapur Jesús Krists verið fótum troðinn af mönnum sem neita að sjá sannleikann og gangast upp við ævintýrin sem þeir sjálfir flétta og spinna upp og stíga út í.

Aftur er komið að þætti bænammannskjunnar sem unir sér engrar hvíldar fyrr heldur hún horfir framan í réttlæti Guðs í samfélaginu.

Sem sjá má eru kristileg gildi ekki viðhöfð þar sem syndin fær vaðið uppi. Gildi sem í grunninn allir vildu hafa vegna þess góða sem það hefur í för með sér og menn, allt fólk í landinu, nýtur góðs af en vill samt höggva í án þess að gera sér grein fyrir akkúrat þessum sannleika að það sé að stinga sjálfst sig í bakið með eigin breytni. Enginn vill nefnilega fyrirfram missa spón úr askinum en eru samt leynt og ljóst að grafa undan eigin velferð með því að stíga ítrekað ofan á boðskapinn sem Jesús er með sem eins og ávallt áður kemur gegn lífsmátaum sem sumt fólk telur vera eðlilegan og hópur manna keppist við að sannfæra mann og annan um. Samt talar Biblían um þetta sem synd eins og bendir til að mynda á kynvilluna. En þarna eins og annarstaðar í lífinu velur maðurinn sinn eigin lífsmáta sjálfur og hefur full vald til. En sum verk manna eru synd og hana getum við og megum

heldur ekki flokka. Synd er bara synd. Guð flokkar hana ekki og maðurinn ætti ekki heldur að gera það. Við dæmum engan. Eitt getum við þó sagt - og tölum þá í nafni sannleikans - að alla synd verður að afgreiða út af borðinu. Líka synd sem maðurinn sjálfur velur að drýgja og telur sér eðlilegt að lifa við. Þarna drögum við hring utan um einn Jesús Krist sem hefur allt vald og minnst ekki framar á syndina. Enda afgreitt mál af hans hálfu í eitt skipti fyrir öll. Þá fyrst getur Faðirinn horft á hreina manneskju. En núna einvörðungu í gegnum blóð síns eigin, elskaða Sonar - sem við vitum að er Jesús Kristur.

Málið er að menn gera sér ekki alltaf nægjanlega vel grein fyrir því að góð gildi þarf líka að verja og berjast fyrir. Já - og hafa fyrir, stundum mikið, og að baráttan sé þess virði. Maður sem berst með orðum sannleikans getur ekki annað en unnið fullnaðarsigur. Skilyrðið er að hann gefist ekki upp áður en sigurinn er hans. Að hlaupa frá öllu saman áður en fullnaðarsigur vinnst er mögulegt vegna harðrar andstöðunnar sem fólkið kemur til með að lenda í. Óvinurinn veit að sigurinn tekur tíma og einnig að hans verk sé að þreyta manninn og rugla í honum - helst nógu mikið. Allt með þann tilgang að uppgjöfin verði hans hlutskipti og að maðurinn missi af öruggum sigrinum sem ynnist í Jesús nafni. Þetta veit óvinurinn. Engan skyldi því undra eldraunina sem yfir hann kemur á stund baráttunnar til að mynda fyrir áframhaldandi veru góðra gilda í samfélaginu sem svo oft er sótt að frá hægri og vinstri af fólki sem óvinurinn er jafnvel að nota. Sem þó er ekki nærri því alltaf. Hold mannsins og eigin hugsanir eru samanlagðar ægilegt vopn og mjög öflug saman eða í sitt hvoru lagi.

Framvarðarsveitirnar ber hinum sem eru svona á rólgeri stöðum á akrinum að minnast í bænum sínum. Bæn þeirra styður við bak þessa fólks og gefur því áframhaldandi dug og þrek til að berjast áfram fyrir góðum og göfugum gildum fyrir börnin okkar og fjölskyldur sem allir vilja sjá vegna vel en ráðist er á frá mörgum hliðum og oft óvægilega af blindum og heyrnalausum sem sjá en sjá þó ekki, sem heyra en heyra þó ekki.

Varnargirðingin þarna er og verður áfram Orð Guðs, bænin og kristilegur lífsmáti og starf þar sem syndinni og verkum syndarinnar í hvaða mynd sem er er hafnað og unnið gegn henni með þeim vopnum sem Drottinn sjálfur lagði upp í hendurnar á fólki og heitir trú sem byggir á bæn og beiðni til Herrans á himnum í fullu trausti til þess að hann heyri bænir og grípi í taumanna og komi aftur á skikki sem gerir að verkum að lífið breytist með góðu mannlífi og blómi og haga. Þá geta menn aftur gengið óhræddir um göturnar að kveldi- eða næturlagi án þess að óttast árásir á sig eða mæta annarskonar ofbeldisverkum sem breytir kannski lífinu varanlega fyrir viðkomandi einstakling.

Látum ekki freistinguna merkja né skekkja vort líf

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Drottinn er góður. Brýnt er að þekkja hann ekki lengur af afspurn. Engin nálgast Guð í anda og í sannleika nema fyrir sína privat trú. Ég nálgast ekki Guð eins og vera ber af því einu sem aðrir hafa sagt mér um hann þó það á sínum tíma hafi verið fyrsta skrefið að öðru og meira sem gerði að verkum að í dag get ég sagst þekkja Jesús Krist eins og á að þekkja hann.

Mín persónulega reynsla er mikilvæg og hana get ég fengið og eignast í Jesús og einvörðungu í Jesús. Engin kemst í brúðkaup lambsins á lánsolíu heldur á þeirri olíu sem hann á til sjálfur. Engin vill lána af sinni olíu. Mín olía er fyrir mig til að ég komist alla leið. Og olían þarna er mynd upp á mína eigin trú. Trú sem ég þarf til að ná árangri á göngunni með Jesús.

Þessi geymir líkt og aðrir geymar þarf sína áfyllingu til að tæmast ekki. Og hann þarf að varðveita til að ekki komi á hann gat og olían sullist niður á jörðina án þess að eigandinn veiti því athygli og áttar sig svo of seint á að hann er orðinn uppiskroppa og stopp. Kannski út í miðri eyðimörk með brennheita sólina skínandi beint ofan á höfuð sitt. Á tómunum geymi fer maðurinn ekki langt. Fullur

geymir skilar einstaklingnum á áfangastað. Jesús er bensínstöðin. Þangað ber manninum að fara til að fylla á. Áfyllingin kostar manninn ekki gataðan eyri. Eina sem þarf er að koma sér að dælu og láta lífgefandi vökvann streyma úr henni og í tankinn uns allt er orðið fullt upp í stút og halda svo áfram með sælubros á vör. Mælirinn sýnir góða stöðu og ekkert að óttast. Ef við bara heimilum Jesús sitt starf í vora þágu sér hann um allt:

„ Konungur gekk þá inn að sjá gestina og leit þar mann, sem var ekki búinn brúðkaupsklæðum. Hann segir við hann: Vinur, hvernig ert þú hér kominn og ert ekki í brúðkaupsklæðum? Maðurinn gat engu svarað. Konungur sagði þá við þjóna sína: Bindið hann á höndum og fótum og varpið honum í ystu myrkur. Þar verður grátur og gnístran tanna. Því að margir eru kallaðir, en fáir útvaldir. „ (Matt 22:11-14)

Þarna segir frá manni sem einhverra hluta vegna komst inn í brúðkaupið með týnt boðskort og olíulausan lampa, ljóslaus og algerlega ólöglegur. Hvernig hann yfir höfuð komst inn án þess að vera klæddur brúðkaupsklæðum er ómögulegt að geta sér til um. Kannski smyglaði hann sér inn að baki manni með sitt ljós tendrað og fullan geymir. En hvernig sem hann var inn kominn var maðurinn samt óvelkominn í þetta teiti. Viðbrögð Konungsins sýna það með afgerandi hætti:

„ Þá mun ég votta þetta: Aldrei þekkti ég yður. Farið frá mér, illgjörðamenn. „ (Matt 7:23)

Greinilegt er að maðurinn þekkti Jesús og vissi að þetta tiltekna brúðkaup stóð yfir. Það segir sig sjálft.

En hvernig stóð á þessum viðbrögðum Konungsins og hví gaf hann sína fyrirskipun sem lék viðkomandi einstakling svo illa og hví sá hann ekki í gegnum fingur sér og leifði manninum að vera?

Við spurningunni er bara til eitt svar í sjálfu sér. Maðurinn gerðist kærulaus með sína trú og hirti ekki lengur um að endurnýja olúbirgðirnar og varð uppteknari við sína heimsins leiki og holdsins hyggju en að viðhalda anda sínum í Jesús. Einnig er líklegt að leiði hafi komist að og tekist að festa sig við manninn. Máski vegna endurtekens tals bræðra hans og systra um endurkomu Jesús og allt það, sem aldrei virtist þó ætla að gerast. Og hann fór að horfa og líka að hugsa margt. Fyrst leit hann til hægri og svo til vinstri, upp, og svo niður og gerast reikull í ráði. Áherslurnar urðu og rangar og álits Jesús ekki lengur leitað. Safnaðarsamkomurnar mættu orðið afgangi og aðrir hlutir heldur en trúin orðnir meira spennandi. Bænin er að mestu horfin og Biblíulesturinn aflagður fyrir nokkru. Ljósið sem lýsti svo skært til að byrja með er orðin að lítilli týru og verður glóðin ein, vart sjáanleg. Allar uppörvandi orðin sem maðurinn talaði til bræðra sinna og systra heyrast ekki lengur. Sem er eðlilegt afleiðing þess sem orðið er og maðurinn sækir ekki lengur safnaðarsamkomurnar og getur af þeim sökum engan hvatt né uppörvað né drifið áfram í Jesús nafni. Þó virðist svo vera af ritningarversinu að maðurinn hafi heyrt lúðurhljóminn sem skyndilega kvað við og hann talið sig eiga heima með hinum sem héldust með fullar könnur á sínum olíutanki og voru vaktir og sofnir í Jesús. Máski hafði hann eiginlega aldrei stolið? Sama og ekkert hórast? Hafði oft leiðbeint fólki og hjálpað þeim sem voru í hjólastól yfir götu á þungum umferðardegi á föstudegi um fimm leitið? Gott mál. Kannski var hugsunin sú að góð verk sín nægðu sem aðgangskort að brúðkaupinu án þess að blanda trúnni saman við? Kannski var hann hreinlega spíritisti?

Við dyrnar og í veislunni sjálfri gátu þeir einir verið sem höfðu voru undirbúnir og tilbúnir. Menn og konur sem elskuðu Jesús og viku hvergi af veginum af ótta við að missa af þó ekki væri nema minnsta atriði sem Jesús vildi frambera, manninum til handa. Trúin á Jesús er það eina sem gildir. Eina kortið sem virkar við þessar dyr hjálpræðisins er Jesús. Þetta kort er í hjartanu. Og Drottinn skoðar hjartað. Já við Jesús og líf í hans vilja og undir hans náð og miskunn er málið. Þetta fékk manngreiði að reyna er hann var keflaður og bundinn og varpað út úr húsinu eins og hverjum öðrum poka fullum af einskisnýtu og ónýtu drasli. Allt sem ekki er af trú er í augum Drottins drasl.

En hvernig má það vera að olían minnki á könnunni og ljósið hætti að lýsa bæði manningum sjálfum og öðrum en hefði þó getað varðveitt hann allt til enda göngunnar hér á jörðinni og leitt fjölmarga til birtu Drottins?

Bræður og systur! Freistarinn kom og freistarinn byrjaði að tala. Hann sagði:

„ Iss maður. Aumingi ertu? Ertu einhver hræðslupúki? Vertu karlmenni? Þetta gerir nú ekki svo mikið til. Líttu bara í kringum þig. Ég sé ekki betur heldur en allir menn fremji þetta sem þú nú hyggst gera. Ertu gunga? Það sér það hvort eð er enginn og öllum er sama. Líttu vaða maður. Laggó: „

„Er það satt, að Guð hafi sagt: Þið megið ekki eta af neinu tré í aldingarðinum? „ (1Mós 3:1b)

Og menn kasta sér fyrir björg vélaðir og blekkir af eigin girnd og freistingu, eggjaðir og hvattir áfram af sjálfum afvegaleiðandanum sem hugsar ekki um velferð einstaklingsins og gerir hvað sem hann getur til að menn verði ekki hólpnir en gangi úr skaftinu. Búast má við ómjúkri lending komist menn yfirleitt lifandi frá þessu. Allt vegna freistingarinnar sem kom og kefði Orðið og gerði að afgangsstærð í líf mannsins með sínum afdrifum:

„ Þá kom freistarinn og sagði við hann: Ef þú ert sonur Guðs, þá bjóð þú, að steinar þessir verði að brauðum. Jesús svaraði: Ritað er: Eigi lifir maðurinn á einu saman brauði, heldur á hverju því orði, sem fram gengur af Guðs munni.. „ (Matt 4:4)

Jesús svaraði freistingu djöfulsins með Orði Guðs og sigraði með þessu skæða vopni. Jesús bíður öllum mönnum að nota sitt Orð á stund eigin freistinga.

Heimurinn segir að freisting sé eitthvað til að falla fyrir. Og hann hlær að þessu og finnst þetta vera myndið. Aftur og aftur dásamar heimurinn freistinguna án þess að læra af né heldur gera sér grein fyrir skelfilegum afleiðingum hennar þó afleiðingarnar blasi við í margbreytilegum myndum. Og sumir kristnir menn falla einnig sem þó ættu að hafa lært um máttinn sem þar býr að baki og vita að freistingin sleppir engum fyrr heldur en í fulla hnefanna eftir svo og svo mörg skakkaföll og álitshnekki. Skert álit er í sjálfu sér léttvægt. Það má bæta og hugsanlega vinna upp aftur. Erfiðara er með rústirnar sem freistingin í fyllingu tímans bjó til í lífi manna og kvenna. Allt vegna þess að menn hættu að sjá og fylgja leiðbeiningum Orðsins og gengu veg freistinganna undir leiðsögn og ofstjórn afvegaleiðandans sem engum eirir og keyrir allt fólk eins langt niður og mögulegt er í sinni skefjalausu blekkingu og blindni. Freistarinn vill að þetta endi í gröfinni án þess að maðurinn hafi áður iðrast verka sinna og þegið fyrirgefningu Krists sem þrátt fyrir allt beið með sinn útbreidda faðm bíðandi eftir brotinu sem leiddi fram sína iðrun. Þetta vill freistarinn ekki sjá heldur manninn í svartasta myrkri þar sem gráturinn og gnístran tanna á heima með enga von um neina útgönguleið, sitjandi þar við hlið freistarans, afvegaleiðandans og Satans. Allt ein og sama persónan.

Freisting sem nær að læsa kló sinni í manninn leiðir hann um sinn veg. Eðli freistarans og freistinganna er að koma málum svo til vegar að áhuginn á öllu sem er Jesús minnkar uns ekkert verður eftir nema kannski fjarlægur Jesús sem óðast er að hverfa í gleymiskunnar haf:

„ En þær fávísu sögðu við þær hyggnu: Gefið oss af olíu yðar, það er að slokkna á lömpum vorum. Þær hyggnu svöruðu: Nei, hún nægir aldrei handa öllum. Farið heldur til kaupmanna og kaupið handa yður. „ (Matt 25:8-9)

Olíulausu lamparnir eru mynd upp á vanrækta og vannærða trú. Olíufylltu lamparnir sýna trú sem hefur fengið eðlilegt viðhald og alla nauðsýnlega næringu og aðhlyningu. Sem sjá má er gríðarlegur munur á þessu og alveg undir manningum sjálfum komið á hvorum staðnum hann er þegar lúðurinn gellur og boðið verður til brúðkaupsins. Eitt er víst! Lúðurinn mun gella.

Maðurinn sem ekki var rétt klæddur sem varpað var á dyr, er klárt merki til manna um að engin komist inn í dýrð Drottins nema sá sem fram gengur í hlýðni við Orð Guðs í trú. Happa og glappa aðferðir virka ekki vilji menn vera öruggir. Engin vill enda í sporum mannsins sem mætti en var ekki í réttum klæðnaði fyrir stundina og bundinn og fleygt út í lárétrri stellingu að skipun húsráðanda:

„ Þá kallaði hann (ríki maðurinn. Innskot höfundar): Faðir Abraham, miskunna þú mér, og send Lasarus, að hann dýfi fingurgómi sínum í vatn og kæli tungu mína, því ég kvelst í þessum loga. Abraham sagði: Minnstu þess, barn, að þú hlaust þín gæði, meðan þú lifðir, og Lasarus böl á sama hátt. Nú er hann hér huggaður, en þú kvelst. „ (Lúk 16:24-25)

Við lesum um ákveðna freistingu. Ríki maðurinn skellti við skollaeyrum og taldi sér sjálfum trú um að hann þarfnast ekki hjálpræðis frá einhverjum Jesús heldur valdi að lifa í eigin ríkidæmi teljandi sjálfum sér trú um að allt væri í þessu fína lagi. Voru ekki flottar steikur og sósur á borðum og viðeigandi meðlæti á hverjum disk og vín í hverri krús og hlajandi menn og konur hvert sem litið var í veislunum sem hann var svo iðin við að halda? Og átti hann ekki nægan auð til að efna til slíkrar hátíðar hvenær sem honum sjálfum þóknaðist? Hann vissi ekki betur. En tími mannsins er mældur og dag einn rann tímaglas hans út. Og ríki maðurinn vaknaði upp við skelfilegan draum. Hann var staddur á stað sem hann trúði ekki að væri til en hafnaði samt á og gat sig hvergi hrært. Vonlaus og í vonlausum og óumbreytanlegum aðstæðum. Útrekin í ystu myrkur til eilíffar.

Að maðurinn hafnaði þar sem hann hafnaði kemur auðnum í sjálfu sér ekkert við heldur afstöðu hjartans sem annaðhvort trúir og játar Jesús Krist sem sinn frelsara eða ekki. Hinu er þó ekki að leynd að auður og auðævaoflæti manna stuðlar oft að rangri afstöðu hjartans í þessum málum. Og kemur þar freistingin og freistarinn oft við sögu.

Ríki maðurinn opnaði augu sín í Helju. Á þann veg greinir Biblían frá. Handan við óyfírstíganlega línu og óbrúanlega gjá sá hann mann sem gekk með honum í lifanda lífi sem nú blómstraði en hann sjálfur í logandi kvölum. Ákveðið ljós rann upp fyrir honum. Hann sjálfur hefði getað verið í veislunni með Lasarusi og Abraham og öllum hinum bara með því að velja hjálpræðið sem Jesús boðar og báðir þessir menn á ákveðinn hátt voru talsmenn fyrir. Hann vissi að allt var um seinan og engu hjá sér yrði breytt úr því sem komið var. Samt ber ríki maðurinn fram beiðni og fer þess á leit við Abraham að hann sendi einhvern úr dánarheimum til bræðra sinna sem aðvaraði þá til að einnig þeir skildu ekki lenda þar sem hann sjálfur var niðurkominn. Lífsmáti bræðranna gaf sína vísbendingu þar um. Abraham spyr hvort þeir hlusti á Móse. Ríki maðurinn kvað nei við. Abraham bendir honum þá á að úr því að þeir geri það ekki sé tóm mál að senda einhvern þaðan til bræðranna. Þeir muni hvort eð er ekki heldur trú þessum sendiboða.

Sagan um ríka manninn sem vaknaði í Helju er skelfileg frásögn en er sönn og sett fram til að aðvara mann og konu. Núna er tími iðrunarinnar og afturhvarfsins til Jesús Krists hins krossfesta og upprisna Konung konunga og Drottinn drottna.

Munum að ríki maðurinn lenti þar sem hann hafnaði meðal annars vegna freistinganna sem komu og hann stóð ekki í gegn með neinum hætti heldur lét þær flæða yfir sig eins og verkast vildi hverju sinni og naut unaðar syndarinnar sem þó varði aðeins skamma stund miðað við eilíffina sem framundan var hjá honum í Helju. Hann hugsaði ekki um hag annarra. Fársjúkur Lasarus sem oft lá við dyr hans var fyrir honum ekki annað en hundur og lýti. Hann hugsaði ekki heldur um Jesús. Ekki heldur um það sem við tæki eftir dauðann sem þó mætti honum og birti honum skelfilegan sannleikann sem Jesús kom til að forða mönnum undan. Já, og einnig ríka mannum.

Jesús kennir að holdið gangi gegn vilja Guðs. Og menn skulu vita og fest sér kyrfilega í minni að Jesús kennir mönnum sannleikann og vill ekki þurfa að standa í því að láta binda menn og varpa út í dýpstu myrkur en mun samt gera. Það sem hann talar meinar hann. Orð hans gilda. Menn geta tekið

Orð út úr Biblíunni og búið til kenningar sem heimila syndina. En Orðið gildir eins og Guð setti það fram og Orðið mun á endanum tala og dæma synd mannsins, hverja sem er.

Að elska Jesús er ekki svo erfitt. Sérílagi þegar haft er til hliðsjónar að maðurinn reynir aldrei frá honum neitt nema gott eitt, kærleika og trúfesti. Gildir þá einu hvernig maðurinn sjálfur er. Satt að segja þá er kærleikur Krists alveg ótrúelgur. Hann sem daglega þarf að umbera fráhrarf mannsins og stöðuga synd hans velur fyrir sig sjálfan að bara elska, fyrirgefa og gleyma þegar maðurinn á í hlut og bíður sínu fólki að gera hið sama og elska náungann án skilyrða. Að elska náungann er manningnum erfiðara heldur en að elska Jesús:

„ Vísu mér veg þinn, Drottinn, lát mig ganga í sannleika þínum, gef mér heilt hjarta, að ég tigni nafn þitt. Ég vil lofa þig, Drottinn, Guð minn, af öllu hjarta og heiðra nafn þitt að eilífu, því að miskunn þín er mikil við mig, og þú hefir frelsað sál mína frá djúpi Heljar. Ofstopamenn hefjast gegn mér, ó Guð, og hópur ofríkismanna sækist eftir lífi mínu, eigi hafa þeir þig fyrir augum. En þú, Drottinn, ert miskunnsamur og líknsamur Guð, þolinmóður og gæskuríkur og harla trúfastur. Snú þér að mér og ver mér náðugur, veit þjóni þínum kraft þinn og hjálpa syni ambáttar þinnar. „ (Sálm 86:11-16)

Davíð bíður Drottinn um leiðsögn. Hann gerir sér grein fyrir því að sjálfur gæti hann ratað í raunir en með Drottni fari allt vel og hann heill í höfn án skandals og smánar sem svo oft mætir manningnum sem fer sínar eigin leiðir og gengur fram í sínum eigin holdi, tærður og blekkur af eigin girnd sem þrífst og veltist um í syndinni sem Satan svo notfærir sér út í ystu æsar uns maðurinn er kominn út í enn eitt öngstrætið með jafnvel allar brýr að baki sér brotnar og hrópið upp til himins hið eina sem eftir er. Freisting sem nær tókum á fólki nærast af girndinni sem í hverjum manni býr. Girndin er gríðarlega afl sem maðurinn þarf að gæta sín á. Í henni býr og blekking sem gersamlega lokar á alla skynsemi mannsins og að seðja sína girnd verður eina skýra hugsunin:

„ Sæll er sá maður, sem stenst freistingu, því að þegar hann hefur reynst hæfur mun hann öðlast kórónu lífsins, sem Guð hefur heitið þeim er elska hann. Enginn má segja, er hann verður fyrir freistingu: Guð freistar mín. Guð getur eigi orðið fyrir freistingu af hinu illa, enda freistar hann sjálfur einskis manns. Það er eigin girnd, sem freistar sérhvers manns og dregur hann og tælir. „ (Jak 1:12-14)

Hver maður sem gengur í burt frá sinni freistingu skal vita að með framferði sinni og góðri breytni hefur hann forðað sér og sínum frá margvíslegu tjóni. Og nafn Drottins lyftist upp og gefur manningnum gríðarlega blessun sem þannig stóðst og sigraði um leið sjálfan sig. Drottinn verðlaunar manningnum sem gengur sigri hrósandi frá án þess að detta í pyttinn sem freistingin hefði skellt honum ofan í og dýft á bólakaf með einu skrefi lengra. Víst er um það.

Samt skal mikilvægt atriði haft í huga að þótt maðurinn standist ekki freistingu og gangi inn um þær afleitu dyr hefur hann samt leið að Kristi. En núna í gegnum iðrunina og sína „ U " beygju. Það er sú leið sem Drottinn gefur. Og eins og áður eru engar hjáleirir til þegar Orð Drottins er annars vegar. Engin verk sama hversu góð og yndisleg þau eru fá komið í stað sannrar trúar og iðrunnar og viðsnúningsins sem iðrunin kallar fram. Guð er fyrirgefandi Guð og gefur manningnum upplýsingar sem óhætt er að fylgja og fara eftir vilji hann komast aftur að kjötkötlunum sem Guð er með og ætlar manningnum að standa við og eta af sjálfum sér til blessunar.

Náð mín nægir þér.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Jesús spyr:

„ Hvað stoðar það manninn að eignast allan heiminn og fyrirgjöra sálu sinni? Eða hvað gæti maður látið til endurgjalds fyrir sálu sína? „ (Matt 16:26)

Þessi spurning er skiljanleg sé hún skoðuð í réttu ljósi og skoðandinn geri sér grein fyrir því að aðilinn sem talar svona veit um hvað málið snýst. Veit að eitt sinn liggur fyrir manningnum að deyja og eftir það að taka út sinn dóm. Veit að maðurinn tekur ekkert með sér yfir móðuna miklu sem hann hefur stritað fyrir á jörðina. Ekki heldur þótt viðkomandi hafi gert streð sitt og árangur erfiðisins að sínum eigin guði og herra sem hann svo tilbað og tignaði. Veit að maðurinn kom nakinn til jarðarinnar og mun fara nakin aftur burt af henni. Allslaus. Eignir hans verða eftir á jörðinni öðrum til gagns eða ógagns. Á öldum áður var það til siðs að leggja verðmæti með tignarmönnum í kistuna áður en þeir voru jarðsettir. Mörgum öldum síðar komu svo fornleifafræðingar að gröfinni og byrjuðu að grafa og fundu bein látins manns og jarðnesk verðmæti hans sem hvergi fóru. Þau urðu eftir bara til að morkna og skemmast. Menn trúa allskonar hlutum. En trúa þeir sannleikanum?:

„ Verið miskunnsamir, eins og faðir yðar er miskunnsamur. „ (Lúk 6:36) - eru skilaboð og kennsla frá meistaranum sem gengið hefur niður kynslóðirnar sem hver og ein þarf á eftir að taka afstöðu til.

Jesús er miskunnsamur og fús til að fyrirgefa syndir mannsins. Hve margar sem syndirnar eru og voðalegar verða þær manningnum fyrirgefnar. Þarna kemur glögglega fram yfirflæðandi kærleikur Krists sem er tilbúinn til að gera þetta þótt hann viti um öll voðalegu verkin sem menn fremja hverjir gegn öðrum á miskunnarlausan og vægðarlausan hátt.

Biblían kennir að til sé synd í heiminum og einnig að syndin sé að þeir - það er menn – trúa ekki Mannsyninum. Samkvæmt þessu er stærsta syndin að trúa ekki Orðum Jesús. Og sé horft svona á málið kemur í ljós að allt mannkyn er sekt andspænis honum sem öllu ræður og síðastur talar á þessari jörð.

Spyrja má hver af okkur hafi trúað að fyrri bragði? Hver af okkur hafi ekki hent gaman að Guðs Orði eða verið að fullu þátttakandi þar sem slík ósvina fór fram á einhverjum tímapunkti í lífinu? Hver af okkur hafi ekki syndgað án þess að blikna né roðna eða hugsað frekar út í það sem við framkvæmdum? Segir ekki Drottinn sjálfur að hann fari með þá í bóndabeygju inn í sitt hús, eða dragi þá, réttara sagt? Til að byrja með er engin maður að leita að Drottni. En svo heyrði hann talað um Orðið sem kveikti hjá honum hugsanir sem hann fór að velta meira fyrir sér og eitthvað fæddist fram í hjartanu sem áður var honum þvættingur og aðhlátursefni í vinalópnum.

Skyndilega, eins og hendi væri veifað, birtist Drottinn honum í dýrð og gerði háðan sér. Í þá jákvæðum skilningi. Þetta heitir á máli kristninnar að endurfæðast, frelsast. Og enn í dag spyr heimurinn : „ Hvað er að frelsast? " - í jafn mikilli forundran og áður.

Þegar svo öll þessi synd líkst upp fyrir nýfrjálsum manningnum og hann gerir sér grein fyrir því að hann var að fullu þátttakandi í henni og á hvaða vegi hann raunverulega var vaknar hjá honum mikill ábyrgðarkennd og þakklæti til lifandi Guðs fyrir að hafa dregið sig úr öllu þessu myrkri. Og maðurinn þrýstir sér nær Drottni og vill ekki fyrir nokkurn mun fjarlægjast hann á nýjan leik. Eftir frelsunina veit hann hvað er framundan og hann vill fylgja blessuninni sem honum stendur til boða.

Þetta veit Drottinn og þess vegna má líka vel halda því fram að hann geri manninn háðan sér. Maðurinn vill ekki lenda þar sem hann áður var og taldi vera sjálfsagt og eðlilegt líf:

„ Þegar ég er farinn burt og hef búið yður stað, kem ég aftur og tek yður til mín, svo að þér séuð einnig þar sem ég er. Veginn þangað, sem ég fer, þekkið þér. „ (Jóh 14:3-4) – Drottinn veit langanir mannsins. Veit að hann vill dvelja og vera þar sem Drottinn er eftir að kynni hafa tekist. Drottinn sjálfur þráir ekkert frekar en að hafa manninn í sínu ranni.

Munum! Manninum var rænt frá Guði á sínum tíma. Þetta rán hefur oft verið kallað „ Syndafallið.. Ránið sem þarna átti sér stað var sérstakt að því leiti til að það snéri að hjartanu, þaðan sem allar hugsanir mannsins koma. Ræninginn rændi með öðrum orðum stjórnstöðvunum. Satan vissi frá upphafi hvað hann þyrfti til að stjórna vilja mannsins. Við frelsunina hrekkst þjófurinn út og Drottinn yfirtekur á nýjan leik þessar stjórnstöðvar, eign sína, en gefur manninum fullt frelsi að sínu leiti. Í Guði er maðurinn frjáls sem hann ekki var undir hæli þjófsins. Því má vel halda fram að Drottinn geri manninn háðan sér og honum ljóst að gangan með og við hlið sér sé honum sjálfum fyrir bestu. Ekki af nauðung heldur í frelsi. Það er vilji Drottins. Að mannleg viska hans geti leitt hann út í ógöngur og út af veginum sem hann komst á við endurfæðinguna. Sem ekki þarf svo sem að rökstyðja sérstaklega mikið. Allir þekkja söguna á eigin skinni og geta litið á verkinn allt í kringum sig. Hálfkaraðar byggingar og hreyfingarlausir byggingarkranar sem vindurinn einn leikur um og skekur örlítið í snörpum vindhviðum. Ákveðin eyðilegging hefur átt sér stað.

Biblían, bænin, kennslan, predikunin, samfélagið. Allt eru þetta lykjar til að haldast við þar sem maðurinn þráir að vera í sínu hjarta. Og þarna er ekki rúm fyrir hégómlegar hugsanir og þælingar. Trúin er ábyrgðarhluti sem menn skuli ekki gantast með heldur taka alvarlega. Vitandi sem er að sjálft lífið liggur við. Sannleikurinn talar sínu máli. Sannleikurinn svínbeygir engan manna. Enda ekki verk sannleikans sem talar til frjálsborins manns sem vegur og metur sjálfur það sem hann meðtekur.

Satan getur sannfært manninn um eitt og annað. En málið er að hann matar manneskjuna ávallt á lygum til að koma sínu fram. Satan er eigingjarn. Satan er illur og lúmskur fugl. Sannfæring sem þannig verður til hjá manninum byggist frá upphafi á röngum forsendum og verkin verða eins. Djöfulleg, mannskemmandi og í versta falli óhugnanleg. Lygarnar fæða aldrei af sér sannleika, þótt þær á síðari stigum kunni að leiða manninn til hans. Það er annað mál. Þar kemur náð Drottins til skjalanna. Í rústunum með allar brýr brotnar að baki sér nær hann stundum að koma vitinu fyrir manneskjuna. takið eftir - stundum. Ekki er sjálfgefið að jafnvel á þessum stað mitt í rústunum að Guð nái til manna. En náð Guðs flæðir yfir. Hún er örugg og manninum ætluð.

Undir náðinni er dauðinn er ekki lengur ógn. Jesús er orðin fyrir manninum svar en ekki framar aðhlátursefni og eitthvað til að grínast með í hópi annarra syndara á drýgindalegan hátt. Enda ekki lengur undir hæli syndarinnar heldur lifir hann framvegis sem fyrirgefnum manni með sama rétt og önnur börn Guðs. Hið eilífa líf er hlutskipti hins endurfædda og daglegur sigur með Jesús. Réttur Guðs barna er víðtækur sem Satan skelfist og flýr undan. Nýtt er orðið til í hjarta mannsins. Gildir einu hver eða hvað hann áður var. Náð Drottins kemur þessu til vegar og hefur ekkert með manninn sjálfan að gera. Hann einvörðungu þáði sína náð og hún veittist honum endurgjalds- og fyrirhafnarlaust.

Maðurinn fæðist inn í syndugan heim og þarf frá fæðingu á frelsi Drottins að halda. Sem og er ástæðan fyrir að enn er stundað trúboð. Enn er náðartími. Kann að vera að mönnum finnist þetta óréttlátt. Og er þá átt við að vera í syndum þegar frá fæðingu. Þá skal haft í huga að Guð hefur talað og að Orðin hans gilda. Adam og Eva gengu til liðs við fagurgala óvinarins og hefur ákvörðun þeirra, því að ákvörðun, val, var þetta, bitnað á mannkyninu allar götur síðan og fylgt því. Og enn berja menn hverjir á öðrum hvenær sem slíku verður við komið og kæra hverja aðra. Dómsalirnir eru fullir af óafgreiddum málum sem bíða niðurstöðu dómaraanna sem um málin fjalla. Engin miskunn. Engin

eftirgjöf. Hefnd , hefnd, hefnd. Blóð skal renna. Og bræður berast á banaspjótum og höfða mál fyrir mannlegum dómþingum:

„ **Ég segi það yður til blygðunar. Er þá enginn vitur til á meðal yðar, sem skorið geti úr málum milli bræðra? Í stað þess á bróðir í máli við bróður og það fyrir vantrúuðum!** „ (1Kor 6:5-6)
Páll bendir á það sem hann varð vitni að. Og honum mislíkar stórlega.

Náð mín nægir þér – segir Drottinn og Guð gefi okkur að skilja með réttum hætti hvað í þessum orðum fellst. Drottinn þekkir vorn breyskleika. Spyrja má hver af okkur fengi staðist ef náðar lifandi og kærleiksríks Guðs nyti ekki við?

Þeir sem eru hólpnir í Guði eru það ekki vegna eigin verðleika og getu eða að þeir séu betri heldur en annað fólk. Eina sem þarna á sér stað er náð og miskunn Jesú sem frelsar hvern sem hann sjálfur vill. Engin maður hefur neitt um það að segja hver fær aðgang að ríki Jesús. Jesús velur einn inn í sitt hús. Ólíklegt væri að ég og þú værum þá frjálsir menn í dag og lifðum með Jesús ef menn réðu einhverju um það hverjir kæmst inn. Telja má að menn séu þessu sammála.

Lærisveinar hans á öllum tímum tala út Orðið. Það er hið eina sem þeir fá gert í stöðunni. En þeir mega trúa því að gagn sé að boðuninni og að Orðið komi ekki tóm til baka. Þetta gefur boðuninni byr undir báða vængi og hún heldur áfram að breiðast út. Alltaf bætist við nýtt fólk í hópinn sem undirstrikar gagnsemi boðunarinnar. Hún má ekki hætta og verður að halda áfram. Drottinn einn gefur uppskeruna og svo vöxtinn. Menn geta ekki horft yfir hjörðina sem slíka með réttum hætti nema eiga til nægan kærleika sem þá breiðir yfir brestina sem við blasa.

Ósætti grípur um sig og einum finnst að sér vegið og hann ekki hljóta skilninginn sem hann telur sig eiga rétt á. Allskonar hlutir gerast í samfélögunum sem draga úr mættinum sem annars væri til staðar ef allar hendur ynnu saman sem tvær hendur væru og hugur einn. Allt í söfnuðinum ætti að snúast um boðunina og að sækja hann sem týndur er en minna um innviði samfélagsins. Drottinn hlúir að því og sér um málin en getur samt lent í basli með þetta séu menn ekki samstíga og einhuga. Hann þarf að vita hvað menn vilji gera til að getað hafist handa. Hver maður sé því á sínum stað og viti hver köllun sín er.

Engin á neitt í söfnuðinum. Ekki heldur hann eða hún sem lengi hefur starfað og alltaf verið tiltæk/ur þegar eitthvað þarf að gera. Vinna mín gefur mér engan eignarrétt þarna. Ég fæ mína blessun og má vel líta á hana sem vora greiðslu. Ef ég vill. Allur eignarréttur er og verður áfram hjá Jesús. Og þar viljum við líka hafa hann. Jesús einn er réttlátur og gerir bara rétta hluti. Allir menn eru breyskir og oft á tíðum líka brokkgengir. Þið vitið - út og suður fólk og tilbúið í spretthlaup þegar að þrengir. - Ekki satt?

Já - kristnir kunna að væla. Þeir kunna að skæla. Þeir kunna að bera sig illa. Oft finnst þeim óskaplega erfitt allt sem þeir fást við. Svo biður hinn frelsaði bæn til Guðs þar sem öll umkvörtunarefnin eru lögð fram fyrir hann. Eina svarið sem manneskjan kannski fær er þetta:

„ **Og hann hefur svarað mér: Náð mín nægir þér; því að mátturinn fullkomnast í veikleika. Því vil ég helst hrósa mér af veikleika mínum, til þess að kraftur Krists megi taka sér bústað í mér.** „ (2Kor 12:9)

Páll sættir sig við svarið frá Guði og gerir sér grein fyrir veikleika sínum og að hann geti fallið ofan í hyl sjálfsvorkunnarinnar gæti hann ekki að sér og leyfi huganum að leika frjálsum inn í höfðinu. Allt slíkt er vís leið til að byrja að horfa röngum augum á kringumstæðurnar og láta sér fallast hendur og gleyma þá Orðum frelsarans:

„ Jesús sagði: Sannlega segi ég yður, að enginn hefur yfirgefið heimili, bræður eða systur, móður eða föður, börn eða akra vegna mín og fagnaðarerindisins, án þess að hann fái hundraðfalt aftur, nú á þessum tíma heimili, bræður og systur, mæður, börn og akra, jafnframt ofsóknum, og í hinum komandi heimi eilíft líf. „ (Mark 10:29-30) - Engin sem gengur til liðs við Jesús bíður skarðan hlut frá borði. Allir sem koma öðlast og ganga um í krafti sem Heilagur Andi gefur manneskjinni. Að kvarta yfir hlutskipti sínu í Jesús er ekki viðeigandi hjá manni eða konu sem hefur að gjöf eilíft líf og Heilagann Anda sem leiðbeinir henni framhjá skerjum og áföllum.

Að fá „ Náð mín nægir þér „ - sem sitt bænasvar frá Guði gæti reynst manningnum við fyrstu sýn sem blaut tuska í andlitið og allskonar spurningar vakna hjá honum:

„ Veit Guð ekki hvernig mér líður? Veit hann ekki hversu erfið og þung ganga mín er og hefur verið síðastliðna daga? Já, í margar vikur? Mörg ár? Veit hann ekki um allt óréttlætið sem ég hef verið beitt/ur. Um alla þá sem hafa horfið af vellinum og skilið mig eina/n eftir? Um þá sem komu ekki og hugguðu mig í erfiðleikum mínum er ég þurfti svo sannarlega á huggun að halda? „ Náð mín nægir þér. „ Hverslags eiginlega er þetta? Ég er bara farinn. Læt mig bara hverfa. Flúinn. Og hana nú, - Svona eru pælingarnar í of mörgum tilvikum hjá fólki. Það áttar sig ekki á staðnum sem hugurinn hefur komið því á að hann er varhugaverður staður sem fyllsta ástæða var til að stoppa við á og ígrunda stöðuna frá nýjum sjónarhóli.

Ekki er við Guð að sakast. Hann hefur gert allt tilbúið fyrir manninn til að honum megi líða sem best í sínu húsi. Hann þekkir alla okkar sögu frá upphafi vega til dagsins í dag. Ástand þitt eða mitt breytir ekki Orðum hans og það sem hann vil við mig og þig segja inn í okkar oft aumlegu vangaveltur, fóðraðar af sjálfsvorkunn. Heimurinn er fullur af sjálfsvorkunn og hluti kirkjunnar einnig. Flestir detta ofan í fúlan pytt sjálfsvorkunnarinnar á einhverjum tímamarki lífsins. Þá er málið að rífa sem fyrst upp aftur, og við, menn og konur Drottins, þekkjum leiðina og rötum út. Leiðin er í gegnum Orð Guðs. Til er fær leið út úr versta væli. Þetta er mikilvægt að hafa í huga og gleyma ekki. Engin veit hvenær kringumstæður mannsins verða á þann veg að auðvelt er að falla í gryfju sjálfsvorkunnar og volæðis og þurfa að taka sér taki og rífa sig frá einhverju sem hann hefur dottið inn um.

„ **Náð mín nægir þér** „ – segir Drottinn. Svo hættu öllu væli minn kæri vin og byrjaðu að gleðjast og þakka. Já, einnig yfir fólkinu sem þú átt og mátt umgangast í söfnuðinum sem Drottinn hefur plantað þér í að eigin ráði. Þar er fólkið sem þú átt samleið með. Þar er fólkið sem hefur svipaðan þankagang og þú sjálf/ur hefur. Þar er fólkið sem þú getur lynt við.

Þótt við elskum allt fólk þá erum við samt ólík og okkur gengur betur að starfa með þessari manneskju heldur en hinni. Svona bara er þetta og nokkuð sem Kristur veit af og velur saman hópana með tilliti til þessa til að minnka líkurnar á að upp rísi ágreiningur í söfnuðinum um til að mynda keisarans skegg eða hvort hljómborðið eigi að vera til hægra megin eða vinstra megin á sviðinu og annan hégóma. Málið er að vera sáttur við það sem er og fús til verka þar sem þörf er og kunnáttan nýtur sín. Ekki til að þóknast mönnum heldur honum sem er náðarríkur og elskar menn Jesús Kristi.

Að þjóna Drottni af öllu sínu hjarta, huga og mætti gerir að verkum að menn ausa ekki í botnlausu tunnu heldur er árangur af verki þeirra. Kannski ekki alltaf öllum sýnilegur en Guð sér það sem maðurinn sér ekki. Og það sem vakti athygli hans og gladdi hjarta Drottins kom kannski ekki upp í hjarta nema örfárra manna. Kannski bara eins manns. Hlýðni við Orð Guðs er betri heldur en fórnir. Þetta er eitt af því sem heldur boðuninni á lofti og fullvissar trúboðann og Guðsmanninn um að gagn sé að.

En hvað merkja þessi möggnuðu Orð „**Náð mín nægir þér?** " Allt. Gjörgæslu, vernd, fæði og klæði, samfélag bræðra og systra, bænsvör, lækningu þegar veikindi og sjúkdómar herja á, samheldni, frið, lausnir inn í hverskyns vanda, vernd barnanna, vernd fjölskyldunnar, vernd inn í hjónabandið,

verndað heimili. Bara nefndu það. Allt sem maðurinn þarfnast til að getað lifað góðu lífi og gengið um sem upprétt manneskja fellst í orðunum: „ Náð mín nægir þér. „ Gerum lífið skemmtilegt. Stöndum saman. Trúum og treystum lifandi Guði.

Til þess að náðin virki eins og Guð vill að hún virki er eitt nauðsýnlegt. Maðurinn, ég og þú, þarf trú. Hann þarf að treysta Jesús í blindni. Ekkert minna dugir. Þar sem engin trú er getur maðurinn ekki vænst leiðsagnar Drottins þótt möguleiki sé á. Guð er góður Guð, miskunnsamur og náðarríkur:

„ En án trúar er ógerlegt að þóknast honum, því að sá, sem gengur fram fyrir Guð, verður að trúá því, að hann sé til og að hann umbuni þeim, er hans leita. „ (Heb 11:6)

Sakamaðurinn sem hlotið hefur dóm skilur vel hvað orðið náð merkir fyrir sig er hann gengur út um fangelsishliðið frjáls maður. Hann veit að náðin leiddi hann út og á vit frelsisins fyrir utan. Átti hann náðina skilið? Sannarlega ekki. En ef náðin hefði ekki komið til væri ekki um neitt annað að ræða fyrir hann nema afplána sinn dóm. Náðin ógildir dómsuppkvaðninguna. Ekki getur hver sem er ógilt það sem dómstólarnir hafa endanlega kveðið upp úr með heldur sá einn sem er gefið slíkt vald.

Á krossinum á Golgata fékk Jesús þetta vald sem og var staðfest af Föðurnum með uppstigningunni, er skýið haldi hann að nokkrum lærisveinum ásjáandi og hann tók sitt sæti við hægri hönd Föðurins.

Dómurinn er uppkveðinn. Allir menn fæðast inn í syndina og eru sjálfkrafa undir þessum ægilega og miskunnarlausu dómi syndarinnar sem dregur hvert mannsbarn fram af hengifluginu og niður í dýpsta myrkur, þar sem verður grátur og gnístran tanna. Og hið skelfilega og ægilega við þetta er sá sannleikur að hér er afl sem gerir allt sem það getur til að menn verði ekki hólpnir heldur sogist að brúninni í blindni og steypist svo niður í hyldýpið án þess að ugga að sér né leyfa einni einustu aðvörunarbjöllu að hringja sem hugsanlega gæti vakið manninn.

Margir í dag eru uppteknari við hégómlega hluti heldur en að bjarga sinni eigin sálu og gera hólpna í trú á Jesús. Þeir sem harma missi sinn vegna hruns bankanna eru uppteknari við sinn missi heldur en að huga að sálartetrinu sem þó lifir eilíflega annaðhvort hjá Guði eða á staðnum sem myrkið á heima og gráturinn og gnístran tannanna er, sem nístir merg og bein:

„ Þar verður grátur og gnístran tanna, er þér sjáið Abraham, Ísak og Jakob og alla spámennina í Guðs ríki, en yður út rekna. „ (Lúk 13:28) Ekki endilega mjög uppbyggilegt en samt nauðsýnlegt að hugleiða til að brýna sig sjálfa/n til að taka trú sína alvarlega og skilja betur það sem maður á og ríghalda svo í klæðafald Jesús. Ekkert er sjálfgefið. Ekkert viðhelst af sjálfu sér. Allt viðhald er vegna þess að menn brettu upp ermar og gerðu það sem þurfti Eins er með trúna. Án eðlilegs viðhalds hlýtur hún að morkna og að engu verða. Okkar er valið. Förum vel með gjafir Guðs. Þær eru enda verðar og einkar ganglegar fyrir líf mannsins.

Að til sé náð inn í þessa ægilegu dómsuppkvaðningu og ægilega afl sem afvegaleiðir svo marga er kraftaverk sem lýsir góðsemi og elsku Drottins og segir með öruggum hætti að hann gerði sitt til að bjarga mannkyninu frá glötun og vill ekki að nokkur maður glatist heldur að allir menn verði hólpnir og komist til þekkingar á sannleikanum:

„ Og hann hefur svarað mér: Náð mín nægir þér; því að mátturinn fullkomnast í veikleika. Því vil ég helst hrósa mér af veikleika mínum, til þess að kraftur Krists megi taka sér bústað í mér. „ (2Kor 12:9)

Sunnudagaskólinn er mikilvægur. Hann ber að efla.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Þegar barn fæðist er Guð með fullbúið plan fyrir líf barnsins sem hann vill að taki sem fyrst gildi. Játunin er fyrsta skrefið. Eftir að játunin er kominn er unnt að hrinda áætluninni í framkvæmd. Játunin sendir yfirlýsingu inn í andaheiminn um að Jesús eigi þessa manneskju. Þetta felur játunin í sér sem illu andarnir verða að taka mark á og geta ekki eftir það horft framhjá. Ákveðin verndarhjúpur er nú kominn yfir manneskjuna og maðurinn öðlast sína öruggu vernd sem Jesús gefur engin fyrirmæli um að skuli rofin. Hvort skarð komi skjöldinn er alfarið á valdi einstaklingsins sjálfs og bendir á mikilvægi Orðsins og kennslunnar sem eggjar okkur á að haldast vakandi á verðinum og í trúnni. Trúin þarf sem sjá má að skipta manninn öllu máli. Hún er ekki leikfang til að leika sér með.

Fólk sem tekur snemma við frelsisverkinu gerir sér fæst grein fyrir því hversu mikið gagn það er að gera sjálfu sér með ákvörðun sinni. Engin tekur svona ákvörðun fyrir aðra. Engin fær heldur synjað annarri manneskju um aðgang að Jesús þótt kannski ljón séu á veginum sem vilji hindra það að maðurinn stígi sín skref. Játun einstaklingsins í trú frá eigin munni og hjarta er það sem gildir. Annað er blekking.

Þetta afgreiðir barnaskírningina út af borðinu sem einhverja tryggingu manna fyrir himnavist. Enda einvörðungu um nafngift að ræða til að færa nafn viðkomandi aðila inn í opinberar bækur og gefa kerfinu færi á að búa til nýja kennitölu til að stofnanirnar viti hvert þær eigi að senda reikningana og yfirlitin en hefur ekkert trúarlegt gildi. Engin kemst inn í ríki Guðs nema á sínum eigin passa sem fæst með játuninni og henni einni. Að fara undir vötnin til að hið gamla verði eftir ofan í vatninu og nýtt rísi upp er sýnilegt tákni sem bæði gildir frami fyrir Guði og mönnum. Þessu eru ekki allir sammála og verða þeir þá bara að eiga það við sig sjálfa og sinn Guð - sem mun opinbera sannleikann í málinu:

„ Þá kemur Jesús frá Galíleu að Jórdan til Jóhannesar að taka skírning hjá honum. Jóhannes vildi varna honum þess og sagði: Mér er þörf að skírast af þér, og þú kemur til mín! Jesús svaraði honum: Lát það nú eftir. Þannig ber okkur að fullnægja öllu réttlæti. Og hann lét það eftir honum. „ (Matt 3:13-15)

Áfram með efnið:

„ Bel er hokinn, Nebó er boginn. Líkneski þeirra eru fengin eykjum og gripum, goðalíkneskin, sem þér áður báruð um kring, eru nú látin upp á þreyttan eyk, eins og önnur byrði. Þeir eru bæði bognir og hoknir. Þeir megna ekki að frelsa byrðina, og sjálfir hljóta þeir að fara í útleð. Hlýðið á mig, þér kynsmenn Jakobs, og allir þér, sem eftir eruð af kyni Ísraels, þér sem eruð mér á herðar lagðir allt í frá móðurkviði og ég hefi borið allt í frá móðurlífi: Allt til elliára er ég hinn sami, og ég vil bera yður, þar til er þér verðið gráir fyrir hærum. Ég hefi gjört yður, og ég skal bera yður, ég skal bera yður og frelsa. Við hvern viljið þér samlíkja mér og jafna mér? Saman við hvern viljið þér bera mig sem jafningja minn? „ (Jes 46:1-5)

Hér sjáum við að skaparinn staðfestir með óyggjandi hætti að hann sleppir ekki hendinni af manninum heldur annast hann alla sína ævi. Líka á efri árum er hár verða grá og gríðarleg ístran fyllir út í skyrtuna og þrýstir henni fram að tölur eru við að slitna af sökum strekkt tausins.

Maður sem snemma tekur sína ákvörðun um að ganga með Guði getur ekki annað en uppskorið mikla gæfu á sinni vegferð og losna við margt myrkrið sem jafnaldrar hans, margir, lenda í og bíða af tjón g er saga fjölmargra. Ekkert fær breytt Drottni og kærleika hans til mannanna barna. Orð hans standa og verndin skotheld.

Í upphafi versanna talar Guð um að Bel sé hokinn og að Nebo boginn. (Líklega guðir.) Allt ganglaust og örþreytt sem einungis bæta byrðum ofan á byrðarnar sem fyrir eru hjá mannskapnum.

En hvers vegna eru þeir hoknir og bognir? Getur verið að sú sé ástæðan að Guð var gerður útrækur og inn kom í staðinn dautt afl sem engu fékk breytt hvorki til góðs né illis í lífi einstaklinganna? Líf mannsins hafði sveigst af leið og hann fór að tilbiðja dauð líkneskin.

Er það ekki einmitt þetta sem svo oft er ástæðan fyrir ógæfu og voðatburðum að menn treysta í of miklum mæli á fallvalt leik hlutanna og þess sem þeir sjálfir hafa komið sér upp til varnar lífi og limum? En í stað þess að hljóta alvöru vernd á ögurstund sátu þeir uppi með skellinn sem hvolfdist yfir þá með öllum sínum ofur þunga? Allt vegna þess að fræðslan sem þeir leituðu í og völdu sjálfir að nota fyrir sig og sitt líf byggði ekki á sannleikanum heldur eigin hyggjuviti þótt þeir teldu sig lifa við öryggi og vera í góðu skjóli. Annað kom á daginn. Einnig saga margra.

Sumt sem menn gera - þótt í góðri trú sé - byggir hreinlega á lygum djöfulsins sem er snillingur í að blekkja. Djöfulinn og blekkingar hans eru samt ekki alltaf ástæðan. Eigin vilji og verk mannsins er þar oft eini sökudólgurinn sem eins og vitað er sér ekki lengra en það sem er að gerast í kringum hann akkúrat núna. Manninum finnst allir sínir vegir vera hreinir og tærir.

Þegar menn fara inn rangan veg gerist hið óhjákvæmilega að maðurinn bognar og verður á endanum hokinn vegna þess að röng braut endar alltaf í torfærum og svo í algerum ófærum sé ekki snúið við og rétt braut fundin. Haft skal í huga að menn fóru sína braut eins og svo oft áður án þess að nokkuð henti sem styrkti þá í sinni trú um að allt væri bara í himnalagi og þeir slökuðu á en vöknudu svo upp um síðir við þann draum að allt byggði þetta á sandi og þeir á vegi blekkingarinnar og mörg góð ár farin í vaskinn. En þá var það orðið of seint gera neitt í málunum með rústirnar og eyðilegginguna blasandi við sér á báðar hendur. Hér er verið að tala um líf mannskja sem neita að taka leiðsögn frá lifandi Guði sem sér allt til enda veraldarinnar en maðurinn aðeins augnablikið sem hann dvelur í, og ekkert meira heldur en það. Morgundagurinn er getgátan ein. Ekkert er öruggt hvað hann varðar. Ekkert. Það sanna og staðfesta hin mörgu og óvæntu atvik sem alla hendir.

En mitt í þessum hremmingum kemur Drottinn inn með sína huggun. Þessa:

„ Allt til elliára er ég hinn sami, og ég vil bera yður, þar til er þér verðið gráir fyrir hærum. Ég hefi gjört yður, og ég skal bera yður, ég skal bera yður og frelsa. „

Líkneski mannsins varð beygt og hokið í augum eiganda síns þegar honum varð ljóst algert gagnsleysið. Allt sökum þess að maðurinn valdi fyrir sjáflan sig að leita í annan fræðslusjóð og fylgdi ekki lengur leiðsögn heilnæmrar kenningarinnar frá háseti Drottins sem hann hafði fullan rétt til að nýta sér hvenær sem á þurfti að halda en gerði ekki:

„ Þá færðu menn til hans börn, að hann legði hendur yfir þau og bæði fyrir þeim, en lærisveinar hans átöldu þá. En Jesús sagði: Leyfið börnunum að koma til mín, varnið þeim eigi, því að slíkra er himnaríki. Og hann lagði hendur yfir þau og fór þaðan. „ (Matt 19:13-15)

Þetta breytir samt ekki Drottni og áformum hans með manninn. Barnið fær í vöggugjöf heilsteypta áætlun sem öll miðast við blessun og meiri blessun sérhvern dag lífsins. Engin er undanskilin. Allt fólk fær þetta undireins og það kemur út úr móðurkviðnum. Foreldranna er svo að sjá til þess að barnið hljóti kristilega fræðslu sem best býr það undir átök og vonbrigði lífsins sem öndvert gefur því visku til að bregðast rétt við kringumstæðunum. Jesús er samnefnari fyrir visku og þekkingu sem allt fólk getur nýtt sér og gengið að vísu. Aðeins þarf að stíga sín skref og þessi viska er mannsins megin í trúnni á Jesús. Jesús er sem fyrr allt sem mannanna börn þurfa.

Jesús gefur skír fyriræli um börnin að þeirra bíði Guðsríkið. Og þegar hann bíður að börnin skuli færð til sín og ekki vörnuð leiðin þá á hann við að þau fái að njóta alls þess sem hann hefur fram að færa. Hvort sem er kennsla, predikun, lofgjörð eða hvað annað sem kirkjan bíður söfnuðinum. Börnin eru ekki bara grunnurinn að framtíð þjóðarinnar heldur líka kirkjunnar. Án þekkingar barnanna og réttar andlegrar næringar sem er framborinn á réttum stöðum og á réttan hátt þeim til handa er ákveðinni hættu boðið heim og framtíðin verður óljós um margt sem snýr að trúnni. Kynslóð sem kemst ekki í rétta snertingu við fagnaðarerindið missir af mörgu sem fagnaðarerindið hefur fram að færa og hefur bakað sér stóreflis tjón sem mun sjást í óæskilegri hegðun og öðrum þáttum sem okkur kanna að mislíka og jafnvel skelfast.

Allt fólk er skapað til að eiga sitt privat samfélag við hann sem býr og lifir á himnum og er skapari allra hluta. Þverskallist maðurinn gerist hið óhjákvæmilega að eitthvað í honum nær ekki að fyllast og fá sinn eðlilega þroska og maðurinn byrjar að reyna að fylla upp í þennan tómleika með eigin aðferðum en getur ekki. Heilagur Andi er hið eina sem fær breytt tómleika hjartans yfir í fyllingu. Heilögum Anda er ætlaður staður í öllum mönnum sem engu öðrum mun takast að fylla upp í. Kynlíf? Nei. Dóþ? Nei. Fjármagn? Nei. Flott föt og fínir bílar? Nei. Margar og miklar eignir? Nei. Ófáar utanlandsferðir á fínnum hótelum? Nei. Ekkert nema frelsisverkið sem Jesús vann á krossinum og gjöf Heilags Anda fær gefið mannum sanna fyllingu. Allt fólk gengur því með hluta af sér sjálfu tómmt uns Jesús mætir á svæðið. Sem og undirstrikar það hversu brýnt er að segja barninu frá Jesús til að þá fái sem fyrst sinn valmöguleika og geti þá fyllst Heilögum Anda eins og allir menn ættu að þrá að eignast en of fáir þó hirða um.

Engin getur þvingað manninn til að fylgja Jesús. Engin ber manninn til trúar.

Það sem menn í annan stað geta gert er að leiða fólk til Jesús með eigin vitnisburði og góðri hegðun og Jesús mun taka mannum fagnandi bæði unga og gamla: „*Ekki með valdi né krafti, heldur fyrir anda minn,* „ - segir Drottinn eitthvað á þessa leið á einum stað. Enda ekki vilji frelsarans að menn framgangi með frekju gagnvart öðru fólk er kemur að þessum málum. Trúmál eru og verða áfram viðkvæm mál sem þarf að umgangast með næmni og visku sem Drottinn sér um að gefa fólk sem hann sendir út á sinn akur. Kærleikur Krists gengur frá þessu borði með sigurinn í höndum sér.

Fræðslan gangi út hvort sem er til barnanna eða hina fullorönu. Það er afdráttarlaus vilji Drottins. Allt hefur þetta sinn tilgang og eflir Guðsríkið á jörðinni og vinnur sálir inn í þetta ríki. Sem er lokatakmark boðunarinnar og fagnaðarerindisins.

Sum börn taka við Jesús mjög ung og vitna um gjöf sína. Vitnisburðurinn heldur áfram á unglingsaldri og heyrir mörgum sinnum á æviferlinum. Erfitt er fyrir manninn að gleyma svo stórfenglegum atburði í sínu lífi sem frelsunarverkið er og lifir vitnisburðurinn því ferskur í hjartanu á meðan manneskjan dregur andann. Útilokað er að fólk gleymi svo stóri stund. Eftir áratugi er atburðurinn jafn ungur í minningunni eins og gerst hafi í gær.

Hitt er rétt að ekki dugir að frambera fyrir barnið á sama hátt og fulloröna. Barnið krefst ávallt sinnar eigin dagskrár sem margir söfnuðir gera snilldarlega og eiga mikinn heiður skilinn fyrir. Í því samhengi væri hægt að nefna nöfn og fleiri en eitt og fleiri en tvö. Að sinna barnstarfi í kirkju er göfugt verk með mikið uppeldislegt gildi fyrir framtíðina sem barnið mun lengi búa að.

Af þessu fáum við séð að menn sem vilja hindra barnið sitt í að þiggja kristilega fræðslu svo ungt eru um leið að ræna barninu mikilvægum grunni sem nýtist best í framtíðinni. Á fullorðinsárunum, þegar dökkar á dal og óvissan ein merkir allt umhverfið, grípur maðurinn í tóm og veit ekki sitt rjúkandi ráð. Engin haldbær þekking er til staðar hjá viðkomandi sem hægt er að nota á ögurstundinni sem allt fólk upplifir og engin sála sleppur við að þurfa takast á við. Það er þarna sem trúarvissan, frækornið og kennslan í sunnudagaskólanum kemur að hvað mestu gagni. Og menn rifja hana upp og eygja samstundis von í annars vonlausum kringumstæðum með opnum dyrum sem skyndilega komu í ljós

en voru til skamms tíma algerlega ósýnlegar. Náð Guðs kom og allt breyttist og hjartað gerðist rólegt og manneskjan gat slakað á.

Jesús er frelsari og lifir núna og vakir yfir öllu sem hann gerir. Frækorn trúarinnar er haldreipi. Frækorn sem komst inn í hjartað í sunnudagaskólanum. Trúarvitundin vikur ekki frá manneskjuni á efri árum. Orð Guðs kemur ekki tóm til baka. Orðið varðveitir manneskjuna og gefur eilíft líf. Líf sem best er fyrir manninn að eignast snemma á göngunni og helst sem barn. Svona talar Biblían. Við sem trúum vitum að Biblían er Orð Guðs og að Guð mælir ekki staðlausa stafi.

Sumir fullorðnir - kannski eru þeir margir sem svo tala - halda því fram að best sé að leyfa barninu sjálfu að taka sína ákvörðun um veginn sem það vill fara og þegar það sjálft hefur aldur og þroska til en vera ekkert að trufla það með svona fræðslu fram að þeim tíma. En á hverju á barnið þá að byggja sína ákvörðun ef ekkert hefur verið lagt inn sem gefur sína niðurstöðu? Engin kemst að sannri og góðri niðurstöðu í jafn mikilvægu máli nema hljóta áður sína fræðslu. Það segir sig sjálft.

Vissulega velur hver manneskja sinn veg. Sunnudagaskólinn einn og sér breytir ekki þessari staðreynd. Það er útilokað. En dagskráin og kennslan sem þar fór fram sem barnið fékk að sækja og sótti trúfastlega gæti verið lykill að stærstu gjöf ungiðisins sem á endanum leiddi það til Jesús og flutti úr dal dauðans og yfir á stað lífsins sem aldrei gengur á grunn. Allt sem borið er fram fyrir barnið býr til grunn hjá því í hjartanu sem það fær byggt á er ákvörðun skal taka.

Öll fræðsla byggir sinn grunn með alveg skírurum hætti. Hvernig fræðslan er og hvað er kennt er svo annað mál.

Ófært er að ganga svo frá málum að börnin okkar séu hindruð í að hljóta kristilega uppfraðslu og þannig svipta þau sínum möguleika á að taka eigin afstöðu til kristninnar byggðri á haldgóðri þekkingu. Þekkingu sem til að mynda sunnudagaskólarnir eiga að frambera. Og við vitum að sunnudagaskólinn er ætlaður og hugsaður fyrir ung börn upp að ákveðnum aldri. Þá fara þau yfir á næsta stig í kirkjunni. Sem er þá krakka- og unglingastarf. Einnig mikilvægt fyrir framtíð mannsins. Að vísa heltast þarna margir úr lestinni. En samt má gera ráð fyrir því að það sem sáð var í sunnudagaskólanum skili þeim aftur heim og eftir að skurðgoðinn urði beygð og hokinn í þeirra augum og hégóminn sýnilegur og blasandi við hvert sem litið var með sínum brostnu vonum:

„ Þegar ég var barn, talaði ég eins og barn, hugsaði eins og barn og ályktaði eins og barn. En þegar ég var orðinn fulltíða maður, lagði ég niður barnskapinn. „ (1Kor 13:11)

Að fræða barnið á unga aldri er sem sjá má mikilvægt. Svo mikilvægt reyndar að maður biður Guð um að opna augu foreldra og forráðamanna barna fyrir þessu. Sunnudagaskólarnir sem starfandi eru bæði innan þjóðkirkjunnar og í söfnuðum utan þjóðkirkjunnar vinna allir mikilvægt starf sem hlúa ber að og efla og umfram allt virða og viðurkenna sem gagnlega. Barnið verður og hefur sinn rétt á að hljóta fræðslu snemma á lífsleiðinni um Jesús. Kristur er öruggur vegur til lífshamingju.

Við vitum, sagan sjálf kennir okkur það, að sum af þessum yndislegu börnum sem hlaupa saklaus og ærslafull um tún og engi í dag munu á unglings- og fullorðinsárum verða allskonar óværu að bráð og enda í hyldýpi örvæntingarinnar nema Jesús komist sem fyrst að til að afstýra þessu og gefi inn nauðsýnlega fræðslu sem ver barnið meira en nokkuð annað fær gert. Engin ber sína framtíð utan á sér. Engin veit hvert líf einstaklingsins stefnir nema Jesús. Hann lagði allt í sölurnar og gerði allt klárt til að einstaklingur kæmist sem fyrst yfir til sín og þar inn í verndina. Maðurinn og oft rangt val hans, sumpart til komið vegna þrýstings frá félögum og sumpart vegna þrýstings og neikvæðs viðhorfs innan fjölskyldunnar, kemur í veg fyrir þessa fullkomnu vernd Jesús:

„ Ætlið ekki, að ég sé kominn að færa frið á jörð. Ég kom ekki að færa frið, heldur sverð. Ég er kominn að gjöra son andvígán föður sínum, dóttur móður sinni og tengdadóttur tengdamóður

sinni. Og heimamenn manns verða óvinir hans. Sá sem ann föður eða móður meir en mér, er mín ekki verður, og sá sem ann syni eða dóttur meir en mér, er mín ekki verður. Hver sem tekur ekki sinn kross og fylgir mér, er mín ekki verður. Sá sem ætlar að finna líf sitt, týnir því, og sá sem týnir lífi sínu mín vegna, finnur það. Sá sem tekur við yður, tekur við mér, og sá sem tekur við mér, tekur við þeim, er sendi mig. „ (Matt 10:34-40)

Foreldrar og forráðamenn barna hugleiði hvort ekki sé rétt að koma afkvæmunum fyrir í sunnudagaskóla til að þau hljóti einhverja grunnfræðslu í kristnum fræðum á réttum nótum. Börn verða nefnilega fullorðin og yfirgefa foreldrahús og þurfa þá að glíma við lífið upp á eigin spýtur og með það sem þeim var gefið og hjartað geymir. Þarna má ekki láta óviðkomandi og andsnúið fólk hafa áhrif á heldur skal Drottni treyst sem sjálfur hefur lofað að vel fyrir sjá. Svo fyrir utan það að þá er sunnudagaskólin bráðskemmtilegur staður sem börnunum kemur til með að líða vel á. Og bara það er nú einhvers virði. Ekki satt? Enda sniðin að þörfum aldurshópsins sem þangað er ætlað að koma.